



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. október 2005 – 283. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Græðgi er ekki góð

Við Vesturlandabúar „erum líka álika úrelt í ofneyslu okkar og evrópski aðallinn var áður en bylting borgarastéttarinnar og lýðræðisþróunin skall á álfunni.“ Þetta segir Gunnar Karlsson prófessor í grein í blaðinu í dag þar sem hann gagnrýnir kenningar um að græðgi sé af hinu góða.



UMRÆÐAN 26

### Íslenskur sjónvarpsraunveruleiki?

Staðfærðar útgáfur raunveruleikabátta eru að hasla sér völl í íslensku sjónvarpi. Björgólfur Guðmundsson gæti því fetað í fótspor Donalds Trump.



FÓLK 42

### Gunnlaugur í KR

Fyrirverandi fyrirlíði ÍA, Gunnlaugur Jónsson, gerði í gær þriggja ára samning við erkíjfundurna í KR. Gunnlaugur segir það ögrandi verkefni að spila með KR.

ÍPRÓTTIR 86



### VEÐRIÐ Í DAG



**BJARTVIÐRI SYÐRA** en skýjað og stöku el eða slydduél á Norður- og Austurlandi. Hiti við eða rétt yfir frostmarki að deginum, annars víðast næturfrost.

VEÐUR 4

Tilkynning

## Bensínkort og frítrygging

Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging: fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að kr. 140.000.

\*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200  
Opíu virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16

# Ágreiningur milli stjórnarflokkanna

Einkavæðing Landsvirkjunar, fjölmiðlalög, bensínstyrkur til öryrkja og virðisaukaskattur á matvæli. Allt eru þetta málefni sem stjórnarflokkunum hefur orðið sundurorða á síðustu dögum. Ein ríkisstjórn segir Siv Friðleifsdóttir.

**STJÓRN MÁL** „Heilbrigðisráðherra verður að svara því hvaða rök hann hefur fyrir afnámi bensínstyrks til öryrkja. Okkur þykir þetta ekki sérlega skynsamlegt,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks. Nokkuð hefur verið um ágreiningsmál milli stjórnarflokkanna síðustu daga og má þar nefna tillögu í fjárlögum um að leggja af bensínstyrk til öryrkja. „Það er ekkert launungarmál að mörgum okkar þótti það ekki vera rétt skref hjá heilbrigðisráðherra,“ bætir Arnbjörg við. Ólík viðhorf stjórnarflokkanna

í öðrum málum hafa einnig verið áberandi. Flokksformennirnir hafa báðir tjáð sig um einkavæðingu Landsvirkjunar, þar sem Geir Haarde gaf til kynna á landsfundi Sjálfstæðisflokksins að fljótlega yrði tímabært að huga að einkavæðingu í raforkumálum. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra telur að ekkert liggi á í þeim efnum.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, segir Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra vera að fara yfir málefni öryrkja. „Hann hefur hefur átt viðræður við Öryrkjabandalagið og mun hafa þær til hliðsjónar áður en

fjárlagafrumvarpið verður að lögum,“ segir Siv.

„Það er ljóst að við erum þeirrar skoðunar að ástandið á fjölmiðla- markaðnum sé þannig að einhverjar reglur verði að koma til,“ segir Arnbjörg Sveinsdóttir. Frumvarp að fjölmiðlalögum er enn eitt bitbeinið milli flokkanna þar sem sjálfstæðismenn vilja setja strangari takmarkanir við eignarhald en mælt var með í skýrslu þverpólitískrar nefndar í fyrra. Halldór Ásgrímsson segir að hann gangi út frá því að skýrsla nefndarinnar verði höfð til grundvallar frumvarpi til fjölmiðlalaga.

-saj



GEIR H. HAARDE Utanríkisráðherra segir vonbrigði að málin skyldu ekki ná lengra.

Varnarsamningurinn:

## Hætt við fund

**STJÓRN MÁL** Ekkert varð af fyrirhuguðum fundi íslensku og bandarísku samninganefndanna í gær um endurskoðun varnarsamningsins. Fundinn átti að halda í Bandaríkjunum og var íslenska samninganefndin farin utan.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra segir að formenn nefndanna hafi hist og metið stöðuna. „Það eru ákveðin vonbrigði að málin skyldu ekki þokast lengra að þessu sinni. Með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem talað hefur verið um er ég engu að síður vongóður um að samningar takist á næstu mánuðum,“ segir Geir.

-jh



ERFIÐUR VIÐUREIGNAR „Hver ert þú eiginlega? Ég vil vita hver þú ert,“ sagði Saddam Hussein við Rizgar Mohammed Amin dómara í gær. Saddam neitaði sjálfur að segja til nafns á upphafsdegi réttarhaldanna og var starfsmönnum dómsins að öllu leyti óþægur ljár í þúfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöldin hafin í Írak:

## Saddam lýsir yfir sakleysi

**ÍRAK** Réttarhöld yfir Saddam Hussein, fyrirverandi forseta Íraks, og sjö samverkamönnum hans hófust í Bagdad í gær en þeim er gefið að sök að hafa fyrirskipað fjöldamorð á 143 sjóm í bænum Dujail árið 1982.

Saddam lýsti sig saklausan af ákærunum og lét svo dómara fá það óþvegið þegar hann var kallaður „fyrirverandi forseti Íraks“. Jafnframt neitaði hann að segja til nafns. Þegar boðað var til réttarhlés lenti einræðisherrann fyrirverandi í útistöðum við öryggisverði.

Lögmenn Saddams fóru fram á að réttarhöldunum yfir honum yrði frestað um þrjá mánuði en dómari hafnaði þeirri kröfu og tilkynnti að málflytningur hæfist 28. nóvember. Írakar fylgdust með framgangi mála af mikilli athygli í sjónvarpi en skoðanir þeirra eru mjög skiptar á réttmæti málaferlanna.

sjá síður 4 og 20

Sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar íhuga að segja upp samningi við TR:

## Hættir að taka við sjúklingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjálfstætt starfandi hjartasérfræðingar íhuga nú að segja upp samningi við Tryggingastofnun ríkisins, að sögn Axels Sigurðssonar sem sæti á í stjórn Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna. Þeir eru farnir að stöðva bókanir þar til eftir áramót, nema mikið liggi við. Þetta á sér einnig stað í öðrum sérfræðigreinum. Þá eru sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar í þann mund að fækka viðverudögum sínum á stofu.

Ástæða þessa er sú að einingkvóti sá sem sjálfstætt starfandi sérfræðilæknar hafa, samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins, er að mestu uppurinn. Ef læknar fara fram úr þessum kvóta þurfa þeir að



LÆKNASETRIÐ Langflestir sjálfstætt starfandi hjartasérfræðingar eru með stofu í Læknasetrinu í Mjódd.

gefa TR fimmtíu prósentu afslátt af sinni vinnu.

„Málum hefur verið þannig háttáð að hafi sumar sérfræðigreinar ekki nýtt sinn kvóta að fullu þá hafa aðrar sérfræðigreinar fengið þann ónýtta kvóta,“ segir Axel. „Það sem er

óvenjulegt núna er að útreikningar benda til þess að flestar sérgreinar fullnýti kvótann og fari fram úr honum. Ákvæði í samningnum kveður á um að ef heildarkvótinn stefnir fram úr þá sé kominn á 100 prósentu afsláttur, sem þýðir að Tryggingastofnun borgar ekki krónu. Í þetta stefnir nú.“

Axel segir að Tryggingastofnun hafi sent sérfræðilæknum bréf í sumar og bent þeim á að draga úr þjónustunni þar sem stefni í óefni. Ekki sé við stofnunina að sakast, hún fari eftir samningum. Hins vegar hafi eftirspurn eftir þjónustu margra sérfræðigreina aukist verulega og læknar séu aðeins að bregðast við henni.

-jss





## SPURNING DAGSINS

Nanna, er þetta blautur draumur?

„Fyrir marga, já.“

Ný sundlaug var tekin í notkun á Patreksfirði á mánudag. Nönnu Sjöfn Pétursdóttur, skólástjóra Grunnskóla Vesturbýggðar, finnst laugin vera algjör draumur.

Atvinnuleysi á Íslandi mælist nú 1,8 prósent:

# Atvinnuleysi aldrei minna

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi á Íslandi mælist nú í sögulegu lágmarki, eða 1,8 prósent, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Aðeins einu sinni áður hefur atvinnuleysi mælist jafnlítið og var það í nóvember 1999 að sögn Lárusar Blöndal, deildarstjóra á hagstofunni.

Atvinnuleysi á Íslandi er minna en í nokkrum öðrum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins, að sögn Lárusar.

Á þriðja ársfjórðungi 2005 voru að meðaltali 2.900 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 1,8% vinnuafslisins. Atvinnuleysi mældist 1,2% hjá körlum en 2,4% hjá



**BYGGINGARVINNA** Hvergi á Evrópska efnahagssvæðinu er minna atvinnuleysi en hér.

konum. Atvinnuleysið var mest meðal fólks á aldrinum 16-24 ára, eða 3,5%. Til samanburðar mældist

atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi í fyrra 2,6%.

Fjöldi starfandi á þriðja ársfjórðungi 2005 var 164 þúsund manns og fjölgaði um sex þúsund frá sama tíma ári áður. Á vinnumarkaði voru alls 167 þúsund manns sem jafngildir 83,1% atvinnubátttöku. Atvinnubátttaka karla var 88,3 prósent en kvenna 77,7 prósent. Til þeirra sem eru á vinnumarkaði teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir.

Meðalfjöldi vinnustunda mældist 43,8 klukkustundir á viku, 48,6 klukkustundir hjá körlum en 37,4 klukkustundir hjá konum. - sda

Dóttir fær ekki makalífeyri:

## Lífeyrissjóður sýknaður

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í gær af kröfu konu á fimmtugsaldri, sem vildi fá makalífeyri látins föður síns greiddan. Konan sótti um makalífeyrinn eftir lát föður síns árið 1995, en hún hafði um árabil haldið heimili með föður sínum og annast bæði hann og heimilið.

Sjóðurinn benti á að fyrrverandi eiginkona föðursins er enn á lífi, svo hann hefði því skilið eftir sig maka samkvæmt lagaskilningi sjóðsins. Jafnframt að konan hefði ekki haft lögheimili samfelt á heimili föður síns árin áður en hann lést. - smk

Atökin í Nalchik:

## Basajev ábyrgur

**MOSKVA, AP** Shamil Basajev, leiðtogi tsjetsjenskra aðskilnaðarsinna, hefur lýst því yfir að hann hafi lagt á ráðin um árásir skæru-liða á lögreglustöðvar í borginni Nalchik í Kabardino-Balkariya héraði í síðustu viku en 137 manns dóu í átökunum.

Yfirlýsing Basajev birtist á vefsíðu sem róttækir aðskilnaðarsinnar hafa gjarnan notað en þar segir hann enn fremur að frekari árása sé að vænta.

Evrópskar vændiskonur:

## Kalla á réttindi

**BRUSSEL, AP** Á annað hundrað vændiskvenna og annarra starfsmanna kynlífsiðnaðarins í 23 aðildarríkjum Evrópusambandsins fundaði í fyrradag með Evrópuþingmönnum í Brussel.

Á fundinum kröfðust vændiskonurnar þess að ESB beitti sér fyrir að starfsstétt þeirra nyti svipaðra réttinda og skyldna og aðrar stéttir.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kostið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Segir lyfsala með hótanir

Formaður Lyfjagreiðslunefndar segir lyfsala hóta að skrúfa fyrir afslátt á lyfjaverði í kjölfar fullyrðinga um að verðlækkunar komi sjúklingum ekki til góða.

**LYFJAVERÐ** Samtök verslunar og þjónustu halda því fram að lækkun lyfjaverðs komi einungis ríkinu til góða en ekki sjúklingum. Lyfjahópur SVP gerði könnun á því að hve miklu leyti verðlækkunar á lyfjum síðastliðið ár hefðu komið sjúklingum til gagns og komst að þeirri niðurstöðu að það væri að óverulegu leyti.

„Þetta er hótun um að ef við lækkum meira þá muni þeir skrúfa fyrir afsláttinn,“ segir Páll Pétursson, formaður Lyfjagreiðslunefndar. Hann segir þetta ekkert nýtt því SVP hafi hafið þessa umræðu fyrir einu og hálfu ári þegar lækkun á lyfjaverði hófst.

„Við höfum reyndar ekki neina stjórn á þessu afsláttarkerfi lyfsalanna og vitum ekkert um það nema þegar við fáum að sjá reikninga hjá einstaka sjúklingum. Lyfsalarnir geta leikið sér með þessa afslætti eins og þeir vilja. Ótrúlegt er að þeir hafi samráð um það sín á milli að fella niður afslættina.“

Páll segir hlutverk Lyfjagreiðslunefndar vera að ákveða hámarksverð, bæði í heildsölu og smásölu, á lyfseðilsskyldum lyfjum

og dýralyfjum. Lyfsalar séu hins vegar ekki skyldugir til að fara eftir þessu verði, þeir mega bara ekki selja herra verði en lyfjaverðskráin segir til um.

„Það er rétt að Tryggingastofnun hefur hag af þessum lækkunum,“ segir Páll. „En lyfjapakinn í heild lækkar þannig að í mjög mörgum tilfellum hljóta sjúklingarnir að verða varir við þessa lækkun.“

Páll bendir á að stjórnumerkt lyf, sem flokkuð eru sem lífsnauðsynleg lyf, séu að fullu greidd af Tryggingastofnun. TR njóti allrar lækkunarinnar í þeim tilfellum. Almennungur greiðir hins vegar að hámarki 3.400 kr. á lyfseðil í svokölluðum B-merktum lyfjum og að hámarki 4.950 krónur í E-merktum lyfjum. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða að hámarki 1.050 krónur á lyfseðil í B-merktum lyfjum og að hámarki 1.375 krónur í E-merktum lyfjum.

„Á 50 ódýrustu lyfjunum sem lækkuðu 1. október 2005 er lækkun á ársgrundvelli 54 milljónir,“ segir Páll. „Þar af á að minnsta kosti helmingur að fara í vasa neyenda.“

jss@frettabladid.is



**LYFJAVERÐ** Sjúklingar hljóta að verða varir við þær verðlækkunar sem hafa orðið á lyfjum, segir formaður Lyfjagreiðslunefndar.



**BEIÐ EFTIR AÐSTÖÐ** Mörg fórnarlömb hamfaranna hafa enn enga hjálp fengið. Þessi stúlka frá Kasmír beið róleg eftir að sjúkrapylra sækti hana í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannfallið í hamförum í Pakistan:

# Talið er að 79.000 manns hafi farist

**MUZAFFARABAD, AP** Stórir eftirskjálftar riðu yfir pakistanska Kasmír í gær og fylgdu þeim skriðuföll. Nú er talið að allt að 79.000 manns hafi farist í skjálftanum mikla 8. október.

Asif Iqbal Daudazi, upplýsingamálaráðgjafi Norðvesturhéraðsins svonefnda, greindi frá því í gær að 37.958 manns hefðu látist í hamförum fyrr í mánuðinum. Þá upplýstu stjórnvöld í pakistanska Kasmír að í það minnsta fjórtíu þúsund manns hefðu farist þar. Þegar við bætast þeir sem létust í Indlandi er ljóst

að fjöldi látinna slagar nú hátt í áttaþúsund.

Í gær riðu svo tveir stórir skjálftar yfir héraðið, annar 5,6 stig og hinn 5,8. Ekki er vitað um tjón á mönnum og munum af þeirra völdum en fregnir hafa borist af miklum skriðuföllum í kjölfarið.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, skorar á þjóðir heims að leggja til fleiri tjöld og tilheyrandi búnað til að koma megi bráðabirgðapaki yfir höfuð þeirra milljóna manna sem misstu heimili sín í hamförum. - shg



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Viðbrögð Halldórs við hugmyndum Geirs um sölu Landsvirkjunar eftir nokkur ár:

# Ekkert rætt í ríkisstjórn

**STJÓRNMÁL** „Einkavæðing Landsvirkjunar hefur ekki verið rædd í ríkisstjórninni,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðgjafi.

Halldór segir að verið sé að stíga þar fyrstu skrefin til breytinga á raforkumarkaðnum og menn sjái ekki alveg hvernig það muni ganga.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisfl okksins, gaf til kynna á landsfundi flokksins um síðustu helgi að einkavæðing í raforkugeiranum kæmi til greina. „Þar liggur mikið almannaþé bundið. Ég sé fyrir mér að eftir nokkur ár verði tímabært að selja Landsvirkjun til langtímafjárfesta eins og lífeyrissjóða,“ sagði Geir.

„Það liggur ekkert á í þeim efnum og einkavæðing Landsvirkjunar verður áreiðanlega ekki á dagskrá á þessu kjörtímabili,“ segir Halldór Ásgrímsson



**SPENNISTÖÐ VIÐ HRYGGSTEKK** Notendur geta frá næstu áramótum valið af hverjum þeir kaupa rafmagn. Einkavæðing Landsvirkjunar hefur hins vegar ekki verið rædd í ríkisstjórn.

forsætisráðgjafi.

Breytingar hafa þegar orðið á raforkumarkaði samkvæmt lögum sem samþykkt voru 2003. Frá 1. janúar á þessu ári gátu notendur,

sem kaupa meira en 100 kílóvattstundir af raforku, valið þann raforkusala sem þeir kjósa og um áramótin geta allir valið af hverjum þeir kaupa raforkuna. - jh



sippa  
ganga

# Sterk



# fyrir góða daga

## Hreyfing gegn beinþynningu

Við þurfum sterk bein til að þola góða daga, sterk bein til að njóta góðra daga. Heilbrigð bein þurfa nægilega líkamsþjálfun og holla næringu, kalk og D-vítamín, til þess að styrkjast enn frekar. Þegar beinþynning er til staðar skiptir hæfileg viðhaldsþjálfun mestu máli. Öll hreyfing skilar sér í betri líðan.

Það er aldrei of seint að hefja þjálfun til beinverndar. Munum að hreyfing er hvíld kyrrsetumannsins. Stöndum upp. Göngum stiga. Stígum dans. Leggjum stund á líkamsrækt eða boltaþróttir í rúmgóðum sal. Æfum okkur eftir morgunleikfimi útvarpsins heima eða í vinnunni. Hreyfum okkur, hvert eftir getu og þörf.

Hreyfum okkur til að styrkja beinin. Myndum saman hreyfingu gegn beinþynningu.

skorpa

dansa  
hlaupa





## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 19.10.2005

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	60,76	61,06
	Sterlingspund	GBP	106,79	107,31
	Evra	EUR	72,7	73,1
	Dönsk króna	DKK	9,741	9,797
	Norsk króna	NOK	9,31	9,364
	Sænsk króna	SEK	7,679	7,723
	Japanskt jen	JPY	0,5254	0,5284
	SDR	XDR	87,54	88,06

Gengisvísitala krónunnar  
102,3033

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Davíð Oddsson byrjar í Seðlabankanum í dag:

## Hefur rétt á tveimur milljónum

**LAUNAMÁL** Davíð Oddsson, fyrrum forsætisráðherra, hefur störf sem seðlabankastjóri í dag. Samkvæmt nýju eftirlaunalögum hefur Davíð rétt á töku eftirlauna fyrir ráðherratíma sinn auk þess

### LAUN OG EFTIRLAUNARÉTTUR DAVÍÐS:

**Upphaf ráðningartímabilsins, 20. okt. '05**  
Seðlabankastjóri kr. 1.354.000  
Eftirlaun kr. 334.000  
Samtals kr. 1.688.000

**Lok ráðningartímabilsins, 20. okt. '12**  
Seðlabankastjóri kr. 1.498.400  
Eftirlaun kr. 732.130  
Samtals kr. 2.221.530

að þiggja laun sem seðlabankastjóri.

Laun Seðlabankastjóra voru nýlega hækkuð um fimmtán prósent og hækka um önnur tíu prósent á næsta eina og hálfu ári. Laun Davíðs í Seðlabankanum eru 1.354.000 krónur en auk þess hefur hann rétt á eftirlaunum sem nema 334 þúsund krónum nú þegar en rúmum 732 þúsundum undir lok ráðningartímabilsins, sem er sjö ár.

Ef Davíð þiggur eftirlaun ofan á seðlabankastjórallaun sín mun hann því fá greiddar 1.688.000 krónur úr ríkissjóði mánaðarlega í upphafi ráð-

ingartímabils síns. Ekki hefur fengið staðfest hvort hann hyggist þiggja eftirlaun. Undir lok ráðningartímabilsins hefur skerðing eftirlauna vegna aldurs minnkað og ef hann þiggur eftirlaunin ofan á seðlabankastjórallaunin, sem þá hafa hækkað um tíu prósent, mun hann fá greiddar rúmar 2,2 milljónir á mánuði í laun og eftirlaun.

- sda

DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI  
Hefur störf í Seðlabanka Íslands í dag.



## Condoleezza Rice um Írak: Útilokar ekki langa hersetu

### BANDARÍKIN, AP

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, neitaði í gær að útiloka að bandarískir hermenn kynnu að verða í heilan áratug enn í Írak eða að hervaldi yrði beitt gegn Sýrlandi eða Íran.

Rice vísaði á George W. Bush Bandaríkjaforseta og yfirmenn hersins er þingmenn í utanríksmálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings þrýstu á hana að gefa frekari skýringar á stefnu Bandaríkjaforsetar í Írak og Mið-Austurlöndum.



SAT FYRIR SVÖRUM  
Utanríkisráðherra fyrir þingnefndinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÁ VETTVANGI Vinnu menn skoða vettvang. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Byggingarkrani sporðreisist: Bóman inn á bílastæði

**SLYS** Byggingarkrani sporðreisist skammt neðan Landspítala í Fossvogi í gær og lagðist bóman ásamt hlassinu þvert yfir Sléttuveg og inn á bílastæði Landspítalans. Mildri þykir að enginn skyldi slasast því umferð að spítalanum er að jafnaði talsverð.

Af þessum sökum þarf að loka Háaleitisbraut neðan við bílastæði spítalans fram á föstudag og bendir lögregla ökuþögn sem þurfa að komast á Sléttuveg að aka um Láland og Fossvogsvæg.



MEÐ KÓRANINN Í HENDI Saddam hélt á hinni helgu bók múslima á meðan ákærurnar voru lesnar. Saddam hefur hins vegar aldrei verið sérstaklega trúður heldur gróf hann markvisst undan áhrifum klerkastéttarinnar á valdatíma sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Reifst við dómarrann og tuskaðist við verði

Í réttarhöldunum sem hófust í gær yfir Saddam Hussein og sjö samverkamönnum hans kvaðst einræðisherrann fyrrverandi vera saklaus. Dómhaldi hefur verið frestað um nokkrar vikur. Íraska þjóðin skiptist í tvær fylkingar í málinu.

**BAGDAD, AP** Saddam Hussein sagðist saklaus á fyrsta degi réttarhaldanna yfir sér. Hann lét dómarrann fá það óþvegið og lenti í ryskingum við öryggisverði. Réttarhöldunum hefur verið frestað til 28. nóvember.

Réttarhöldin yfir Saddam Hussein hófust í Bagdad í gær, í skrifstofum Baath-flokksins fyrrverandi á græna svæðinu svonefnda. Saddam mætti hnarreistur til leiks, bindislaus og í svörtum jakkafötum með Kóraninn í hönd. Hann er ákærður, ásamt sjö fyrrum samstarfsmönnum sínum, fyrir að hafa fyrirskipað fjöldamorð á 143 sjómum í bænum Dujail árið 1982. Hinir ákærðu gætu átt dauðadóm yfir höfði sér verði þeir fundnir sekir.

Rizgar Mohammed Amin, kúrdiskur aðaldómari réttarins,

las sakborningunum ákærurnar en spurði svo Saddam hvort hann væri sýkn eða sekur. Eftir nokkurt þref hreytti Saddam út úr sér að hann væri ekki sekur. „Hver ertu eiginlega? Ég vil fá að vita hver þú ert,“ spurði hann Amin nokkru síðar og bætti því svo við að hann viðurkendi ekki þennan „svokallaða dómstól“ og hann áskildi sér öll réttindi sem forseti Íraks. Sjálfur vildi Saddam ekki staðfesta nafn sitt og brást síðan reiður við þegar Amin dómari sagði hann fyrrverandi forseta Íraks.

Þegar hlé var gert á réttarhaldinu vildi Saddam sjálfur ganga úr vitnastúkunnni en öryggisverðir reyndu að leiða hann á brott. Hann hristi þá reiður af sér, tuskaðist

svo við þá í stutta stund og gekk síðan að lokum sjálfur út. Að hléinu loknu frestaði Amin dómhaldi til 28. nóvember.

Írakar eru tvíþentir í afstöðu sinni til réttarhaldanna. „Síðan Baath-stjórninni var steypt af stóli höfum við bedið þessa dags,“ sagði Aqeel al-Ubaidi, íbúi í Dujail, í samtali við fréttamenn. „Dómstóllinn mun ekki færa okkur hina dáu aftur en að minnsta kosti slekkur hann reiðeldana sem brenna innra með okkur.“ Súnniár telja hins vegar Saddam skömminni skárri en núverandi valdhafa. „Hann einn er réttkjörinn leiðtogi Íraks,“ var einkunn Sahab Awad Maaruf frá Azamiyah-héraði þegar AP-fréttastofan leitaði álits hans.

sveinng@frettabladid.is

## ÍRAN

**Íranar gagnrýnir** Jamal Karimirad, upplýsingamálaráðherra Íraks, kvaðst í gær fagna því að Saddam Hussein væri dreginn fyrir dóm. Hann gagnrýndi aftur á móti að hann væri ekki ákærður fyrir hernaðinn gegn Íran og sagði kaldhæðnislegt að fjöldamorðin í Dujail hefðu að líkindum verið framin með bandarískum vopnum.

## ÍRAK

**Blaðamanni rænt** Öttast er að Rory Carroll, blaðamanni breska dagblaðsins Guardian, hafi verið rænt í Írak. Blaðið sendi frá sér yfirlýsingu þessa efnis í gær. Carroll hefur dvalið í Írak undanfarna níu mánuði og skrifaði meðal annars fréttir um réttarhöldin yfir Saddam Hussein.



MÓTMÆLI Í TIKRIT Saddam Hussein á marga stuðningsmenn í heimaborg sinni og þeir flyktast út á göturnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Róstusamt í Írak í gær:

## Nítján manns dóu í tilræðum

**BAGDAD, AP** Uppreisnarmenn úr hópi súnnia myrtu nítján manns í Írak á opnum degi réttarhaldanna yfir Saddam Hussein.

Versta tilræðið var framið í verksmiðju skammt suður af Bagdad. Þar ruddust grímuklæddir menn inn og neyddu verkamennina til að segja sér hvaða trúarhópi þeir tilheyrðu. Þeir tóku svo sex sjá úr hópnum og skutu þá til bana.

Þá voru þrjú menn myrtir sem voru á leið heim frá talningu atkvæða úr þjóðaratkvæðagreiðslunni sem haldin var á laugardaginn. ■

## Vandaðir penslar

**WINSOR & NEWTON**  
The World's Finest Artists' Materials

**Penninn**  
Penninn Hallarmúla 2, sími 540 2000  
penninn@penninn.is, www.penninn.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» laugardagur

Sigurður P. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BIRTIR TIL SYÐRA**  
Jæja þá er norðanátin komin um sinn. Með henni kólnar á landinu og verður hiti víðast við eða yfir frostmarki. Þjart verður syðra en lítillhátar el fyrir norðan. Næturfrost.

**HELGIN?**  
Hægvíðri og þjart mjög víða. Þykknar upp norðvestan til á sunnudag með einhverjum eljum. Fremur svalt.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**  
Ákveðin norðaustlæg átt. Léttskýjað. Hiti 1-3 stig í dag. Næturfrost.

Kaupmannahöfn	13°C hálfskýjað	Paris	17°C hálfskýjað
Osló	5°C hálfskýjað	Berlín	17°C hálfskýjað
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Frankfurt	15°C skýjað
Helsinki	9°C hálfskýjað	Madrid	20°C hálfskýjað
London	16°C hálfskýjað	Barcelona	21°C hálfskýjað
		Alicante	25°C léttskýjað
		Milano	17°C hálfskýjað
		New York	18°C hálfskýjað
		San Francisco	18°C léttskýjað
		Orlando/Florida	31°C skýjað

\* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.





# KAUPMANNAHÖFN

## Nóvember 2005

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

## Desember 2005

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

## Janúar 2006

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1	2	3	4	5	6	7

### Aukaflug til Kaupmannahafnar

- » Nú eru dagar leiðindanna taldir því Iceland Express hefur ákveðið að svara mikilli eftirspurn með því að bæta við heilum helling af aukaferðum til Kaupmannahafnar á næstunni. Jólainnkaupin, afslöppunin og smørrebrødet í seilingarfjarlægð því þúsundum flugsæta hefur verið bætt við á góðu verði.



- » Ef ske kynni að þig langi frekar til Þýskalands eða Englands þá skelltum við líka inn aukaferðum til Frankfurt Hahn og London. Skoðuðu málið nánar og bókaðu á [icelandexpress.is](http://icelandexpress.is).



Verð frá: **7.995 kr.\***  
Barnaverð: **5.995 kr.\***

\*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum







## KJÖRKASSINN

Á að endurskoða ný lög um eftirlaun helstu ráðamanna?

Já	94%
Nei	6%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Saddam Hussein að hljóta dauðarefsingu?

Lithái stefnir ríkinu:

## Krefst átta milljóna

**DÓMSMÁL** Lithái, sem gerður var brottrækur héðan af landi 2001, hefur stefnt íslenska ríkinu og krefst rúmlega átta milljón króna í bætur.

Árið 1995 nauðgaði og myrði Litháinn ungri konu í heimalandi sínu, en var dæmdur ósakhæfur vegna ofsóknarkennds geðklofa og sendur á réttargæsludeild. Fjórum árum síðar var hann látinn laus, og settist skömmu síðar að á Íslandi.

Dómsmálaráðuneytið afturkallaði dvalarleyfi hans þegar upp komst um feril hans, og var hann gerður brottrækur frá Íslandi. Hann kærði þann úrskurð, og dæmdi Hæstiréttur úrskurðinn ógildan í júní í fyrra. Síðan hefur Litháinn sótt um að flytjast aftur til Íslands, en hefur ekki fengið leyfi til þess enn.

- smk

Umræður um erfiða stöðu útflutningsgreinanna á Alþingi í gær:

## 25 milljarða tap útvegsins

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að framlegð sjávarútvegsfyrirtækja sé aðeins um 16 prósent á ári um þessar mundir og leita verði aftur til ársins 1980 til þess að finna minni framlegð.

Þetta kom fram í máli Steingrímis í utandagskrárumræðu á Alþingi í gær um stöðu útflutningsgreinanna en málshafjandi var Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann kallaði eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar líkt og fleiri stjórnarandstöðubingmenn.

Steingrímur sagði að miðað

við núverandi gengi krónunnar og að teknu tilliti til herra afurðaverðs væri sjávarútvegurinn rekinn með 20 til 25 milljarða króna halla á ári.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagði einkennilegt að heyra frá stjórnarandstöðunni að ríkisstjórnin gerði ekkert í málinu því hún sýndi mikið aðhald.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði mikilvægast á næstunni að viðhalda sátt á vinnumarkaðnum og gagnrýndi stjórnarandstöðuna fyrir að leggja það eitt til slíkrar sáttar að taka væntanlega skattalækkun af launafólki.

- jh



**ERFIDIR TÍMAR Í SJÁVARÚTVEGI** Fjöldi sjávarútvegsfyrirtækja hefur lagt upp laupana að undanförmu vegna hágengis krónunnar.

Formaður Samfylkingarinnar:

## Hætt í Seðla-bankaráðinu

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur óskað eftir því að verða leyst undan setu í bankaráði Seðla-bankans. Hún hefur ritað forseta Alþingis bréf þessa efnis sem lagt verður fyrir á fundi Alþingis í dag.

Ingibjörg kveðst hafa tilkynnt bankaráði ákvörðun sína á fundi fyrir viku.

„Ég vil standa vörð um sjálfstæði bankans og trúverðugleika og vil ekki að hann dragist að öþörfu inn í pólitíska umræðu,“ segir Ingibjörg Sólrún. Hún hefur setið í bankaráðinu síðan árið 2003.

- jh



**SIGURSTEINN MÁSSON** Sigursteinn á fundinum í gærkvöld.

Öryrkjabandalag Íslands:

## Sigursteinn nýr formaður

**ÖRYRKJAR** Sigursteinn Músson var kjörinn formaður Öryrkjabandalagsins á aðalfundi í gærkvöld. Sigursteinn segir fjölmörg og stór verkefni blasa við sér. „Í lok nóvember stefnir í að mál okkar gegn ríkisstjórninni verði dómtekið og við væntum niðurstöðu í því fljótlega á nýju ári,“ segir Sigursteinn.

Hann segir einnig að von sé á nýrri skýrslu frá Háskóla Íslands sem leiði margt nýtt í ljós um málefni og stöðu öryrkja.

- saj

# Sáttin varðveitt segir forsætisráðherra

Stjórnarandstaðan segist hafa orð forsætisráðherra fyrir því að staðið verði við sátt sem náðist milli allra stjórnmálaflokka í fjölmiðlanefndinni. Stjórnarandstaðan gerði harða hríð að utanríkis- og menntamálaráðherra vegna málsins.

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, spurði forsætisráðherra í upphafi þingfundar í gær hvort til stæði að rjúfa þá sátt sem hún teldi liggja fyrir í fjölmiðlamálinu og lagður hefði verið grunnur að í fjölmiðlanefnd sem skilaði niðurstöðum sínum síðastliðið vor.

Tílefni spurningarinnar var andstaða Geirs H. Haarde utanríkisráðherra og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við þá niðurstöðu nefndarinnar að einn og sami aðili geti átt allt að 25 prósent hlut í fjölmiðli. Þau hafa bæði lýst því að þetta hlutfall ætti að vera lægra.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði að engin sátt hefði verið rofin. Stjórnmálaflokkar yrðu að hafa svigrúm til að marka sína stefnu eins og landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefði gert. „Ég tel að niðurstöður þessarar nefndar séu mjög góðar og hef lýst því yfir áður að ég geng út frá því að áfram verði byggt á starfi þessarar nefndar. Menntamálaráðherra hefur gert það jafnframt. Þannig að ég vænti þess að það starf haldi áfram á þeim grundvelli og við varðveitum þá sátt sem þar hefur verið,“ sagði Halldór.

Stjórnarandstöðubingmenn kváðust skilja orð forsætisráðherra svo að byggt yrði á þeim grundvelli sem sátt hefði orðið um í nefndinni.

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, vísaði til andstöðu Davíðs Oddssonar við



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Ég geng út frá því að áfram verði byggt á starfi þessarar nefndar. Menntamálaráðherra hefur gert það jafnframt.“

niðurstöður fjölmiðlaskýrslunnar: „Þá snerust tveir vindhanar í rétta átt. Og þeir voru hæstvirtur utanríkisráðherra Geir H. Haarde, nýorðinn formaður Sjálfstæðisflokksins, og hæstvirtur menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ráðherra hinnar sögulegu sáttargjörðar. Þá snerust þau 180 gráður vegna þess að ennþá stjórnar Sjálfstæðisflokknum Davíð Oddsson.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ítrekaði að sér þætti umrætt eignarhlutfall of hátt en allt yrði gert til þess að halda sögulegri sátt í málinu.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að fjölmiðlanefndin setti ekki lög. Alþingi hefði síðasta orðið.

johannah@frettabladid.is


Fellibylurinn Wilma stefnir inn eftir Karíbahafi:

## Strandríki í Mið-Ameríku búa sig undir það versta

**HONDÚRAS, AP** Fellibylurinn Wilma hafði í gær sótt svo mikið í sig veðrið er hann stefndi inn eftir Karíbahafi að hann telst aflmesti fellibylur sem myndast hefur í heimsálfunni frá því að mælingar hófust. Bylurinn var þegar farinn að valda usla á Karíbahafseyjum og strandríkjum Mið-Ameríku og stefndi á mexíkósku ferðamannaborgina Cancun.

Tólf dauðsföll voru í gær rakin til bylsins og meðal annarra afleiðinga hans var að poppsjónvarpsstöðin MTV hætti við verðlaunaveitingahátíð sem stóð til að senda út frá lystigarði suður af Cancun.

Mikil úrkoma á jöðrum fellibylsins olli því að fólki var gert



**ÖFLUGASTI BYLURINN** Fylgst með Wilmu á tölvuskjá í fellibyljamiðstöðinni í Miami á Flórída.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

á flýja heimili sín í Hondúras, á Kúbu, Jamaíku og Haítí. Þegar liðið var á gærdaginn var mesti vindhraði í bylnum um 260 km/klst, en áður náði hann allt að 282 km hraða. Sú mæling gerði Wilmu að öflugasta fellibyl á þessum slóðum frá því mælingar hófust.

Miðja bylsins var um 480 km suðaustur af Cuzumel-eyju undan strönd Mexíkó og stefndi í boga eftir sundinu milli Kúbu og Mexíkó. Var talið sennilegt að bylurinn skylli þar með af afli á Cancun og Cozumel-eyju. Í öllum löndunum á svæðinu, sem enn eru að jafna sig eftir fellibylinn Stan, bjuggu menn sig undir það versta.

- aa

**Orðsending**  
Vegna breytinga verður lokað frá 20. okt - 1. nóv.  
Glerslípun og Speglagerð H.F.  
Skeifunni 5 • 108 RVK.

**SUBARU**  
MÉÐ HUGAN VÍÐ AKSTURINN

**NÝR FORESTER**

**STADREYNDIR:**

- 21% kraftmeiri - 158 hð.
- Sítegt aldrif (AWD)
- Veghæð - 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikil rými

**SJÁLFSKIPTUR**  
**VERÐ 2.550.000 kr.**  
30.315 kr. á mán.\*

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

\*Bilansamingur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



# Ótrúlegt verð



**Ullarjakkur  
tvíhnepptur**  
svartur  
st. 48-56  
Einungis selt  
í Skeifunni,  
Kringlunni,  
Smáralind og  
á Akureyri

**Gott  
verð**  
6.999 kr



**Flauelsjakkur**  
brúnn, sand,  
svartur  
st. 46-60, 94-114

**Gott  
verð**  
7.999 kr



**Flauelsbuxur**  
brúnar, sand,  
svartar  
st. 46-60, 94-114

**Gott  
verð**  
3.999 kr



**JACK'S**

**Jakkur**  
dökkbrúnn, svartur  
st. M-XXL  
Einungis selt í Skeifunni,  
Kringlunni, Smáralind og  
á Akureyri

**Gott  
verð**  
6.999 kr

**SOLID**  
**Gallabuxur**,  
bláar, st. 29-38  
verð frá

**Gott  
verð**  
3.999 kr

**weather  
report**

**Vesti**  
svart, dökkblátt,  
dökkgrænt  
st. S-XXL

**Gott  
verð**  
2.999 kr



**HAGTAG**

**Gallabuxur**  
bláar, st. 28-40

**4.999 kr**

**Úlpa**  
svört, hvít, brún  
st. S-XXL

**TILBOÐ**  
4.999 kr  
Verð áður 5.999,-



**Ullarjakkur**  
dökkgrár  
st. 48-56

**Gott  
verð**  
7.999 kr

**HAGTAG**

**Gallabuxur**  
bláar  
st. 28-40

**4.999 kr**

Ekta leður



**Kuldaskór**  
lambullarfóðraðir,  
st. 40-46

**Gott  
verð**  
5.999 kr

**Ekta leður**



**Gönguskór**  
vatnsheldir, dökkbrúnnir,  
st. 36-46

**TILBOÐ**  
5.999 kr  
Verð áður 6.999,-



**Mokkasínur**  
svartir, st. 40-46

**4.999 kr**

Ekta leður



**Rúskinnskór**  
drappaðir, st. 40-46

**Gott  
verð**  
2.999 kr

Gildir til 23. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





### VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvað heitir fyrirverandi forstjóri FL Group?
- 2 Í hvaða tveimur löndum er mest spilling samkvæmt stofnuninni Transparency International?
- 3 Hvað heitir nýi kærasti Jennifer Aniston?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 54

Mál rússneska togarans Elektron:

## Norðmennirnir sóttir í dag

**NOREGUR, AP** Rússnesk stjórnvöld hafa veitt norsku strandgæslunni heimild til að sækja tvo norska veiðieftirlitsmenn um borð í rússneska togarann Elektron. Igor Dygalo, talsmaður rússneska norðurflotans, tilkynnti í gær að fallist hefði verið á að norsk skip færi í dag inn í rússneska lögsögu til að sækja mennina.

Rússneski togarinn Elektron var staðinn að ólöglegum veiðum við Svalbarða á laugardag. Skipstjóri togarans stakk síðan af með Norðmennina tvo um borð. Fjögur norsk strandgæsluskip eltu togarann í vonskuveðri

en héldu sig fyrir utan tólf mílna mörkin eftir að togarinn var sloppinn inn fyrir þau.

Talsmenn stjórnvalda bæði í Rússlandi og Noregi reyndu að gera lítið úr deilunni. Yfirmaður rússnesku landhelgisgæslunnar, Vladimír Pronitsjev, sagði að Rússar myndu aðstoða Norðmenn við rannsókn málsins. Varnarmálaráðherra Sergej Ivanov sagði málið ekki myndu spilla milliríkjasamskiptum landanna. Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, sagði þó að málinu yrði fylgt eftir af norskum saksóknurum.



TOGARINN ELEKTRON Mynd frá norsku strandgæslunni af rússneska togaranum.

Forsetahjónin:

## Heimsækja Hafnarfjörð

**FORSETAHEIMSÓKN** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff forsetafrú fara í opinbera heimsókn til Hafnarfjarðar í dag.

Munu þau hitta Lúdvík Geirsson bæjarstóra, Guðmund Sophusson sýslumann og aðra forsvarsmenn Hafnarfjarðarbæjar við bæjarmörkin við Garðabæ klukkan níu.

Þaðan fara þau í heimsókn um ýmsar stofnanir bæjarins og heilsa upp á bæjarbúa. Heimsókninni lýkur með fjölskylduhátíð í Íþróttahúsinu við Strandgötu í kvöld.

- da

**HARRINGTON  
RAFSTÖÐVAR**  
með HONDA mótör



EINNIG ÚRVAL

**VEBA  
RAFSTÖÐVA**

Með benzín eða dieselmótörum

MJÖG HAGSTÆTT VERÐ

**PÓR HF**

REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070

AUGLÝSINGASÍMI

**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

## Réðst á lögreglumenn með hnífi

Málflutningi í máli manns sem ákærður er fyrir að hafa ráðist á lögreglumenn með hnífi í fyrra og hótað barnsmóður sinni lífláti lauk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Maðurinn neitar sök.

**DÓMSMÁL** Málflutningi í máli Steindórs Einarssonar, sem meðal annars er sakaður um sérlega hættulega líkamsárás á tvo lögregluþjóna í júní í fyrra og endurteknar líflátshótanir í garð barnsmóður sinnar, lauk í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í júní í fyrra réðst Steindór á tvo lögregluþjóna með hnífi þegar þeir voru kallaðir til vegna þess að Steindór hafði framið spjöll á eignum fyrrverandi tengdafólks síns og barnsmóður sinnar. Steindór er sakaður um að hafa kastað steini gegnum

rúðu á húsi tengdafólks síns og rispað bíl þess.

Þá er Steindór sakaður um að hafa lagt til annars lögregluþjónsins sem mætti á staðinn, með hnífi í náristað með þeim afleiðingum að gat kom á buxur og nærföt.

Lögreglumennirnir sluppu ómeiddir. Steindór er sagður hafa með árásinni stofnað lífi og heilsu lögreglumannsins í augljósan háská á öfyrirleitinn hátt.

**LÖGREGLUMADUR** Steindór stakk annan lögreglumanninn í náran.



Þá er Steindór ákærður fyrir tvær líflátshótanir, þar af aðra á hendur barnsmóður sinni, og eina hótun um ofbeldi. Hótanirnar voru sendar ýmist bréfleiðis eða með SMS-skilaboðum úr farsíma Steindórs.

Líflátshótunin sem Steindór sendi barnsmóður sinni með SMS-skilaboðum var svohljóðandi, að nöfnum slepptum: „Hæ X ef ad tú leyfir mér ekki ad sjá X og X aftur dá skal ég skjóta tig í hausinn 2 eða 3 desember og dá ertu dauð og ég líka og dá eiga X og X ekki pabba eða mömmu bæ bæ.“

Hina líflátshótunina sendi Steindór í ódagsettu bréfi sem sett var inn um bréfalúgu hjá forældrum barnsmóður Steindórs. Hún var svohljóðandi, að nöfnum slepptum: „Ef ad X hringir ekki í mig næsta föstudag þá ert þú dauður hringdu í X og talaðu við hann ég á kúbein og klippur og hagla byrsu ég nota þettað næstu helgi ef ad X hringir ekki á föstudag þitt er valið...“ Steindór neitar sök.

sda@frettabladid.is



MARKOS KYPRIANOU Hvetur fólk til að halda ró sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópusambandið:

## Heimsfaraldur er ekki í nánd

**FUGLAFLENSA** Markos Kyprianou, sem fer með heilbrigðis- og neytendamál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, segir fuglaflensutilvikin sem komu upp í suðausturluta Evrópu í vikunni ekki gefa tilefni til að ætla að heimsfaraldur sé í nánd. Hann segir þó nokkur ríki langt frá því að vera nægilega vel undirbúin fyrir mögulegan faraldur.

Evrópusambandið fundaði um málið fyrr í vikunni eftir að fuglaflensa greindist á grískri eyju. Enn á þó eftir að staðfesta að hún sé af H5N1-stofninum. ■

# GLÆPSAMLEG samkoma

Umræður glæpasagnahöfunda  
fimmtudagskvöld kl. 20.00

Í tilefni af heimsókn norska rithöfundarins Tom Egelands, höfundar spennubókarinnar **Við enda hringsins**, sem er nýkomin út hjá JPV útgáfu efna JPV útgáfa, Híð íslenska glæpafélag og Penninn–Eymundsson til umræðna um glæpi og glæpasögur í **Pennanum–Eymundsson, Austurstræti, fimmtudagskvöldið 20. október kl. 20.00.**

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.jpvis



TOM

ÁRNI

ÞRÁINN

SÚSANNA

Þátttakendur eru:

Tom Egeland  
Árni Þórarinnsson  
Súsanna Svavarsdóttir  
Þráinn Bertelsson

Katrín Jakobsdóttir stýrir umræðunum.

ALLIR VELKOMNIR MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR



NYTT VERKEFNI Akureyrin EA, skip Samherja, er nú komin í þurrkvina sem Slippurinn leigir af Hafnarsamlagi Norðurlands og munu starfsmenn Slippsins vinna að viðhaldi á togaranum næstu tvær vikurnar.

Stofnhluthafar Slippsins Akureyri:

## Málning er stærsti eigandi slippsins

**SKIPAÐNAÐUR** Stærsti hluthafinn í Slippnum Akureyri er Málning hf. í Kópavogi en Slippurinn var stofnaður 10. október síðastliðinn eftir að Slippstöðin á Akureyri varð gjaldþrota. Stærsti eigandi Slippstöðvarinnar var Slippfélagið í Reykjavík en undirstaða starfsemi Slippfélagsins er framleiðsla málningar.

Aðrir helstu eigendur Slippsins Akureyri eru Anton Benjamínsson, framkvæmdastjóri félagsins, Steinþór Ólafsson, fyrrum framkvæmdastjóri Sæplasts á Dalvík, og Sigtryggur Guðlaugsson, verkefnisstjóri Slippsins.

Alls eru stofnhluthafar í Slippnum ellefu talsins og saman eiga fjórir stærstu eigendur félagsins 55 prósentu hlut. Stofnhlutafé félagsins var 29 milljónir króna en á hluthafafundi síðastliðinn sunnudag var samþykkt heimild til hlutafjárútkningar að fjárhæð tuttugu milljónir króna.

Anton Benjamínsson segir starfsmenn Slippsins nú sextíu en þeir voru 45 þegar félagið hóf starfsemi 11. október. „Verkefnum hefur fjölgað frá því við byrjuðum og ég vænti þess að fleiri starfsmenn verði ráðnir á næstunni,“ segir Anton.

- kk



# Ferð þú á stórleik í Meistaradeild Evrópu?



## S24 kredit- og veltukort

- Betri vextir
- Hagstæð greiðsludreifing
- Frítt árgjald fyrsta árið  
- tilboð þetta gildir til  
30. nóvember

**5.000**

króna ferðaávísun fylgir  
hverju nýju korti

Notaðu S24 kredit- eða veltukortið þitt á tímabilinu  
10. október - 30. nóvember og þú átt möguleika á að komast  
á leik Chelsea - Liverpool þann 6. desember í Meistaradeild  
Evrópu.

Um er að ræða flug og gistingu fyrir tvo, ásamt miðum á  
völlinn svo þú getur boðið elskunni eða besta vininum  
með í ferðina.

Því oftar sem þú notar kortið því meiri  
líkur eru á vinningi!



*Vertu viss um að þú sért að hagnast  
á þínum bankaviðskiptum...*

Sæktu um lán... **www.s24.is** Sími 533 2424 - Kringlan







## Tékkneskur gullmoli



Tékkneska byggði er einstakt í Evrópu og oft nefnt tékkneska gullið. Það leggur grunninn að hinu kjarnmikla bragði og gullna lit sem hefur gert Budweiser Budvar að heimsfrægri gæðavöru.

Kornið sem fyllir mælinn!

**Budweiser Budvar**

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

LÉTTÓL

Hannes Hólmsteinn vísar í fréttir frá árinu 1995:

## Stendur við ummælin

**DÓMSMÁL** Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor segir að hann standi við orð sín um Jón Ólafsson og bendir í því sambandi á umfjöllun Morgunpóstsins frá árinu 1995 þar sem Jón var bendlaður við fíkniefnamisferli. „Lykilsetningin í ummælu mínum um Jón Ólafsson er einmitt: Það hefur verið fullyrt,“ segir Hannes.

Hann segir það rangt sem fram hefur komið að hann hafi ekki beðið um að heimasíðu sinni yrði lokað fyrir en í september 2004. „Ég sendi háskólanum tölvupóst þann 3. júlí árið 2004 þess efnis að loka ætti heimasíðu-

unni minni. Ég á afrit af þessum gögnum,“ segir Hannes. Fram kom í enskum dómi sem féll í meidýrðamáli Jóns Ólafssonar kaupsýslumanns gegn Hannesi að heimasíða hans hafi innihaldið meidýrði um Jón allt til þessa árs.

„Þetta er grafalvarlegt mál því það er verið að reyna að hafa af mér tólf milljónir,“ segir Hannes.

- saj

**JÓN ÓLAFSSON Á FORSIÐU MORGUNPÓSTSINS** Hannes Hólmsteinn segist hafa vísað til greinar í Morgunpóstinum frá 23. mars árið 1995 í ummælum sínum um Jón.



Sameining sveitarfélaga:

## Davíð fékk eitt atkvæði

**SAMEININGARKOSNINGAR** Tveir kjörseðlar, af 1.064, vöktu sérstaka athygli kjörstjórnar við talningu atkvæða í kosningunni um sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Mjóafjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps þann 8. október síðastliðinn. Á öðrum kjörseðlinum var Davíð Oddsson greitt atkvæði og á hinum var krossað við já um sameiningu en bætt við:



**DAVÍÐ ODDSSON** Fékk atkvæði í sameiningarkosningu

„Auk þess legg ég til að Neskaupstaður verði lagður í eyði“.

Báðir seðlar voru úrskurðaðir ógildir, ásamt sex til viðbótar, en sjö seðlar reyndust auðir.

- kk



**SKAPARI VAR VÍST AÐ VERKI** Michael Behe lífnafræðiprófessor telur þróunarkenningu Darwins ekki útskýra margbreytileika jarðlífsins til hlítar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Herferð gegn Darwinisma

Bandarískur dómstóll fjallar nú um hvort grunnskóli nokkur megi kenna svonefnda heimshönnuðarkenningu sem valkost við þróunarkenninguna.

**VÍSINDI** Birtust dýrin á jörðinni nánast fullsköpuð eða hefur lífið þróast frá einföldum örverum til þeirrar fjölbreytilegu fínu og flóru sem þrífst hér í dag? Um þetta er tekið frammi fyrir dómstól í Pennsylvaníu þessa dagana.

Á síðustu árum hefur hin svonefnda heimshönnuðarkenningu (intelligent design) vaxið fiskur um hrygg í Bandaríkjunum og hafa sumir skólar tekið hana upp í kennslubækur sínar sem valkost við þróunarkenningu Darwins. Það eru ekki síst kristnir íhaldsmenn sem tekið hafa kenningunni fagnandi og meðal annars er vitað að Bush forseti er áhugasamur um hana.

Megininntak kenningarinnar er að jarðlífið hafi vissulega þróast í gegnum þúsaldirnar en útilokað er að þróunin hafi orðið með jafn róttækum og handahófskenndum hætti og þróunarkenning Charles Darwin gerir ráð fyrir. Einhvers konar skapari hljóti að hafa verið að verki, en eðli hans er þó ekki útskýrt nánar.

Enda þótt ekki sé gengið eins langt í heimshönnuðarkenningunni og sköpunarkenningu kristinna trúfélaga telja margir að hún sé einungis illa dulbúin tilraun til að lauma kristnum trúarkenningum inn í bandarískt skólakerfi, en slíkt brýtur í bága við stjórnskrána. Gagnrýnendur kenningarinnar telja auk þess að talsmenn hennar setji aldrei fram

nein rök fyrir kenningunni önnur en þau að benda á annmarka þróunarkenningarinnar.

Á dögunum stefndu foreldrar nokkurra barna við grunnskólann í Dover í Pennsylvaníu skólástjórninni fyrir að halda kenningunni að börnum þeirra og standa málaferli nú yfir í ríkishöfuðborginni Harrisburg. Réttarhöldin hafa að vonum vakið mikla athygli í Bandaríkjunum enda er deiluefnið háþólitískt.

Tvo síðustu daga hefur Michael J. Behe, prófessor í lífnafræði við Lehigh University, borið vitni fyrir dómnum en hann er einn af harðari talsmönnum heimshönnuðarkenningarinnar innan vísindasamfélagsins. Meðal annars hélt Behe því fram í fyrradag að þróunarkenningin gæti ekki ein og sér útskýrt margbreytilega jarðlífsins og að hann væri persónulega þeirrar skoðunar að guð væri á bak við sköpunina. Behe líkti því næst heimshönnuðarkenningunni og viðbrögðunum við henni við kenningum um Miklahvell sem fram komu fyrir um sjöttu árum og eru í dag almennt taldar útskýra upphaf alheimsins. „Margir töldu þær kenningar vera meira í ætt við heimspeki og jafnvel guðfræði og því féllu þær ekki strax í kramið.“

Búist er við að réttarhöldin muni standa í að minnsta kosti fimm vikur.

sveinng@frettabladid.is

**NISSAN**  
**MICRA**



SKIPT\_ um væntingar



## SÆTUST!

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, 6 diska geislaspilari, lykklalaus, sjálfvirkar rúðupurrkur.

Micra

**Verð 1.490.000.-**



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Oplö: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

FIJON/SIA



Lokadagar  
Notaðir bílar á tilboðsverði

# ALT að 2,000,000 í afslátt

Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16

Tökum notaðann  
uppi notaðann



Volkswagen • Daihatsu • Citroën • Renault • Kia • Volvo • Ford • Nissan • Toyota • BMW • Mitsubishi  
Þú finnur rétta bílinn hjá Brimborg - ekki missa af honum - komdu strax!

Þú kaupir í dag.  
Komdu í Brimborg.





## Kjúklingaveisla

Frábært úrval af íslenskum og dönskum kjúklingum



1 kg Frosinn heill **379 kr**    1 kg Bitar **499 kr**    2,5 kg Danskir bringur **4.799 kr**

## Colavita

Sólpurkaðir tómatar, ólífur, pesto, paste og fleira góðgæti í salatið



## Discovery

Einu réttu sósurnar á kjúklinginn



Cheerios Twin Pack	1 kg	<b>429 kr</b>
Tilda Basmati hrísgrjón	5 kg	<b>1.149 kr</b>
Nammibar		<b>50% afsláttur fös-lau</b>
Allar ferskar kjötvörur		<b>10% afsláttur við kassa</b>
Freyju Draumur		<b>50% afsláttur</b>
Freyju Rís		<b>50% afsláttur</b>
Maís	300g	<b>119 kr</b>

**Gripið & greitt**

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja breytta launaseðla:

## Gegnsæi í skattheimtu

**BORGARMÁL** Lagt var fram í borgarstjórn í fyrradag að uppsetningu launaseðla Reykjavíkurborgar verði breytt þannig að fram komi hvernig skattur skiptist á milli ríkis og sveitarfélags.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks sem bar tillöguna fram, sagði markmið hennar vera að auka gegnsæi í opinberri stjórnsýslu og stuðla að því að launafólk átti sig betur á uppbyggingu skattkerfisins.

Steinnur Valdís Óskarsdóttir mælti með að vísa tillöggunni til borgarráðs sem var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæð-

um. Hún sagði þó nokkur tæknileg vandkvæði á tillöggunni. Til dæmis væru ekki allir starfsmenn Reykjavíkurborgar búsettir í sama sveitarfélagi og því væri misjafnt hvað starfsmenn væru að greiða í útsvar.

Kjartan sagði að slík tæknileg úrlausnarefni væri hægt að leysa. Það skipti heldur ekki máli hvort upplýsingar á launaseðli væru nákvæmar þar sem þær eru ekki nákvæmar í dag eins og kemur í ljós við endurgreiðslu skatta.

**KJARTAN MAGNÚSSON** Sjálfstæðismenn vilja að ljóst sé hvað launþegar Reykjavíkurborgar eru að greiða í útsvar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR BOGI



Íbúar við Skaftahlíð mótmæla framkvæmdum við húsnæði 365 miðla:

## Vilja stöðva framkvæmdir

**MÓTMÆLI** Íbúar við Skaftahlíð í Reykjavík hafa sent úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála kærnu þar sem farið er fram á að felld verði úr gildi ákvörðun um að veita eigendum húsnæðis að Skaftahlíð 24 sem nýtt er af 365 fjölmiðlum byggingarleyfi á lóðinni. Um hundrað manns mættu á mótmælafund sem haldinn var í fyrradag.

Að sögn Guðfinnu J. Guðmundsdóttur, lögmanns íbúa á svæðinu, hafa íbúar farið fram á stöðvun framkvæmda meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Íbúar halda því fram að veiting byggingarleyfis brjóti gegn ákvæðum aðalskipulags Reykjavíkur og skipulags- og byggingarlöggjöfnni að því leyti að ekki hafi verið samþykkt



FUNDUR ÍBÚA VIÐ SKAFTAHLÍÐ

deiliskipulag fyrir svæðið. „Einingis er í gildi aðalskipulag, en

samkvæmt því er þetta íbúðasvæði,“ segir Guðfinna.

„Íbúar hafa bent á að þó svo að í byggingarleyfisumsókninni sé eingöngu verið að sækja um leyfi fyrir breytingu en ekki aukinni starfsemi þurfi að skoða áhrif hugsanlegrar starfsemi á umhverfið vegna aukinnar umferðar, hávaða eða annars ónæðis af starfsemi á þessu svæði,“ segir Guðfinna.

Hún bendir á að um fjögur hundruð starfsmenn verði í húsinu eftir stækkunina en aðeins sé gert ráð fyrir 176 bílastæðum á lóðinni. „Það er því ljóst að umferðaröngþveiti verður mikið á þessu svæði og þar byggingar- og skipulagsyfirlöndum að finna lausn á þessu ónæði áður en umsóknin var afgreidd. Það var ekki gert,“ segir Guðfinna.



frá 1.695.000 kr.

# ASTRA



Pú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán – fös kl. 9–18 og lau kl. 12–16





# Heildarlausnir fyrir fundarherbergi

## BETRI HLJÓÐ- OG MYNDLAUSNIR

Veldu traustan samstarfsaðila og faglega ráðgjöf sérfræðinga

### Lausnir sem mæta kröfum notenda og bæta árangur

Fundarherbergi nútímans kalla á ákveðnar hljóð- og myndlausnir til að mæta kröfum notenda sem vilja ná athygli og þar með auknum árangri í viðskiptum. Því skiptir afar miklu máli að velja traustan samstarfsaðila sem getur boðið heildarlausnir á þessu sviði.

### Þekking og reynsla í fyrirrúmi

Starfsmenn Nýherja búa yfir mikilli reynslu og tækniþekkingu við hönnun og uppsetningu á hljóð- og myndlausnum. Hafa þeir komið að flestum helstu verkefnum á þessu sviði hér á landi á undanförunum árum. Má þar nefna ráðstefnusali og upplýsingakerfi á Nordica hotel, ráðstefnusal Íslenskrar erfðagreiningar, ráðstefnu- og fjarfundarbúnað í Barnaspítala Hringins og KB banka, fundarsali hjá Landsvirkjun, Alcan á Íslandi og Orkuveitunni, skólastofur í Menntaskólanum við Sund og Menntaskólanum í Kópavogi.

### Rétti samstarfsaðilinn er lykilatriði

Myndin að ofan sýnir þá möguleika sem eru í boði þegar kemur að hönnun fundarherbergja. Lykilatriðið er þó að velja rétta samstarfsaðilann sem uppfyllir þinar kröfur.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu hljóð- og myndlausninni.

Síminn er 569 7700 og netfangið er myndlausnir@nyherji.is



**NÝHERJI**

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • www.nyherji.is



Gólfflísar / Veggflísar / Inniflísar / Útiflísar / Mósaík / Flísalím

# FLÍSA- VEISLA

*20.-30. október*



25% til  
**50%**

**afsláttur**

*af öllum flísum\**

\*gildir ekki með öðrum tilboðum



**BYGGIR MEÐ ÞÉR**



# Stílhreint og glæsilegt

Minotrend baðkrókar:

**499** kr.



Minotrend baðhengi

**499** kr.



Söluastaðir:  
Smáratorg  
Akureyri  
Egilsstaðir



**EKKERT BRUÐL**

Söluastaðir:  
Smáratorg  
Akureyri  
Egilsstaðir

Minotrend kranar

Veljið sjálf!

5 útgáfur

Verð á kрана nú

**2999** kr.

Verð áður: 3999 kr. - 4999 kr.



Söluastaðir:  
Smáratorg  
Akureyri  
Egilsstaðir

Minotrend WC bursti

**499** kr.

Verð áður 1999 kr.

*Allt sem þarf!*



Minotrend sturtusett

**1999** kr.

**ALLAR**  
sérvörubúðir

Minotrend baðsett

4 hlutir - 5 útgáfur

**1999** kr.

VERÐ ÁÐUR: 3900 kr.



**ALLAR**  
sérvörubúðir

**Úrvals verð!**

**BONUS**

Sameining Siglufjarðar og Ólafsfjarðar:

## Ríkið styrki sameininguna

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Bæjarráð Siglufjarðar og Ólafsfjarðar héldu sameiginlegan fund í gær þar sem rætt var um sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Könnunarviðræðum er lokið en framundan eru formlegar viðræður og segir Runólfur Birgisson, bæjarstjóri á Siglufirði, að yfirvöld beggja sveitarfélaga gangi til viðræðna af heilindum og mikið þurfi að koma upp á til að sameining gangi ekki eftir.

„Engu að síður er það að mínu mati forsenda sameingar að stjórnvöld leggi sveitarfélögum til fjármagn í tengslum við sameininguna og að þau komi að

styrkingu atvinnulífsins í sameinuðu sveitarfélagi,“ segir Runólfur.

Stefanía Traustadóttir, bæjarstjóri á Ólafsfirði, segir að á sameiginlegum fundi bæjarráðanna í gær hafi línur verið lagðar varðandi þær viðræður sem framundan eru.

„Samstarfsnefnd um sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, skipuð tveimur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi, mun svo taka við keflinu og skila niðurstöðu en stefnt er á að bæjarbúar kjósi um sameininguna 21. janúar næstkomandi,“ segir Stefanía.

- kk



**RUNÓLFUR BIRGISSON** Bæjarstjórinn á Siglufirði telur að ríkisvaldið verði að leggja Siglufirðingum og Ólafsfirðingum til fjármagn og aðstoða heimamenn við styrkingu atvinnulífsins ef sameining á að ná fram að ganga.



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Tillaga hans um skipan starfshóps sem endurskoða á verklagsreglur einkavæðingar hefur verið samþykkt í ríkisstjórn.

## Í skoðun að setja ný lög um sölu ríkiseigna

Forsætisráðherra ætla að skipa starfshóp sem kanna á hvort endurskoða þurfi verklagsreglur um einkavæðingu og hvort þörf sé á lögum þar um.

**EINKAVÆÐING** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra telur að endurskoða þurfi verklagsreglur um einkavæðingu og hugsanlega setja lög um sölu ríkiseigna. Hann hyggst nú skipa starfshóp sem í samráði við framkvæmdarnefnd um einkavæðingu á að gera á tillögur um hvort rétt sé að endurskoða verklagsreglurnar. Tillaga Halldórs var samþykkt á ríkisstjórnarfundum í gærmorgun.

Á minnisblaði sem forsætisráðherra lagði fram á fundinum kemur fram að reglurnar hafi ekki verið endurskoðaðar síðan 1996. „Síðan þá er mikil reynsla komin á reglurnar enda umfangsmikil sala ríkiseigna á grundvelli

þeirra farið fram,“ segir í minnisblaðinu.

Í starfshópinn verða skipaðir fulltrúar forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, en ráðherrar þessara fjögurra ráðuneyta sitja í ráðherranefnd um einkavæðingu.

Umboðsmanni Alþingis var í gær sent svarbréf við fyrirspurn hans til forsætisráðuneytisins um fyrirkomulag sölu ríkisfyrirtækja og félaga í eigu ríkisins til frambúðar. Í því er umboðsmanni skýrt frá samþykkt ríkisstjórnarinnar og einnig því að engar ákvarðanir hafi verið teknar um frekari sölu ríkiseigna. Hins

vegar fari nú fram af hálfu framkvæmdarnefndar samantekt á eignarhlutum ríkisins í einstökum fyrirtækjum, félögum, sjóðum og stofnunum.

„Ef til vill þykir skynsamlegt út frá samkeppnissjónarmiðum og hagsmunum almennings og ríkisins að kanna betur hvort losa megi þar til frambúðar um eignarhald ríkisins að hluta til eða að fullu. Ljóst er að þegar til lengri tíma er litið verður að teljast sennilegt að sala ríkisfyrirtækja og félaga í samkeppnisrekstri haldi áfram sem og sala á eignarhlutum ríkisins í einstökum félögum,“ segir í bréfinu.

sda@frettabladid.is

Sýningar Leikfélags Akureyrar:

## Forsala slær öll met

**AKUREYRI** Uppselt er á fyrstu tíu sýningarnar á gamanleikritinu Fullkomið brúðkaup sem frumsýnt verður í kvöld hjá Leikfélagi Akureyrar. Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri og leikstjóri verksins, segir forsölu aldrei hafa gengið betur hjá leikfélaginu og nú þegar hefur verið ákveðið að bjóða upp á að minnsta kosti tvær aukasýningar.

Fullkomið brúðkaup er rómantískur gamanleikur eftir Robin Hawdon en hann skrifaði einnig leikgerðina á Sex í sveit sem er ein vinsælasta sýning sem Leikfélag Reykjavíkur hefur sett á svið.

- kk



**SAMAN Í RÚMINU** Guðjón Davíð Karlsson og Álfrún Örnólfsdóttir í hlutverkum sínum í Fullkomnu brúðkaupi sem Leikfélag Akureyrar sýnir í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN







## „ORÐRÉTT“

Hversu vitlausir sem þeir eru?

„Maður er vanur að treysta útreikningum sem lagðir eru fram.“

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í Fréttablaðinu um eftirlaun ráðamanna sem eru miklu dýrari en reiknað var með.

Ekkert má nú!

„Í þessari auglýsingu bykist umsjónarfólk Kastljóssins vera sjálft í viðtölum, svo óþokkalega sjálfsöruggt, lífsglatt og brosmilt.“

Kristján G. Arngrímsson í Ljós-vakapítli Morgunblaðsins um auglýsingu Kastljóss.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? TORFI ÓLAFSSON KRAFTAKARL

## Þræddi stríðsminjasöfn í Normandí

Torfi Ólafsson kraftakar er skráður sem listamaður í símaskránni. „Ég sótti fyrir nokkrum árum um styrk til bæjarins sem íþróttamaður og fékk synjun og ákvað að sækja aftur um sem bæjarlistamaður,“ útskýrir Torfi sem býr á Akureyri og skráði sig af þessu tilefni sem listamann. Torfi hefur átt við erfið meidsl að stríða í á annað ár. „Ég er búinn að vera með rifinn upphandlegsvöðva og þetta er eins og að vera á aldrifsbíl í afturdrifinu,“ segir Torfi kíminn en hann ætlar sér að vera orðinn góður næsta sumar. Torfi er nýkominn úr menningarreiðu til Frakklands þar sem hann skoðaði stríðsminjasöfn á strönd-



um Normandí. „Ég er mikill sögufíkill og hef mikinn áhuga á flestum stríðum og trúarbrögðum,“ segir Torfi sem liggur yfir sögubókum og er fíkill á Discovery- og Historychannel. Honum finnst merkilegt að spá í stríðum sem spöttið hafa út frá trúarbrögðum og segir það vekja hjá sér ýmsar spurningar. „Það skemmtilega við þetta er að maður kemst aldrei að neinni niðurstöðu,“ segir Torfi sem hefur starfað sem meðferðarfulltrúi á sambýli fyrir geðfatlaða í tíu ár. „Það er bæði gefandi og þreytandi,“ segir Torfi sem finnst starfið henta sér vel sérstaklega þegar hann er mikið að keppa.

Torfi Ólafsson er kraftakar.

## tilveran

### SJÓNARHÓLL SPILLING Á ÍSLANDI



MAGNÚS BJÖRN ÓLAFSSON  
RITSTJÓRI STÚDENTABLAÐSINS

### Mergsmogið af spillingu

„Ég get ekki betur séð en Ísland sé mergsmogið af spillingu,“ segir Magnús Björn Ólafsson, ritstjóri Stúdentablaðsins, en samkvæmt lista stofnunarinnar Transparency International sem sérhæfir sig í að meta og fylgjast með spillingu í löndum heims er spilling álitin vera minnst á Íslandi í heiminum.

„Maður spyr sig hvernig þetta sé mælt,“ segir Magnús en í stjórnmálafræðinni miðist mikil spilling til að mynda við það þegar stjórnmálamenn misnota aðstöðu sína í eigin þágu líkt og gerðist í Enron-hneykslinu í Bandaríkjunum. Magnús segir gaman að skoða Ísland út frá höfðatölu og ef spillingin sem viðgengst á Íslandi væri margfölduð líkt og til að mynda stærð fíkniefnamála þá yrði að öllum líkindum komist að annarri niðurstöðu.

## Símarnir opna nýjan heim

Og Vodafone hefur fært nemendum í fjórða til tíunda bekk á táknaálssviði Hlíðaskóla síma og inneign að gjöf. Krakkarnir tóku glaðir við símunum sínum og sögðu sögur og fluttu ljóð í tilefni dagsins.

Á táknaálssviði Hlíðaskóla við Hamrahlíð eru 23 börn. Þau eru í heyrandi bekkjum og sækja tíma að hluta eða í heild með bekkjum sínum. Sumir kennararnir tala táknaál en stundum þurfa krakkarnir að njóta aðstoðar táknaálstúlka í náminu.

Eftirvænting ríkti í Hlíðaskóla í fyrradag þegar krakkarnir, foreldrar, kennarar og fleiri voru saman komin á sal til að taka á móti gjöfinni. Hjörtur H. Jónsson, formaður Foreldra- og styrktarfélags heyrnardauffra, sagði að farsíminn og MSN tæknin væru ein mesta tæknibyltingin í samskiptum heyrnarlausra síðustu ára og þakkaði gjöfina.

Fimmtán krakkar fengu síma og munu mánaðarlega, til útskriftar úr Hlíðaskóla, fá inneign frá Og Vodafone til 60 skilaboðasendinga á dag.



GLÖÐ MEÐ GJAFIRNAR Krakkarnir á táknaálssviði Hlíðaskóla tóku gjöfunum fegins hendi. Eldri börnin fengu síma og inneign en yngri börnin annan glaðning. Þeirra bíða símar þegar þau verða eldri.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Yngri nemendurnir fengu annan glaðning en þeirra bíða símar þegar þeir byrja í fjórða bekk.

Unnur Pétursdóttir, er að verða tólf ára og er í sjöunda bekk. Hún var sæl og glöð með nýja símann sinn en hún er þaukunnug gsm-tækninni, hefur notað hana í fjögur ár.

„Ég byrjaði að nota gsm þegar ég var átta ára og nota


hann auðvitað mikið ennþá,“ segir hún.

Það voru mikil viðbrigði fyrir Unni þegar hún byrjaði hafa samskipti við aðra með símanum og hann kemur að gagni bæði þegar hún þarf að spjalla við vini sína og eins ef hún lendir í einhverjum vandræðum eins og sagt er frá hér til hliðar.

Unnur segist ekki vera neitt svakalega fljót að skrifa skilaboð á símann sinn en segist heldur ekki vera neitt svakalega sein. Hún notar hefðbundnið íslenskt ritmál til skilaboðasendinganna og segir allt í lagi þótt einstaka málvilla slæðist með.

Þó að Unnur eigi nú tvo síma ætlar hún ekki að taka upp á því að skrifa SMS skilaboð á báða símana í einu, gamli síminn fer bara í geymslu.

### ÞÚ ERT UNDRATÆKI



Ljóð eftir Snæðis Rán Hjartardóttur í tilefni dagsins.

Þú ert undratæki  
Þú sendir skilaboðin mín út í geiminn til allra vina minna.  
Þú myndar mig.  
Þú verður frábær.  
Þú ert síminn minn.

### RANGUR STRÆTÓ

Unnur Pétursdóttir sagði sögu af göðum notum símans.



„Það er frábært fyrir okkur að nota gsm síma, við getum sent SMS og átt samskipti við bæði heyrandi og heyrmarlausa. Sumir heyrmarlausir geta talað í síma en aðrir nota bara SMS og ég bauð til dæmis í afmælið mitt með því að senda SMS skilaboð.“

Mig langar að segja ykkur stutta sögu af sjálfri mér. Þannig er mál með vexti að ég æfi fimleika með Ármanni en bý í Grafarvogi þannig að ég þarf að nota strætó til að koma mér niður í Ármann. Einu sinni tók ég óvart rangan strætó og fór ranga leið, ég sá það strax þegar ég var komin af stað. Þá sendi ég mömmu SMS skilaboð og hún vissi hvar ég var og gat náð í mig. Svo vil ég þakka OgVodafone hjartanlega fyrir þessa gjöf til okkar heyrmarlausa.“

## FIMMTUDAGS- TILBOÐ

Pondus stígvél með kuldafóðri



TILBOÐ GILDA Á MEDAN BIRGÐIR ENDAST

2.995 kr. - verð áður

1.995 kr. - verð nú

litir: svart, vínrautt  
stærðir: 22 - 35

Breyttur opnunartími, opnum kl.11!

**T**oppskórin  
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

Stefán Jónsson öskubílstjóri sigraði í karóíkappni á Hólmavík um helgina:

## Ætlar ekki að helga sig tónlistinni í framtíðinni

Stefán Jónsson sigraði í karóíkappni vinnustaða á Ströndum en úrslit fóru fram í Bragganum á Hólmavík um helgina. Stefán söng löggin Love is all around me með Troggs og Burning love með Elvis á úrslitakvöldinu og bræddi hjórtu dómnefndar og áhorfenda.

„Hann stóð sig frábærlega og er vel að sigrinum kominn,“ segir Jón Jónsson, þjóðfræðingur á Ströndum, og bætir við að mikið fjór hafi verið í Bragganum og skemmtunin góð.

Stefán er vitaskuld ánægður með sigurinn en leggur áherslu á að rík vinátta hafi verið meðal keppenda og enginn rígur þeirra á milli. „Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir Stefán sem aðallega hefur sungið bakraddir fram til þessa. Þrátt fyrir sigurinn hyggst hann ekki færa sig upp á skaftið í tónlistinni og ætlar ekki að leggja hana fyrir sig. „Það verður enginn feitur af þessu,“ segir hann og hlær en hann vinnur hjá Áhaldahúsi Hólmavíkur og ekur ruslabílunum um Hólmavík og Strandirnar.



STEFÁN TEKUR VIÐ VERÐLAUNUNUM Þrátt fyrir sigur hyggst hann ekki leggja tónlistina fyrir sig.

LIÓSMYND / STRANDIR.IS



LANCÔME  
PARIS

# EGIFT

> GJAFATÍMI



\*gildir meðan birgðir endast.

## Vertu velkomin á Lancôme daga í Hagkaupum Kringlunni

Þar bíður þessi glæsilega gjöf eftir þér þegar þú kaupir Lancôme snyrtivörur fyrir 5.500 kr. eða meira.

Líttu við og láttu sérfræðing LANCÔME kenna þér nýjustu förðunartæknina, aðstoða við val á húðsnyrtivörum og umhirðu húðarinnar, dagana 20. - 26. okt.

### Kaupakinn\* inniheldur m.a.

- Falleg snyrtitaska
- Aqua Fusion dagkrem 15ml
- Galatéis Clarté hreinsimjólk 50ml
- Body Sculptesse 15ml
- Hypnôse mini maskara
- Miracle So Magic edp 7ml
- Teint Idole Ultra farða 10ml

Verðmæti kaupakans er um 6.000 kr.  
Fleiri gerðir kaupauka eru í boði.

## HAGKAUP


Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslun  
Hagkaupa Kringlunni



## SVONA ERUM VIÐ

Hlutfall Íslendinga sem vilja aðskilnað ríkis og kirkju



HEIMILD: GALLUP

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL- GREINING: FJÖLDAMORÐIN Í DUJAIL

## Bærinn var þurrkaður út af kortinu

Þótt fjöldamorðið í Dujail 1982 sé ekki versta ódæðið sem Saddam Hussein er sakaður um að hafa fyrirskipað tölu starfsmenn rannsóknardómstólsins auðveldast að sækja hann til saka fyrir aðild sína að því.

## Hvað gerðist eiginlega í Dujail?

Á sínum tíma var sjáabærinn Dujail eitt sterkasta vígi Dawa-flokksins, flokks Ibrahim al-Jaafari, núverandi forsætisráðherra. Í stríðinu við Íran taldi Saddam að sér stafaði sérstök ógn af trúbræðrum Írana í Írak og því hélt hann sjúum undir járnhæl sínum. Því sýndu nokkrir félagar Dawaflokksins honum banatílraði er hann var á leið um bæinn í júlí 1982 en augljóslega fór það út um þúfur.

Í refsingarskyni lét Saddam öryggislögreglu sína taka 143 karlkyns íbúa bæjarins, allt niður í 13 ára gamla, og skjóta þá eftir sýndarréttarhöld. Hús voru eyðilögð og akrar brenndir.

## Hvers vegna gerði umheimurinn ekkert?

Á þessum tíma stóð stríðið við Írana sem hæst og því var Írak að mestu lokað blaða- og fréttamönnum. Það skipti ekki síður máli að allur arabaheimurinn, Bandaríkin og Vesturlönd studdu Íraka þar sem þeir óttuðust mjög uppgang klerkaveldisins í austri. Þannig vissu Bandaríkjamenn um efnavopnahernað Íraka en kusu að halda að sér höndum.

## Hvað bendir til að Saddam hafi vitað um ódæðið?

Stjórn Saddams var mjög persónuleg, sérstaklega hvað öryggis- og hernaðarmál áhræði. Til dæmis skipaði hann eingöngu menn sér tengdum fjölskylduböndum í yfirmannsstöður leyningreglu. Þar fyrir utan voru nýlega birtar myndir sem sýna Saddam í Dujail þar sem hann ávarpar hóp fólks og hótar „leppum erlendra ríkja“ grimmilegum hefndum fyrir morðtilraunina við sig.



SADDAM HUSSEIN ÁRÍÐ 1980

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## SPURT OG SVARAÐ

LANDNEMAR Á ÍSLANDI

## Margir flækingsfuglar seinustu árin

Pistilfinka sást í fyrsta sinn á Íslandi svo staðfest sé á mánudag. Þessi skrautlegi fugl, sem er á stærð við snjóttilling og á heimkynni víða um Evrópu, sást við bæinn Brunnhól.



BRYNJÚLFUR BRYNJÓLFSSON FUGLA-ÁHUGAMAÐUR

## Valda gróðurhúsaáhrifin því að pistilfinka flæktist hingað?

Þetta var nú bara veðrinu að kenna, þetta var bara lægðin. En ég get ekki sagt hvort gróðurhúsaáhrifin hafi áhrif, og ég get ekki sagt þau hafi engin áhrif. Þessi fugl gæti sjálfsgætt farið að lífa hér þegar meiri skógur er kominn, en þetta er í fyrsta sinn sem við sjáum hana, og þá bara einn fugl.

## Hafa margir sjaldséðir flækingsfuglar sést hér á landi seinustu árin?

Já, mjög margir. Rosalega margir fuglar hafa sést þessa dagana, bæði Ameríkufuglar, Evrópufuglar og frá Síberíu.

## Eru margir fuglaskoðarar á landinu?

Það eru hér svona tíu til fimmtán manna harður kjarni sem er vel virkur og fylgir veðrinu. Svo eru um 160 til 170 á tölvupóstlistanum okkar, og svo eru náttúrulega allir hinir.


## Fleiri látast af venjulegri flensu

Vitað er um að minnsta kosti 15 tegundir af fuglaflensu. Engin þeirra hefur stökkbreyst þannig að flensan berist frá einni manneskju til annarrar, en vísindamenn hafa áhyggjur af að svo geti orðið.

Að minnsta kosti 15 tegundir fuglaflensu eru til í heiminum, og þó sumar þeirra séu afar skaðlegar fuglum, hefur engin þeirra enn borist frá einni manneskju til annarrar. Heilbrigðisfyrirvöld hafa áhyggjur af nokkrum afbrigðunum, þá sérstaklega H5N1, sem vísindamenn telja líkleg til að breytast á þann hátt að veiran geti borist frá einni manneskju til annarrar.

Í augnablikinu smitast fólk eingöngu af snertingu við sýkta fugla, og ekkert bendir til þess að fólk geti smitast við það að leggja sér fuglakjöt til munnis, þó ungur maður í Víetnam hafi smitast fyrir á þessu ári af því að drekka hrátt andablöd.

Tugir manna hafa smitast



LÖND ÞAR SEM H5N1 FUGLAFLENSUVÍRUS HEFUR GREINST Einungis eru tiltekin tilfelli sem staðfest hafa verið.

HEIMILD: ALÞJÓÐA HEILBRIGÐISSTOFNUNIN

af fuglaflensu síðan hún fyrst greindist í fólk í Hong Kong árið 1997, og hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tilkynnt um 60 látna af H5N1 afbrigði veirunnar, þó talan sé líklega hærra þar sem stofnunin tilkynnir eingöngu þau tilfelli sem staðfest hafa verið af viðurkenndri rannsóknarstofu. Meðal annars telur stofnunin dauðsföllin í Hong Kong ekki með í tölunni

yfir heildarfjölda látinna. Þó látast mun fleiri af venjulegri flensu á ári hverju.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir veiru verða að hafa þrjá eiginleika svo hún geti valdið faraldri. Hún verður að koma frá skepunum og hafa aldrei borist í fólk áður. Hún verður að geta gert fólk veiktt, en flestar veirur gera það ekki, og jafnframt verður hún

að vera bráðsmitandi í gegnum snertingu eða hósta.

H5N1 hefur fyrstu tvo eiginleikana, og telja vísindamenn eingöngu tímaspursmál hvenær hún mun stökkbreystast. Fátt gefur tilvonandi farsótt til kynna, nema helst hröð fjölgun óskyldra tilfella.

Einkenni H5N1 veirunnar svipar til venjulegrar flensu: hiti, hálsbólga, hósti og einnig geta sjúklingar þjáðst af alvarlegum öndunarfarvandamálum.

Ekkert bóluefni er til við fuglaflensu, en lyfjafyrirtæki hafa undanfarin ár náð mikilli reynslu í framleiðslu bóluafna. Þó þarf að minnsta kosti fjóra mánuði til þess að búa til nýtt bóluafni sem gæti varnað útbreiðslu stökkbreyttrar veiru, vegna þess hve mikið og fljótt þær breytast. Bóluafni sem útbúið væri til varnar veirunni sem greindist í Rúmeníu fyrir í mánuðinum, myndi líklega hafa lítið að segja gegn veirunni árið 2007.

Hins vegar eru lyfjaframleiðendur að búa sig undir fuglaflensufaraldur eins vel og þeir geta, með framangreint í huga. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að í næsta flensufaraldri sem brýst út í heiminum, hvort sem hann verður fuglaflensa eða einhver annar sjúkdómur, munu að minnsta kosti tvær til sjö milljónir manna farast.

## TÍMALÍNA FUGLAFLENSU

**1997:** Fyrstu tilfelli fuglaflensuveirunnar H5N1 greinast í fólk í Hong Kong, 18 veikjast og sex látast.

**Mai 2001:** Yfir milljón fuglum slátrað í Hong Kong.

**Febrúar 2003:** Einn deyr í Hong Kong.

**Apríl 2003:** Ný tegund fuglaflensu, H7N7, finnst í Hollandi, 80 veikjast, einn deyr.

**Nóvember 2003:** Fuglaflensa finnst í Taílandi.

**Desember 2003:** H5N1 fuglaflensufaraldur hefst í Suður Kóreu.

**Janúar 2004:** Neyðarfundur haldinn í Asíu. Fiðurfé slátrað í Laos, Indónesíu, Pakistan og Kína. Átta látast í Taílandi og Víetnam.

**Febrúar 2004:** Fuglaflensa finnst í Texas, Japan og Kanada. Sjö látast í Taílandi, 25 í Víetnam.

**Júlí 2004:** Fuglaflensa greinist á ný í Kína.

**Ágúst 2004:** Strútum fargað í Suður-Afríku vegna fuglaflensu. H5N1 afbrigðið finnst í svinum í Kína. Fuglaflensa greinist í Malasíu.

Tuttugu og átta hafa látist í Taílandi.

**September 2004:** Heilsugæslustarfsmenn í Taílandi segja móður hafa smitað dóttur sína, en rannsókn var ekki gerð. Þrjátíu manns látast í Malasíu.

**Febrúar 2005:** Einn lést í Kambódíu.

**Mars 2005:** Norður-Kórea tilkynnir fyrsta tilfelli fuglaflensu.

**Júlí 2005:** H5N1-veiran finnst í Rússlandi og Kasakstan.

**Ágúst 2005:** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin segir H5N1-vírusinn líklegastan til að stökkbreytast og valda faraldri meðal manna. Mongólía tilkynnir dauða 89 fargugla úr fuglaflensu. H5N1-veiran finnst í fuglum í Tibet.

**September 2005:** Faðir og tvær dætur hans deyja í Indónesíu af H5N1-veirunni, þó ekkert þeirra hafi unnið við fiðurfé.

**Október 2005:** Rannsóknir staðfesta H5N1-veiru í alikalkúnum í Tyrklandi, og í villtum fuglum við Dóná í Rúmeníu. Jafnframt verður fuglaflensa vart í Grikklandi. Evrópusambandið heldur neyðarfund í Brussel.

# D.V.

Óprúttinn viðskiptafræðingur

## SVEIK MILLJÓNIR AF ÖLDUNGI MEÐ ALZHEIMER Fékk 4 mánaða fangelsi

Þeirir þegar aðrir þegja!

FRÉTTASKÝRING  
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR  
Blaðamaður



# Europpris



**2490-**

FJÖLNOTA SLÍPITÆKI

FÚGUSKERI

taska fylgir

Fylgihlutir 949-

## Hvergi betra verð!



**189-**

RÚÐUVÖKVI

4 lítrar

**79-** pr. pk.

SALERNISPAPPÍR

8 í pk.



**199-**

SPRITTKERTI

100 í pk.



**18-**

NIÐURSÚÐUVÖRUR

margar gerðir



**139-**

JARÐABERJASULTA

800 gr.

**89-** pr. pk.

APPELSÍNU- / EPLASAFI

1,5 ltr.



**149-** pr. pk.

PVOTTAEFNI - MICRO

850 gr. - f / hvítan og litaðan þvott

- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Austurvegi 69, Selfossi

# Europpris


**OPIÐ 9 - 20**  
Lau. og Sun. Opið 10 - 18

Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl.  
Vörur geta verið uppseldar.



## ÚTGJÖLDIN

> Kílóverð af frystum rækjum miðað við verðlag í febrúar á öllu landinu



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

hagur heimilanna

## NEYTANDINN: UNA MARÍA ÓSKARSDÓTTIR

## Hælarnir héldu ekki tjaldinu

Bestu kaupin sem Una María Óskarsdóttir, sem gefið hefur kost á sér til fyrsta sætis á lista Framsóknarflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor, hefur gert var þegar hún keypti sér borðstofuborð og fjóra stóla fyrir tuttugu árum. „Ég man ég borgaði fimm þúsund kall fyrir borðið og stólana, sem ég keypti í Fornversluninni á Grettisgötu sem Hannes Ágústsson föðurbróðir minn átti,” segir Una María. „Ætli það sé ekki jafnvirði um þrjátíu þúsund króna í dag,” segir hún. Borðið og stólarnir eru úr eik og segist hún ekkert á leiðinni að skipta þeim út. Hægt er að stækka borðið þannig að allt að tólf geta setið við það í einu. „Þetta voru frábær kaup,” segir Una María.



Verstu kaupin segist hún hafa gert fyrir um sex árum þegar fjölskyldan festi kaup á hústjaldi með tveimur hangandi svefntjöldum inn í. „Það kom á daginn í fyrstu útilegunni í tjaldinu að hælarnir voru allt of litlir og héldu tjaldinu engan veginn svo það bókstaflega fók í loft upp í einni vindhviðunni,” segir Una María. Fjölskyldan var þá stödd á Seljavöllum undir Eyjafjöllum. Una María segir að með tjaldinu hafi tekist á loft svefnpokar og tösukur sem voru inni í tjaldinu. „Auk þess sem tjaldið eyðilagðist þurftum við að greiða jeppaiganda bætur vegna þess að stöng úr tjaldinu lenti á bíl hans og dældaði,” segir hún. „Það var mesta mildi að börnin voru ekki inni í tjaldinu þegar það fók, annars er aldrei að vita nema þau hefðu fokið með,” segir Una María.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

■ Sigmar B. Hauksson, matgæðingur og skotveiðimaður, ræðir um helstu aðferðir sem stuðla að betra heilsufari.

„Ég kann mörg ágæt húsráð. Eitt þeirra hefur dugað mér mjög vel og það er að drekka eitt stórt vatnsglas, ekki minna en 2,5 desílítra, fyrir hverja máltíð. Maður snæðir minna og liður betur á eftir. Kjörvigtin helst lengur með þessu móti. Í framhaldi af þessu ráðlegg ég fólki að snæða aldrei neitt í það minnsta fjórum klukkustundum áður en gengið er til náða. Maður sefur miklu betur með þeim hætti, hefur miklu betri draumfarir og liður miklu betur. Nú er þjóðin að fitna en offita er ekki síður hættuleg heldur en reykingar. Fólk á því að minnka neyslu sína á sykri og sætindum og fara í laugarnar ekki sjaldnar en þrisvar sínum í viku.



## ■ Hvað kostar....Að leggja bílnum?

### Dýrast á Laugaveginum

Auk bílahúsa eru þrjú gjaldsvæði í Reykjavík, þar sem greiða þarf fyrir hverja klukkustund sem bílnum er lagt í stæði á mánudegi til föstudags, frá klukkan 10 að morgni til 18 síðdegis. Þá þarf einnig að greiða í stöðumæla á laugardögum frá klukkan 10 að morgni til 13 á hádegi. Í bílahúsum þarf að greiða 100 krónur fyrir hverja klukkustund sem lagt er.

Svæði 1 er á Laugavegi og svæðið frá Lækjargötu að Suðurgötu. Þar þarf að greiða 150 krónur fyrir hverja klukkustund. Á svæði 2, sem eru flest önnur gjaldskyld svæði í miðborg Reykjavíkur þarf að greiða 80 krónur fyrir hverja klukkustund. Nokkur stæði eins og við Geirsgötu, sem ætluð er til langtímabílastæða, teljast til svæðis 3. Þar þarf að greiða 80 krónur fyrir hverja klukkustund fyrstu tvo tímana, en verðið verður 20 krónur á klukkustund eftir það.



## ■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

### Of mikið nikkel í maskara



Netendasamtökin segja frá því á heimasíðu sinni, að þótt búið sé að banna nikkel í snyrtivörum sýni ný dönsk rannsókn að hátt hlutfall nikkels finnst í nitján tegundum algengra maskara. Mælt er með því að nikkelinnihald maskara fari ekki yfir 5 mg á hvert kíló, en könnunin leiddi í ljós að sá maskari sem hafði hæst hlutfall nikkels innihélt 41 mg á kíló, en sá sem hafði minnst hafði 16 mg á kíló. Nikkelinnihald er ekki merkt sérstaklega í möskurum og því er erfitt að sjá hvaða maskarar hafa hæsta nikkelinnihaldið. Mest er nikkel í svörtum eða dökkum maskara, en minna í maskara í ljósum litum.

## ■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

### Nýtt rit um fjármál

Nýtt blað fjármál, Peningarnir þínir, láttu þá vinna með þér, verður dreift á öll heimili í landinu í dag. Það er Eignastýring Íslandsbanka sem gefur blaðið út. Efni blaðsins fjallar um hvernig hægt er að láta peningana vinna með sér. Þar er að finna upplýsingar, fræðslu, fróðleik og ráðgjöf um fjármál. Meðal annars er fjallað um sparnað, skipulag fjármála, hlutabréfakaup, endurfjármögnun skulda og hvernig hægt sé að skapa sér fjárhagslegt öryggi í framtíðinni.



PORKELL INGI INGIMARSSON Porkell Ingi segir fólk meðvitað um þann slökkvibúnað sem þurfi á heimilin.

# Reykkskynjara og slökkvitæki í öll hús

Samkvæmt lögum á reykkskynjara og slökkvitæki að vera á hverju heimili. Fólk er sérstaklega hvatt til að huga að eldvarnarbúnaði á heimilum sínum nú þegar fer að skyggja og notkun kerta fer vaxandi.

Brunamálastjóri hvetur fólk til að huga að eldvarnarbúnaði á heimilum sínum sérstaklega nú þegar dag tekur að stytta og hátið ljóss er ekki langt undan. Hann fer yfir helstu tæki og töl sem öruggt heimili ætti að vera búið.

„Kröfurnar sem gerðar eru lögum samkvæmt eru þær að á hverju heimili séu reykkskynjarar og slökkvitæki,” segir Björn Karlsson brunamálastjóri. „En ég ráðlegg þó fólki að láta það eitt ekki nægja. Það er nú svo að flestir eldsvoðar verða vegna þess að fólk gleymir einhverju á eldavél. Það er því gott að hafa sérstakan

reykkskynjara nálægt eldhúsinu og svo er alveg nauðsynlegt að hafa eldvarnarþessi í eldhúsinu til að bregða yfir eld ef hann kemur upp í olú, til dæmis.“

En eldsupptök eru ekki alltaf tengd eldavélinni. „Það getur líka komið fyrir að eldur komi upp í heimilistækjum eins og sjónvarpi og þurrkara. Það er reyndar frekar sjaldgæft en allur er varinn góður og þar sem til er sérstakur og sjálfvirkur slökkvibúnaður sem hægt er að setja í sjónvörp mæli ég eindregið með því að fólk fái sér slíkan búnað.“

Björn mælir einnig með því að fólk hafi reykkskynjara nálægt svefnherberjum og heimilistækjum sem kviknað getur í. Ef húsið er margra hæða mælir hann með því að skynjari sé á hverri hæð. „Svo eru til þróaðir reykkskynjarar sem fara allir í gang ef einhver þeirra skynjar reyk og það getur verið mjög gott að vera með þá,” segir Björn.

Til að gera sér í hugarlund hvað

það getur kostað að búa þannig í haginn að öruggt sé var leitað til verslunarinnar Eldvarnarmatstöðin Ólafur Gíslason og Co og spurst fyrir um verð.

Reykkskynjarar kosta á bilinu 1.000 og upp í tæpar 5.000 krónur, eldvarnarþessi kosta á bilinu 3000 til 4000 krónur, duftslökkvitæki kosta svo á bilinu rúmlega fimm og upp í rúmar sexþúsund krónur.

„Þetta er þessi hefðbundni slökkvibúnaður en nú í seinni tíð hefur reynsla gefið tilefni til að brýna fyrir fólki að hafa einnig sjálfvirkan slökkvibúnað í sjónvarpinu,” segir Björn. Ekki fer mikið fyrir slíku tæki en það er um fimm sentimetrar í ummál og einn sentimetrar að þykkt. Ef eldur kemur upp í sjónvarpinu, það er að segja í tækinu sjálfu, leysist svokallað aerosol-efni úr tækinu og slekkur hann. Í Heimilistækjum ehf. kostar tækið og ísetning tæpar sjö þúsund krónur.

js@frettabladid.is

Hnífaskerpingar voru eitt sinn blómleg atvinnugrein en þeir tímar eru liðnir:

## Frekar keyptur nýr hnífur

„Þú getur farið í Ikea og keypt fimm eða sex hnifa á verði einnar skerpingar. Þetta er því illviðráðanlegt,” segir Smári Úlfarsson, rennismiður í Hafnarfirði sem við og við tekur að sér að skerpa eldhúshnífa.

Smári segir það mikla kúnt að skerpa hníf svo vel sé. „Stál-íð má ekki hitna, þetta þarf að gera í vatni og á hverfisteini eða með sambærilegum búnaði.“

Hann man tímana tvenna enda á hann að baki 25 ár í faginu. „Þetta var öðru vísi í eina tíð en nú er frekar keyptur nýr hnífur. Þetta er því ekki business heldur líknarstarf.“

Smári segir fáa veita þessa

þjónustu en þó séu enn einhverjir sem taki að sér að skerpa hnifa. Sjálfur skerpir hann aðallega fyrir vini og vandamenn. „Sú hefð hefur til dæmis skapast að ég fer heim með hverfisteininn á Þorláksmessu og skerpi fyrir fjölskylduna.“

Hann brýnir fyrir fólki að fara vel með hnífana sína svo síður þurfi að skerpa þá. „Það á ekki að geyma góða hnifa í skúffum innan um önnur eldhúshöld þá nuddast hann við og egginn eyðileggst. Beitta hnífinn á annað hvort að geyma á segli eða á kubbi og eftir notkun á að skola hann og ganga frá honum.“ ■



BITIÐ SKERPT Smári Úlfarsson hvetur fólk til að fara vel með hnífana sína.



**SAMTÖK HEILBRIGÐISSTÉTTA**

Málþing um líkandi meðferð og lífskrá

Málþing Samtaka heilbrigðisstétta verður haldið í Félags húsi Þróttar í Laugardal (við gervigrasvöllinn)

Smmtudaginn 20. október kl. 16:30 til 18:45

Þáttfugjald er 1000,- kr.

Málþingið verður tölkað yfir á líkramil

**Drög að dagskrá:**

- 16:30 Setning málþings  
Lárus Steinþór Guðmundsson formaður SHS
- 16:40 Anna Birna Jensdóttir hjúkrunarforstjóri á Sólunni  
„Líkandi meðferð; ögn og gleða mannréttindi“
- 16:55 Sigfinnur Þorleifsson sjúkráhusprestur á LSH  
Líkandi meðferð andleg vegferð
- 17:10 Kaffihé
- 17:30 Sigurður Guðmundsson landlæknir  
Lífskrá
- 17:45 Salvör Norðal forstöðumaður Siðfræðistofnunar  
Siðfræðileg álitamál varðandi líkandi meðferð og lífskrá
- 18:00 Pallborðsumræður, fyrirlesarar sitja fyrir svörum  
Lárus Steinþór Guðmundsson stýr umræðum.
- 18:45 Málþingi slitti

Upplýsingar um Samtök heilbrigðisstétta er hægt að nálgast á: [www.heilbrigdisstetta.is](http://www.heilbrigdisstetta.is)

Allir eru velkomnir á málþingið





# Taktu þátt!

## Fjölskyldan í Reykjanesbæ

### Ráðstefna laugardaginn 22. október 2005

Við bjóðum öllum til ráðstefnu um málefni fjölskyldunnar í Reykjanesbæ þar sem fjallað er um hvernig við sköpum fjölskylduvænna samfélag fyrir fjölskyldur á öllum aldri. Boðið er upp á barnagæslu og Solla stirða og Halla hrekkjusvín úr Latabæ skemmta börnum á meðan foreldrar hlýða á erindi.

#### Samkomusalur Holtaskóla:

kl. 10:00	<b>Setning</b>
kl. 10:10	Solla stirða og Halla hrekkjusvín mæta á staðinn
kl. 10:10	<b>Nýja barnið</b> Konráð Lúðvíksson, kvensjúkdóma- og fæðingalæknir, lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja <b>SOS hjálp fyrir foreldra</b> - Samræmdar uppeldisaðferðir Gylfi Jón Gylfason, yfirsálfræðingur Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar <b>Holdafarið í lag</b> - Hagnýtum niðurstöður vísindarannsókna í þágu fjölskyldunnar Inga Þórsdóttir prófessor við Rannsóknastofu í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands og formaður mannelisráðs
Kl. 11:00	<b>Kaffi og umræður</b>

#### Hliðarsalur Holtaskóla:

Kl. 10:10	<b>Málefni aldraðra í nútímasamfélagi</b> Jón Eyjólfur Jónsson, öldrunarlæknir, Landspítala- Háskólasjúkrahúsi <b>Ný tegund aldraðra</b> Berglind Magnúsdóttir, öldrunarsálfræðingur <b>Áherslur í réttindabaráttu aldraðra</b> Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi, formaður eldri borgara í Reykjavík og í stjórn landssambands eldri borgara
Kl. 11:00	<b>Kaffi og umræður</b>

#### Samkomusalur Holtaskóla

Kl. 11:30	<b>Þróun í fjölskyldumálefnum</b> Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands <b>Háskóli í Reykjanesbæ</b> Geir Sveinsson, framkvæmdastjóri Íþróttakademiunnar <b>Hlutverk uppálenda</b> Einar Gylfi Jónsson, sálfræðingur
Kl. 12:30	<b>Kaffi og umræður</b>
Kl. 13:00	<b>Ráðstefnuslit</b>



Solla stirða og Halla hrekkjusvín líta við.

#### Í Reykjanesbæ er:

- Vönduð skóla- og félagsþjónusta
- Margir útivistarmöguleikar
- Vaxandi atvinnutækifæri
- Öflugt menningarlíf
- Fjölbreytt framboð lóða
- Góð aðstaða til íþróttaiðkunar
- Öflugt félagsstarf eldri borgara
- Íþróttakademía og fjölbrautaskóli
- Frítt í strætó
- Skólamáltíðir á 185 kr.
- Forskóli tónlistarskóla ókeypis
- Hljóðfæranám innan grunnskóla
- Frístundaskóli með akstri á íþróttæfingar
- Nýtt þjónustusvæði eldri borgara
- Ungmennahús
- Engir biðlistar á leikskóla

En....

Við getum gert ennþá betur!





# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Fjölmiðlarnir eiga að fá að vera í friði.

## Frelsið er farsæl

Ef fasendur þær um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar frá því í vor, sem sótt hafa á nýkjörna forystumenn Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, eftir landsfund flokksins, væru fagnaðarefni ef þær byggðust á grundvallarsjónarmiðum, sem sjálfstæðismenn hafa í orðu kveðnu gert að sínum: óheftu tjáningarfrelsi og virðingu fyrir eignarréttinum. Því miður er ekki svo að sjá. Opinberar yfirlýsingar þeirra undanfarna daga benda þvert á móti til þess að þau telji nauðsynlegt að þrengja svigrúm einstaklinga til að reka ljósvakamiðla og standa að dagblaðaútgáfu vegna þess að efni og efnistöð fjölmiðla, sérstaklega fréttaflutningur, uppfylli ekki væntingar þeirra.

Þetta góða fólk virðist gleyma því að í lýðfrjálsu landi er dómur um fjölmiðla á degi hverjum kveðinn upp á hinum frjálsa markaði. Þeir miðlar sem standa sig ekki, þykja óspennandi, óvandadír eða ótrúverðugir, tapa kaupendum og auglýsendum og lúta í lægra haldi fyrir vandaðri eða vinsælli miðlum. Um þetta eru nokkur nýleg dæmi á okkar litla fjölmiðlamarkaði, bæði hvað varðar dagblöð og ljósvakamiðla. Þetta hlutverk markaðarins eiga stjórnvöld eða stjórnámálmenn ekki að taka að sér, enda stríðir það gegn grundvallarreglum lýðræðisins.

Þegar skýrsla fjölmiðlanefndarinnar var kynnt á vordögum kallaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hana „sögulega sáttagjörð“. Áhersla var lögð á að allir stjórnámálflokkar hefðu átt fulltrúa í nefndinni og mætti því tala um niðurstöður hennar sem „þverpólitískar“. Bodað var að á grundvelli skýrslunnar yrðu samin lög, sem meðal annars kvæðu á um að enginn einn aðili mætti eiga meira en 25 prósent hlut í fjölmiðli, dagblaði jafnt sem ljósvakamiðli, þegar útbreiðsla viðkomandi fjölmiðils væri komin á ákveðið stig. Í ljósi þessarar forsögu kemur ekki á óvart að þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem tóku þátt í nefndarstarfinu, hafi utan dagskrár á Alþingi í gær óskað eftir skýringum á nýjum yfirlýsingum Geirs Haarde, Þorgerðar Katrínu og fleiri sjálfstæðismanna um þetta mál, því ekki hefur verið unnt að skilja ummæli þeirra öðruvísi en svo að þeir væru tilbúnir að rjúfa „sáttina“ og hefja nýtt fjölmiðlastríð.

Viðbrögð Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og talsmanna stjórnarandstöðunnar í umræðunum sýna að sjálfstæðismenn eru einangraðir í málinu. Það er athyglisverð staða.

Hitt er svo annað mál að tillögur fjölmiðlanefndarinnar frá því í vor eru í veigamiklum atriðum vandar og vanhugsaðar. Ekki er til dæmis kunnugt um að í öðrum lýðræðisríkjum sé eignarhaldi dagblaða settar hömlur af því tagi sem nefndin gerir ráð fyrir. Rétt er að rifja upp að þegar skýrslan kom fram í vor urðu umræður um hana á Alþingi. Var þá ekki hægt að skilja orð Marðar Árnasonar, Samfylkingunnar, öðruvísi en svo að flokkurinn hefði allan fyrirvara um stuðning við tillögur nefndarinnar, enda snertu þær viðkvæm lýðréttindi.

Fjölmiðlastríðið í fyrra eittraði andrúmsloftið í þjóðfélaginu og skaðaði stjórnámálakerfið í landinu. Þung ábyrgð hvílir á herðum þeirra sem nú espa til nýrrar orrustu um þetta mál. Farsæl er að fjölmiðlarnir fái að vera frjálsir og aðrar reglur verði ekki settar um starfsemi þeirra en almannaheill krefst.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Án hans er ég ekki neitt

Í dag tekur Davíð Oddsson við embætti seðlabankastjóra, en skipunarbréf frá Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra hafði hann í vasanum þegar hann tilkynnti í Valhöll að hann hygðist yfirgefa vettvang stjórnmalanna. Að öllu samanlögðu þarf Davíð engu að kvíða í fjárhagslegu tilliti; hann verður hátekjumaður líkt og Jón Ásgeir Jóhannesson, sem kenndur er við Baug. Sem leiðir hugann að því að hinn glaðværi Gísli Marteinn Baldursson, annað af tveimur borgarstjóraefnum Sjálfstæðisflokksins, hefur látið hafa eftir sér að engir tveir menn hafi í sam-einingu gert jafn mikil fyrir íslenska alþjóðu og Davíð Oddsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Spurningin er eiginlega hvort því sé í raun þannig háttað að hvorugur geti

án hans verið, Davíð og Jón Ásgeir. Nú er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem Davíð skaut upp á stjórnheiminn, sem síðustu helgi, hætt í bankaráði Seðlabankans. Daginn sem Davíð hefur þar störf. Sjálfsgat telst það ekki við hæfi að formaður léttvægs dótturfélags auðhrings sitji í bankaráðinu lengur.

#### Leifturarár

Það var engu líkara en leifturarár Sívar Friðleifsdóttur, Framsóknarflokk, í solum alþingis hefði komið Árna Mathiesen fjármálaráðherra úr jafnvægi síðastliðinn mánuðag. Nýkominn

af landsfundi Sjálfstæðisflokksins bjóst hann til varnar gegn atlöngum stjórnarandstöðunna. Hann hafði nefnilega sagt landsfundarmönnum að bensínstyrk öryrkja og aldraðra ætti að afnema að tillögu Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra.

Siv lagði til hans úr herbúðum stjórnarlóðsins og kvað Árna hafa sett upp geislabaug og vængi. „Nú tók steinin úr,“ sagði hún og bætti við að framsóknarmönnum væri illt í bakinu. Hvort bakverkurinn var til kominn vegna meintrar rýtingstungu Árna í bak Jóns eða hins, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur varpað byrðum erfiðra mála yfir á herðar Framsóknarflokksins skal ósagt látið.

johannh@frettabladid.is

## Þegar ballið er búið

Efnahagslífið hefur liðkæzt til muna undangengin ár og lyftzt upp í áður óþekktar hæðir, og lífskjör fólks hafa batnað fyrir vikið. Svo er ekki sízt fyrir að þakka aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagsvæðið. Hún var lögfest með naumum meiri hluta á Alþingi 1994. Það er vert að rifja það upp, að aðeins 33 þingmenn af 63 greiddu samningnum atkvæði sitt. Hinir 30 voru ýmist á móti samningnum eða sátu hjá. Sjálfstæðisflokkurinn var í upphafi andvígur EES-samningnum og hélt frekar fram óraunhæfum tillögum um tvíhliða samninga. Alþýðuflokkurinn sálugi taldi sig því nauðbeygðan að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum 1991 frekar en að veita Sjálfstæðisflokknum færi á að spilla EES-málinu í stjórnarandstöðu, kæmist hann í aðstöðu til þess – og það hefði hann trúlega gætað gert vegna andstöðu nokkurra þingmanna Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins sáluga við EES-samninginn.

Hví skyldi Sjálfstæðisflokkurinn ekki hafa fellt EES-samninginn? – hefði hann verið í stjórnarandstöðu. Fyrirverandi formaður flokksins hefur svarað þeirri spurningu sjálfur: „Ég gerði öll mál tortryggileg. ... Ég tók því upp öll mál, jafnvel þó ég væri í hjarta mínu samþykkur þeim, og hjólaði í þau því að ég leit á stjórnarandstöðu sem stjórnarandstöðu.“ Þessi tilvitnun er tekin upp orðrétt eftir honum úr bókinni í hlutverki leiðtoga (2000). Hefði Sjálfstæðisflokkurinn verið full alvara með samþykkt EES-samningsins 1994 og þeirri frívæðingu efnahagslífsins, sem af honum leiddi, hefði hann tekið forustu um næsta skref – þ.e. að beita sér fyrir umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu. En það hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki gert, einn stórra borgaraflokka í Evrópu. Hann hefur

þvert á móti kosið að halla sér á sveif með innhverfum íhaldsöflum frekar en að slást í för með frjálslyndum öflum með víða útsýn til umheimsins.

Í DAG  
EFNAHAGSLÍFIÐ  
OG ERLENDAR  
SKULDIR



PORVALDUR  
GYLFASON

„Það er ekki privatmál einkageirans, hversu miklar skuldir hann hefur steipt sér í erlendis. Ef þungi skuldabyrðarinnar lækkar gengi krónunnar, svo sem við má búast innan tíðar, þá mun skuldabyrðin þyngjast enn frekar og skatttekjur ríkisins munu þá trúlega dragast saman.“

Kjarabót undanfarinna ára er minni en margur hyggur, eins og t.a.m. Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður hefur komið auga á. Þrátt fyrir langa uppsveiflu er landsframleiðsla á hverja vinnustund hér heima enn fyrir neðan meðallag iðnríkja. Það stafar af ýmislegri óhagkvæmni, sem frívæðing efnahagslífsins hefur ekki néð að uppræta. Íslendingar þurfa því enn að leggja meira á sig – meiri vinnu, meira skuldbas – en nálægar þjóðir til að ná endum saman. Kjarabótin að undanfögnu hefur öðrum þræði verið knúin áfram með erlendu lánsfé. Erlendar skuldir þjóðarbúsins voru nálægt 60% af landsframleiðslu allan níunda áratuginn og langt fram eftir hinum tíunda, en síðan ruku skuldirnar

upp í hæstu hæðir og námu nú um mitt þetta ár 225% af landsframleiðslunni. Það verður ekki séð, að trygg eignamyndun hafi átt sér stað á móti allri þessari skuldasöfnun, enda hefur hluta lánsfjárins verið varið til einkaneyzlu og fjárfestingar, sem óvíst er um, hversu vel muni reynast, þegar til kastanna kemur. Það á eftir að koma ljós.

Það er ekki privatmál einkageirans, hversu miklar skuldir hann hefur steipt sér í erlendis. Ef þungi skuldabyrðarinnar lækkar gengi krónunnar, svo sem við má búast innan tíðar, þá mun skuldabyrðin þyngjast enn frekar og skatttekjur ríkisins munu þá trúlega dragast saman. Ríkið þarf þá að jafna metin með nýjum álögum, einnig á þá, sem ekki hafa lifað um efni fram. Einkaskuldir geta komið þjóðarbúskapnum í koll ekki síður en ríkisskuldir, því að einkageirinn er ekki óskeikull frekar en ríkið. Við þessari hættu hefur ríkisstjórnin aldrei varað, svo að eftir væri tekið. Hún hefur þvert á móti gert lítið úr áhyggjum manna af síauknum skuldum og baðað sig í skærum ljóma lífskjarabótanna – allt á raðgreiðslum. Aðhaldið í fjármálum ríkisins hefur verið of lítið, enda hefur ríkisgeirinn bólgnað út undangengin ár. Skattheimta ríkis og byggða jókst úr 41% af landsframleiðslu 1991 í 48% 2004. Skattheimta ríkisins fyrir sitt leyti jókst á sama tíma úr 33% af landsframleiðslu í 36%. Seðlabankanum hefur mistekizt að halda verðbólgunni varanlega innan tilskiliinna þolmarka. Seðlabankanum var veitt aukíð sjálfstæði að nafninu til með nýjum lögum 2001 að erlendra fyrirmynd, en það var blöff, og það sést á því, að stjórnámálastéttin heldur áfram að gæða sér á bankastjórástöðunum eins og ekkert hafi breytt. Skrípaleikurinn heldur áfram. Meira næst.

## Nám í Danmörku!

Hefur þú iðnmennntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 20. október kl. 20.00 að Skipholti 70, 2. hæð. Þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikin metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varaðandi nám við skólann.



ODENSE TEKNISKE SKOLE

## MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna  
viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Halldáson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLI: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3671



# Meira í matinn...betra verð

nóg í matinn

GOÐI

Afsláttur  
**40%**  
v/kassa

Goða hamborgarhryggur  
**899** kr/kg  
Sparar 600 kr/per kg



BK frönsk Sveitaskinka  
**999** kr/kg  
Sparar 640 kr/kg



Ísfugl kalkúnaborgarar  
**30%**  
afsláttur við kassa



Ódýrt  
Goða lærissneiðar  
**998** kr/kg

Epladagar

Braeburn epli  
**79** kr/kg

Gul epli  
**79** kr/kg

Elstar epli  
**79** kr/kg

Græn epli  
**79** kr/kg

Jonagold epli  
**59** kr/kg

McIntosh epli  
**99** kr  
Poki 1.36 kg



Afsláttur  
**40%**  
v/kassa

Goða ítölsk ofnsteik  
**989** kr/kg



Frábærar Kaup  
Goða bóndasteik  
**359** kr/kg



Frábærar Náttúra sósur



Fisk kríli  
**25%**  
afsláttur við kassa



Ýsubitar 1 kg.  
**399** kr/kg



Humar veisla

Fiskfang humar 2. kg stór  
**2.999** kr/kg  
Sparar 600 kr/per kg

Fiskfang humar 500 g meðalstór  
**489** kr/kg

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.  
Tilboðin gilda 20-23 okt eða á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

nettó



# „Græðgi hins féggjarna tekur aldrei enda.“

UMRÆÐAN  
GRÆÐGI



GUNNAR KARLSSON  
PRÓFESSOR

Þessi orð meistara Jóns Vídalín komu upp í hug mér þegar ég las lofgerð Geirs Ágústssonar verkfræðings um græðgina hér í Fréttablaðinu 8. október síðastliðinn, meðal annars þetta: „Græðgi hins gráðuga er það tæki sem hvetur sóknina í átt að bættum lífsgæðum okkar hinna áfram. Því fleiri sem vilja græða því fleiri munu bæta lífskjör sín.“ Hér er boðuð kenning sem vissulega er ríkjandi á Íslandi. En ég held að hún leiði okkur á hættulegar götur.

Fyrst er það að magn þess sem Geir kallar lífsgæði reynist ekki einhlítt til að auka lífshamingju. Þetta hefur auðvitað oft verið sagt áður og iðulega notað

sem röksemd fyrir afturhaldsemi. En það er einfaldlega satt, sama hvað við reynum að kreista aftur augun fyrir því. Þegar alþýða Vesturlanda var að leggja upp í baráttu sína fyrir betri kjörum, á 19. öld, hélt fólk að almenningur gæti náð lífskjörastigi þar sem hann yndi glaður við sitt. Óánægja hyrfi, kjara-deilur hyrfu, glæpir hyrfu. Það urðu hin miklu vonbrigði 20. aldarinnar að þetta stig fannst ekki. Líkamleg vanlíðan af sulti, kulda og vissum sjúkdómum hefur minnkað, en við höfum ekki nálgast það að fullnægja „þörfum“ okkar.

Þjóðarframleiðsla á hvern Íslending þrefaldast á fyrri helmingi 20. aldar og þrefaldast svo aftur á síðari helmingnum. Einstæð móðir í verkalyðsstétt hefur örugglega meiri tekjur nú, þótt talið sé á föstu verðlagi, en stöndugar fjölskyldur höfðu um miðja 20. öld. En líf hennar er ekki að sama skapi auðveldara af því að samfélag hennar gerir meiri kröfur til hennar. Fátæktarmörkin lyftast í takt við meðaltalið.

Þó búum við Vesturlanda-

búar í litlu, ofur-auðugu horni heimsins. Við látum venjulega eins og það sé spurning um tíma hvenær hinir ná okkur, en hvað mundi það kosta? Um 60% af íbúum heimsins búa í fátækum samfélögum þar sem meðaltekjur eru um 340 Bandaríkjadóllarar á íbúa á ári. Um 25% búa í meðaltekjusamfélögum með um 2.500 dollara og 15% í

„Ég þekki enga auðvelda leið út úr þeirri klípu sem neysl-vöxturinn hefur sett okkur í. En fyrsta skrefið held ég að hljóti að vera að hætta að tilbiðja græðgina.“

auðugum samfélögum með yfir 20.000 dollara í tekjur. Í þessum tölum mun ekki vera tekið tillit til þess að í fátækum löndum er verðlag að jafnaði lægra þannig að allt að þrefalt meira af vörum

fæst fyrir dollarann. Ef svo er má áætla að 340 dollarar þeirra fátæku jafngildi 1.000 dollurum hjá okkur og 2.500 dollarar miðflokksins 7.500 dollurum okkar. Samt þyrfti að tuttugufalda „lífsgæði“ Geirs Ágústssonar hjá 60% jarðarbúa og þrefalda þau hjá miðfloknum til þess að þeir næðu okkur.

Í grófum dráttum jafngilda þessi „lífsgæði“ neyslu og þar með notkun á orku og auðlindum. Útkoman yrði sú að orku- og auðlindanotkun mannkynsins þyrfti að fjórfaldast áður en það næði allt á það stig sem við köllum mannsæmandi lífskjör. Hvernig færi það með ósonlagið? Hver yrðu gróðurhúsaáhrif þess? Það kæmi líklega aldrei í ljós því að orkugjafar jarðarinnar þrytu áður en að því kæmi.

Eigum við þá að hætta að hugsa um mannkynið í heild og rækta okkar eigin græðgi einna? Við auðmannagötur evrópskra borga standa raðir vígbúinna kastala fólks sem er innilokað í eigin auðlegð. Í rauninni erum við Vesturlandabúar allir í svona kastala; við sjáum hann bara sjaldan því að við erum

inni í honum. Við múra hans er háð stöðug, blóðug styrjöld, til dæmis á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó eða Spánar og Norður-Afríku, þar sem fátæka fólkíð að sunnan er að sækja inn í ríku löndin fyrir norðan.

Þessari styrjöld hljóttum við að tapa, meðal annars af því að vörn okkar stríðir gegn þeim hugmyndum um mannlífið sem við viðurkennum. Við, frjálslyndir Vesturlandabúar, höfum afneitað þjóðernishyggju og kynþáttahyggju og höfum því enga gilda réttlættingu fyrir því að halda þessum gífurlega auði fyrir okkur eina. Það er álíka fátækt og baráttu „frjálslyndra“ borgaralegra karla gegn mannréttindum kvenna á 19. og 20. öld. Við erum líka álíka úrelt í ofneyslu okkar og evrópski aðallinn var áður en bylting borgarastéttarinnar og lýðræðisprófunin skall á álfunni. Þegar við sjáum hallirnar sem þessi aðall bjó í undrumst við hvernig fólk gat haft smekk til að búa í slíkum ferlíkjum, og það meðan bændalýðurinn bjó í hreysum.

HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



## Borgarstjóri hlustar

### Laugardalur

Laugalækjarskóla í kvöld kl. 20

Ágæti íbúi



Hverfafundir eru kjörið tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri við borgarstjóra. Þeir eru nauðsynlegur vettvangur samskipta milli borgarstjóra og íbúa. Hverfafundir eru árviss málþing um hagsmunamál íbúa og ég vona að þú sjáir þér fært að koma og ræða málin á fundi í þínu hverfi.

Komdu á hverfafund og segðu hvað þér finnst.

Með bestu kveðju

*Charan Valtís Óskindóttir*

Þín skoðun skiptir máli

Nánari upplýsingar á: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



Borgarstjórnin í Reykjavík

Næsti hverfafundur:

Háaleiti – þriðjudaginn 25. október kl. 20 í Breiðagerðisskóla

## Tilkall til píslarvættis

UMRÆÐAN  
VEGNA GREIN-  
AR SIGURJÓNS  
MAGNÚSSONAR



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON  
RITHÖFUNDUR

Sigurjón Magnússon rithöfundur skrifaði grein hér í blaðið í síðustu viku þar sem hann líkir mér við hund nágranna síns. Við því er fátt að segja - nema kannski voff. Að öðru leyti vona ég að þeim Sigurjóni, nágranna hans og hundinum takist að útkljá sín mál.

Ástæða þess að Sigurjón leggur út í svoltið þvælinn samanburð á mér og tédum hundi er sú að í grein um málaferli á hendur Hannesi H. Gissurarsyni - þar sem ég hélt raunar fram rétti Hannesar til að tjá sig án þess að vera rúkaður um tólf milljónir - varð mér það á að rifja upp ýmis málaferli á síðustu öld þar sem ströng meidyrðalöggjöf var notuð til að hefna þess fyrir dómstóli sem hallaðist á ritvelli; þar á meðal var mál Kristmanns

Guðmundssonar gegn Thor Vilhjálmssyni. Sigurjón lítur svo á að þar hafi eineltisbarn verið að bera hönd fyrir höfuð sér. Það þykir mér fátækur skilningur á þessum deilum og því andrúmslofti sem þær spruttu úr.

Heldur leiddist mér að sjá eftirfarandi skrif hjá Sigurjóni: „Ég þykist reyndar vita að þetta [þ.e. að einelti teljist auvirðilegt framferði] sé mörgum orðið ljósara en áður og eigi það sinn þátt í þeirri ofurviðkvæmni sem gætir hjá ýmsum þeim sem næst Thor Vilhjálmssyni standa. Kannski skýrir það líka að einhverju leyti þá gríðarlegu geðshræringu sem greip um sig í þeim hópi, fyrir réttum tveimur árum þegar bók mín kom út og lýsti sér í mörgum furðulegum uppákomum, meðal annars vék einn þessara manna sér að mér í fjölmenni með þeim orðum að ekkert þýddi fyrir mig að sækja frammar um starfslaun úr sjóði rithöfunda.“

Ha? „Einn þessara manna“? Ekki veit ég hvaða fólk Sigurjón telur standa næst Thor Vilhjálmssyni - en fyrir mína hönd og annarra vandamanna verð ég því miður að játa að bók hans olli ekki nokkurri geðshræringu; eitthvað hefur sjálfsagt verið þusað yfir

henni, þekki ég mitt heimafolk - svona eins og ég býst við að Sigurjón þusi yfir hundi nágrannans heima hjá sér - en þess utan er ég hræddur um að fólk hafi verið mestanpart ósnortið af þessu framtaki og að ekki hafi ræst djúprættur draumur Sigurjóns Magnússonar um að gerast nokkurs konar samviskunnar refsivöndur Thors Vilhjálmssonar - út af Kristmanni af öllum mönnum. Sá málflutningur Sigurjóns, sem mig minnst að hafi líka komið fram í kjallaragrein í DV þegar hann var á sínum tíma að reyna að vekja geðshræringu um bók sína, að Thor viti upp á sig einhverja eineltiskömm í þessu máli, finnst mér sannast sagna vera grunnfærinn og eiginlega ófyrirleitinn.

Ég bið Sigurjón Magnússon velvirðingar á því að hafa kallað hann skoðanabróður Hannesar Hólmsteins - því olli ókunnugleiki minn á manninum - en hinu hlýtt ég að biðjast undan: að „þeir sem næst Thor Vilhjálmssyni standa“ hafi eitthvað um það að segja - eða skoðun á því - hvort Sigurjón Magnússon njóti starfslauna rithöfunda.

Sigurjón verður að sækja píslarvætti sitt sem rithöfundur eitthvert annað.

## Víkingur fái landsvæði í Fossvogi

UMRÆÐAN  
SVÆÐI FYRIR  
VÍKING



HALLUR HALLSSON  
FYRRVERANDI FORMÁÐUR VÍKINGS

Fyrir nokkru var lögð fram til laga í Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkur þess efnis, að Knattspyrnufélagið Víkingur fái úthlutað landsvæði gróðrarstöðvarinnar Markar undir félagssvæði sitt en leigusamningur rennur út árið 2016. Þessi tillaga Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa, er öllum Víkingum mikið fagnaðarefni og ber að þakka sérstaklega.

Satt best að segja þá kom borgin illa í bakið á Víkingi þegar samningur við Mörkina var framlengdur fyrir fjórum árum. Það var þvert á tillögur embættismanna, þarfir og vilja Víkings og markaða stefnu Reykjavíkur frá 1988. Það ár var undirritað samkomulag milli Víkings og Reykjavíkurborgar um að félagið afsalaði sér svæði sínu við Hólmgarð og flytti starfsemi í Fossvogi. Borgin fékk lóðir til ráðstöfunar við Hólmgarð en skuldbatt sig til þess að leggja tvo knattspyrnuvelli til viðbótar þeim sem voru í Fossvogi og leita leiða til þess að stækka svæðið í Fossvogi.

Árið 1989 óskaði Víkingur eftir því að fá Markarlandið. Þáverandi borgarstjóri, Davíð Oddsson, féllst á óskir Víkings og hófust viðræður milli borgarinnar og Markar um framsal á

landinu. Markarbóndi setti háan verðmiða á landið og náðust ekki samningur. Borgin hafði þó markað stefnu um að Víkingur fengi Mörkina. Rætt var um að biða þess að leigusamningurinn rynni út árið 2004 og fengi Víkingur þá landið. Hins vegar gerðust þau ótíðindi 2001 að borgin - án þess að ræða við Víking - framlengdi samninginn við Markarbóndann nánast í skjóli nætur. Þetta var gert, sem fyrr segir, þvert á faglegar tillögur embættismanna, stefnumótunina frá 1988 og þarfir og vilja Víkings.

Nú hefur Sjálfstæðismaðurinn Kjartan Magnússon lagt til að Víkingur fái leiðréttingu sinna mála. Allir Víkingar fylgjast grannt með afgreiðslu Íþrótt- og tómsundaráðs. Ekki verður öðru trúað en R-listinn leiðrétti mistök frá árinu 2001.



# Við lækkum ekki verð á kostnað gæða...



...hjá okkur færðu gæðin **alltaf** á góðu verði

**MÚRBÚÐIN**

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

LÆKKUM  
VERÐIÐ Á  
BYGGINGAR-  
VÖRUM



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.570 -0,99% Fjöldi viðskipta: 553  
Velta: 10.044.502MESTA HÆKKUN  
Engin félög hækkðuMESTA LÆKKUN  
FL Group -3,11%  
Actavis -2,75%  
Mosaic - 2,7%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,4 -2,75% ... Bakka-  
vör 43,20 -0,23% ... FL Group 14,00 -3,11% ... Flaga 3,79 0,00%  
... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 14,95 -0,99% ... Jarð-  
boranir 22,10 +0,00% ... KB banki 589,00 -1,18% ... Kögun  
54,00 -0,74% ... Landsbankinn 21,80 +0,00% ... Marel 63,80  
+0,00% ... SÍF 4,43 -0,45% ... Straumur 13,00 -0,76% ... Össur  
90,00 -0,55%

\*Staðan kl. 14.20 í gær.

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Straumur og ónefndi hluthafinn

Engar fréttir hafa enn borist úr Morgun-  
blaðshöllinni frá því að Viðskiptablaðið  
greindi frá því að Straumur-Burðarás ætl-  
aði að vera annar tveggja fjárfesta sem  
bættust í hóp hluthafa. Forsvarsmenn Árv-  
vakurs og Straums hafa ekki vilja staðfesta  
sögusagnir um innkomu Straums í hlut-  
hafahóp Árvakurs. Ekkert hefur hins vegar  
enn heyrst um hver hinn hluthafinn er sem  
nefndur hefur verið en  
vitað er að Bakka-  
bræður, sem nú  
eru stórir hlut-  
hafar í Síman-  
um, hafa haft  
mikinn áhuga á  
Mogganum í  
gegnum árin.



## Rauður dagur

Talsverðar lækkanir voru í Kauphöllinni  
í gær. Framan af leiddi FL Group lækkun-  
ina og fóru bréf félagsins niður um rúm  
fimm prósent á tíma. Eignastýring Íslands-  
banka hélt einnig fund sinn kvöldið áður  
þar sem Almar Guðmundsson, fram-  
kvæmdastjóri Eignastýringar Íslands-  
banka, hélt erindi. Hann sagði meðal ann-  
ars að mikið þyrfti að gerast  
til þess að næsta ár yrði  
eins gjöfult og þau  
fjögur síðustu.  
Benda menn á að  
fundurinn hafi  
ekki síður haft  
áhrif á lækkanir  
gærdagsins en  
fyrstu fréttir af  
FL Group.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Samkvæmt vinnu-  
markaðskönnun  
Hagstofunnar var atvinnulausir um 1,8  
prósent á þriðja ársfjórðungi. Á árinu á  
undan voru um 2,6 prósent vinnuafli-  
vinnulaus. Mest atvinnuleysi er meðal  
fólks á aldrinum 16-24 ára, 3,5 prósent.

Olíumarkaðir opnuðu með þrjátíu  
senta hækkun frá deginum á undan í  
gær en verðið á tunnu var 63,5 Bandar-  
ríkjadalir á markaði. Verð á tunnu lækk-  
aði um 1,16 Bandaríkjadalir á þriðjudag.

OPEC-ríkin vilja auka olíuframleiðslu  
um 5,5 milljónir tunna á næstu fimm  
árum. Þetta kemur fram í nýrri yfirlýsingu  
frá framkvæmdastjóra OPEC-ríkjanna. Í  
dag framleiða OPEC-ríkin 32,5 milljónir  
tunna á hverjum degi.

Breytingar á skipulagi Flögu  
Leki um skipulagsbreytingar var ástæða þess að  
viðskipti voru stöðvuð.

Flaga Group ætlar að opna nýjar  
höfuðstöðvar dótturfélagsins Med-  
care í Bandaríkjunum en breyting-  
ar á skipulagi samstæðunnar hafa  
verið kynntar. Einnig ætlar fyrir-  
tækið að styrkja rekstur sinn í Evr-  
ópu og lykilstöður verða fluttar til  
Bandaríkjanna og Evrópu.

Það mun hafa verið að ósk  
stjórnenda Flögu sem viðskipti með  
hlutabréf félagsins voru stöðvuð á  
þriðjudagsmorgun eftir að tíðindi  
um fyrirhugaðar skipulagsbreyt-  
ingar höfðu lekið út. Bréf félagsins  
hafa verið færð af athugunarlista í  
kjölfar tilkynningarinnar.

Samkvæmt heimildum hefur  
engum starfsmanni verið sagt upp  
en ætlunin er að leggja niður mikinn  
hluta starfa hérlandis. Fjármála-,  
sölu- og markaðsdeild og vélbúnað-  
ardeild verða eftir, hugbúnaðardeild  
og tækniþjónusta flyst út til Banda-  
ríkjanna en allt sem snýr að fram-



**BOGI PÁLSSON, STJÓRNARFOR-  
MAÐUR FLÖGU** Félagið hefur tilkynnt  
um miklar breytingar á skipulagi félagsins.  
Nýjar höfuðstöðvar Medcare verða opnað-  
ar í Bandaríkjunum. Fjöldmörg störf verða  
lögð niður á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

leiðslu og dreifingu verður úthýst.

„Starfsemin verður flutt nær  
viðskiptavinum félagsins, kostnað-  
ur mun lækka umtalsvert og tæki-  
færum til tækniþróunar mun  
fjölga,“ segja stjórnendur Flögu í  
tilkynningu.

- eþa

Hannes verður forstjóri í  
stað Ragnhildar

Ragnhildur Geirsdóttir  
hættir sem forstjóri FL  
Group eftir tæpt ár í því  
starfi. Hannes Smárason  
tekur við og breytir félag-  
inu í fjárfestingarfélag  
sem mun láta til sín taka  
bæði innanlands og utan.



**HANDBANDIÐ SLITNAR** Hannes Smárason, Jón Karl Ólafsson, Ragnhildur Geirsdóttir  
og Sigurður Helgason, þegar Ragnhildur tók við af Sigurði sem forstjóri Flugleiða sem nú  
um stundir heita FL Group. Hannes tekur nú sæti Ragnhildar, en Jón Karl mun áfram stýra  
alþjóðaflugstarfsemi félagsins.

Fréttablaðið/Hari

Hannes Smárason, stjórnarfor-  
maður FL Group, verður forstjóri  
félagsins og Ragnhildur Geirsdóttir  
lætur af því starfi og hættir  
hjá félaginu. Skarphéðinn Berg  
Steinarsson, framkvæmdastjóri  
Norrænna fjárfestinga Baugs tekur  
við stjórnarformennsku af  
Hannesi.

FL Group hefur að undanfögnu  
verið að þróast í átt til þess að  
vera hreint fjárfestingarfélag og  
samhlíða forstjóraskiptum verður  
gerð grundvallarbreyting á skipu-  
lagi félagsins. FL Group verður  
því fjárfestingarfélag sem ein-  
beitir sér að fjárfestingum í flug-  
og ferðaþjónustu og verður nú-  
verandi flug- og ferðaþjónustu  
breytt í tvö félög. Öll alþjóðleg  
flugstarfsemi verður í einu félagi  
sem Jón Karl Ólafsson mun stýra.  
Flugfélag Íslands og fyrirtæki í  
innlendra ferðaþjónustu og ferða-  
skrifstofustarfsemi verða í öðru  
félagi sem stýrt verður af Þor-  
steini Erni Guðmundssyni.

Þessi félög verða undir einu  
sviði sem stýrt er af Jóni Sigurðs-  
syni en það svið sérhæfir sig í  
rekstrar-, yfirtöku- og umbreyt-  
ingarverkefnum. Rekstur Sterl-  
ing mun falla undir þá starfsemi

ef og þegar gengið verður frá  
kaupum FL Group á félaginu.

Annað svið undir forystu Al-  
berts Jónssonar mun einbeita sér  
að fjárfestingar- og eignastýringu  
en FL Group hefur fjárfest í  
nokkrum félögum innanlands,  
meðal annars fjármála- og fjár-  
festingastarfsemi. Þúast má  
við því að þessar breytingar á  
stjórnendum og skipulagi feli það  
í sér að stefna félagsins í fjárfest-  
ingum verði ágang.

Þriðja sviðið verður undir  
stjórn Halldórs Vilhjálmssonar og  
mun það annast kaup, sölu og  
leigu á alþjóðlegum flugvéla-  
mörkuðum.

Hannes Smárason segir að með  
þessum breytingum verði áherslu-  
ur í rekstrinum skarpari og skilin  
milli rekstrarfélaganna og fjár-  
festingastarfseminnar verði  
meiri en verið hefur. „Til verða  
öflug félög með skýr markmið um  
vöxt og arðsemi undir stjórn frá-  
bærra stjórnenda,“ segir Hannes í

tilkynningu frá félaginu. Fjárfest-  
ingar verða því meginmarkmiðið  
og í hæfilegri fjarlægð frá rekstri  
félaganna sjálfra.

Í tilkynningunni er haft eftir  
Ragnhildi Geirsdóttur að sam-  
komulag hafi orðið í ljósi áherslu-  
breytinganna um að hún láti af  
störfum. „Undanfarin ár hafa  
verið mjög áhugaverð umbrota-  
tími hjá félaginu og reksturinn og  
afkoman með allra besta móti,“  
segir Ragnhildur.

Miklar breytingar hafa verið  
hjá félaginu að undanfögnu.  
Nokkrir stjórnendur hafa látið af  
störfum og stjórnarmenn sögðu af  
sér í kjölfar deilna fjárfestingar-  
ákvæðna félagsins. Þúast má  
við því að þessar breytingar á  
stjórnendum og skipulagi feli það  
í sér að stefna félagsins í fjárfest-  
ingum verði ágang.

haffidi@frettabladid.is

Alicante  
í vor og sumar

frá kr. 7.400\*

Tryggðu þér lægsta verðið á Íslandi!

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante næsta vor  
og sumar og við tryggjum þér ávallt lægsta verðið á  
Íslandi. Nú getur þú tryggt þér sæti á ótrúlegu verði ef  
þú bókar strax, því einungis takmarkað sætaframboð  
er á lægstu verðinum. Griptu tækifærið og nældu þér  
í sæti á lægsta verðinu á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is).

Kr. 7.400

Flugsæti aðra leið með  
sköttum. Netverð.  
Ath. takmarkað sætamagn  
í boði á lægsta verðinu.

Kr. 16.990

Flugsæti báðar leið með  
sköttum. Netverð. A  
th. takmarkað sætamagn  
í boði á lægsta verðinu.

Sala hafin!  
Bókaðu strax!  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

\*Flugsæti aðra leið með  
sköttum. Netverð. Takmarkað  
sætaframboð á þessu verði.



Skógarhlíð 18 • s. 595 1000 • Akureyri  
s. 461 1099 • Hafnarfjörður s. 510 9500  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

## Nóg framboð af lóðum

Lóðaframboð er einn af  
þeim þáttum sem hafa  
áhrif á þróun fasteigna-  
markaðarins.

Greiningardeild KB banka áætla-  
r að lóðir fyrir að minnsta kosti  
17.500 nýjar íbúðir muni bæstast  
við á suðvesturhorni landsins á  
næstu sjö árum, fram til ársins

LÓÐAFRAMBOÐ Á  
SUÐVESTURHORNINU\*

Bæjarfélag	Fjöldi íbúða	Fram til
Reykjavík	8.000	2012
Kópavogur	1.500-2.000	2012
Garðabær	2.000	2012
Hafnarfjörður	600-700	2006
Hveragerði	600	2012
Akranes	3.000	2015
Reykjanesbær	1.200	2012
Grindavík	100	2020
Selfoss	100	2006
<b>Samtals:</b>	<b>17.500</b>	

\*Samantekt greiningardeildar KB banka.  
Yfirlýsingar voru fengnar af vefsíðum við-  
komandi sveitarfélaga.

2012. Mesta aukningin verði í  
Reykjavík þar sem gert sé ráð  
fyrir lóðum fyrir átta þúsund  
nýjar íbúðir.

Samkvæmt mati Greiningar-  
deildar KB banka munu bæstast við  
lóðir fyrir að minnsta kosti 17.500  
nýjar íbúðir á suðvesturhorninu á  
næstu sjö árum, fram til 2012.  
Mesta aukningin verður í Reykja-  
vík þar sem gert er ráð fyrir lóðum  
fyrir 8.000 nýjar íbúðir. Í Kópavogi  
áætla greiningardeildin að um  
1.500 til 2.000 íbúðir séu óbyggðar,  
um 2.000 í Garðabæ og 600 til 700 í  
Hafnarfirði. Þannig muni lóðum  
fjölga um 12.500 á höfuðborgar-  
svæðinu á næstu sjö árum.

Ásgeir Jónsson, lektor við Há-  
skóla Íslands og hagfræðingur á  
greiningardeild KB banka, segir  
það meðal annars velja á aukningu  
framboðs, þróun langtímavaxta á  
húsnæðislanum og almennri launa-  
þróun hvernig fasteignamarkaður-  
inn standi af sér næstu niður-  
sveiflu. Aðlögunin kunnir þó að  
vera harðari en árið 2001. Þar  
hjálpist tvennt að; framboð á lóð-  
um sé meira nú en þá og Seðla-



**ÁSGEIR JÓNSSON** Aðlögun fasteigna-  
markaðarins kann að verða harðari í  
næstu niðursveiflu en þeirri sem varð árið  
2001.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

bankinn muni líklega ekki lækka  
vexti jafnhvatt og eftir síðustu  
niðursveiflu. Þá hrífðell raun-  
vaxtagildi.

Í sérefni KB banka um fast-  
eignamarkaðinn er tekið fram að  
sveitarfélög geti frestað eða aflýst  
fyrirhuguðum lóðaúthlutunum.

- bg





Reykjavík 8.33 13.12 17.51  
Akureyri 8.24 12.57 17.29

# allt

heimili o.fl.

**JÓLASKRAUT**  
Brjálað að gera í Ikea  
bls. 6

tíska o.fl.

**ÓMISSANDI Í VETUR**  
Rannveig í Kúltúr velur  
bls. 10

heilsa o.fl.

**FYRSTU SKREFIN**  
Nýr sjónvarpsþáttur  
bls. 12.

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

**Góðan dag!**

Í dag er fimmtudagurinn 20. okt.  
293. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN

Mölflugur eru mjög létta á fæðrunum því þær borða bara holur!



## SMÁAUGLÝSINGAR

### Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁAUGLÝSINGAR  
Á [visir.is](http://visir.is)

visir

Jórunn í nýju lopapeysunni sinni og gömlu gönguskónum.



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Snoopy-náttföt og gamlir gönguskór

Jórunn Frímannsdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík heldur mikið upp á gönguskóna sína sem hún fékk í tvítugsafmælisgjöf.

Jórunn Frímannsdóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, á sér tvennt fatakyns sem er í sérstöku uppáhaldi. „Gönguskórnir og bleiku Snoopy-náttfötin eru mér mjög kær“, segir Jórunn. Skóna fékk hún í tvítugsafmælisgjöf frá eiginmanni sínum og hafa nýst henni vel. „Þetta eru gamlir Scarpaskór og hafa hreinlega farið með mér út um allt land. Við hjónin ferðumst mikið og göngum talsvert, fórum til dæmis á Vestfirðina í sumar og gengum Skælinga í fyrrasumar.“ Erfiðara er að átta sig á því af hverju Jórunn

heldur svo mikið upp á Snoopy-náttfötin sín. „Það er vegna þess að þau eru svo þægileg! Þau eru meira að segja svo þægileg að ég keypti mér önnur til að eiga til skiptana“, segir Jórunn hlæjandi sem fór alla leið til Kaupmannahafnar að sækja þessi þægilegu, bleiku bómullarnáttföt. Jórunn lumar raunar á einni annarri flík sem hún telur að verði í uppáhaldi eftir um 3 ár. „Ég var að láta þrjóna á mig lopapeysu með rennilás. Hún er mjög sæt og hentar betur undir göngujakkann minn en þær sem eldri eru.“ Jórunn segist alveg hafa gaman að tískuflíkum þó þær séu ekki í uppáhaldi. „Þær koma meira og fara, staldra ekki jafn lengi við og til dæmis gönguskórnir“, segir Jórunn sem er á kafi í prófkjörsmálum þessa dagana.

## Rúm.is færir út kvíarnar

Rúm.is hefur opnað nýja verslun til viðbótar þeim tveimur sem fyrir eru. Hún er í Borgartúni 28.

Eins og nafnið gefur til kynna verða rúm í aðalhlutverki í nýju búðinni rum.is sem opnuð var í gærmorgun en að auki mun verslunin selja nýjar vörur, svo sem sófa, bæði í settum og staka

svefnsofa, skápa, borðsofuset og margt fleira fallegt. Þessa fyrstu viku verður samt einungis um rúm að ræða í versluninni og eru mörg góð opnunartilboð, að sögn Finns verslunarstjóra. „Önnur húsgögn koma svo í næstu viku og þar eru margar nýjar línur væntanlegar auk þess sem aukið úrval verður af rúmum með háum alþjóðlegum gæðastöðlum.“



Í nýju rum.is versluninni í Borgartúni verður boðið upp á margt fleira en rúm.

## LIGGUR Í LOFTINU

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]

Vímuvarnavikan 2005 er hafin og er yfirskrift hennar Ég ætla að biða. Fjölmörg samtök standa að verkefninu þar sem hagsmunir barna og ungmenna hafa forgang. Hvatt er til að foreldrar taki höndum saman um að skapa börnum þroskavænleg skilyrði og styðja ungu kynslóðina í að hafna neyslu áfengis og annarra vímefna. Aðstandendur leggja einnig áherslu á að velferð barna ráði við mörkun stefnu í áfengis- og vímuefnamálum. Nánari upplýsingar má finna á [www.vvv.is](http://www.vvv.is)

Haustríboð eru nú í mörgum heimilistækjaverslunum og húsgagnaverslunum. Ekki úr vegi að kynna sér sem fyrst hvað er í boði þar sem margar búðir eru á sínum síðasta afslætti og renna tilboðsdagur út innan skamms.

Jólaskrautið er nú alls ráðandi í búðum. Jólábæklungur IKEA er kominn út og allt stefnir í snemmbúin jól hjá Íslendingum. Eða hvað? Í fyrra brunnu víst margir inni þar sem jólaskrautið var orðið uppselt löngu fyrir jól.

Bulgari skartgripaframleiðandinn ætlar að færa sig inn á markað fylgihluta. Markmiðið er að keppa við önnur fyrirtæki eins og Gucci og Prada. Bulgari hefur tekið yfir Pacini fyrirtækið sem sérhæfir sig í handtöskugerð og á einnig helmingshlut í Prestige d'Or sem framleiðir úraðlar. Bulgari kemur til með að opna fyrstu verslun sína í Osaka næsta nóvember og stefnir á Evrópu og Bandaríkja markað á næsta ári.

Donatella Versace hannaði dýrasta kjólinn sem hún hefur hannað hingað til fyrir söngkonuna Mariah Carey. Söngkonan klæddist kjólnum á tiskuhátíð í Mónakó á mánudaginn. Mariah var hæstánægð með kjólinn að sögn veislugesta. Söngkonan skreytti sig svo með demöntum sem leynilegur aðdáandi hafði sent á hótelið hennar.



**Malibu sófi** með Microfiber áklæði  
290x200

Kr. 149.700 stgr.

**LÍNAN**  
HÚSGÖGN

SUBURLANDSBRÁUT 22 • SÍMI 553 7100 • [www.linan.is](http://www.linan.is)





**Skilrúm**

geta verið skemmtileg leið til þess að skipta niður rými. Þau eru líka mörg hver mjög falleg og lífga upp á heimilið í leiðinni.



**Föndurtilboð sem þú getur ekki hafnað!**

- \* Gleðileg Jól límniðar kr. 79.-
- \* Skuggakort – margir litir kr. 10.-
- \* Ilmkort og Dísney kort kr. 30.-
- \* 10 Ljósá Mini seríu kr. 169.-
- \* Gullfallegur Viktorían glitrandi fjaðraengill 20 sm kr. 690.-

Tilboðið gildir til laugard. 22 eða á meðan birgðir endast

www.fondurstofan.is s. 553-1800  
Opíð alla virka daga 13-18, laugard. 10-14  
Síðumúli 15, 2. hæð.



**Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.**

**Sófalist,**  
Síðumúla 20 (2.hæð)  
Sími 553 0444  
www.sofalist.is  
sofalist@internet.is

Póstsendum



**AMERÍSKIR  
GLUGGAHLERAR**

*glæsileg lausn*  
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756

**ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS**  
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Rc Hus Grensasvegi 22. Sími. 511 5550. Vefang. www.rchus.is

Mikið úrval af viðarörnum og eldstæðum

Íris 181.000 kr. Dína 239.000 kr.

**Arinbúðin**  
Höfnhóla 17 v/Gullbúnað (Fyrir neifan hönd)  
Sími 567 2133 | www.arin.is

**Cyprus og haustblóm í miklu úrvali**

**SERICA**  
SILKIBLÓM OG GJAFAVARA

Opíð frá 11-18 virka daga, 11-15 laugardaga.  
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504

**Silkiblóm og gjafavara**



Glerskreyting í skápuhurð. Inga Elín sker mynstur í glerið með glerskera.



Nærmynd af glerisetningunni að ofan. Inga Elín notar rauðar eirþynnur sem skreytingu.



Skápuhurð með ilangri glerskreytingu.

# Glerlistaverk á heimilið

**Inga Elín Kristinsdóttir situr ekki auðum höndum og töfrar fram fögur handverk sem yrðu hverju heimili til þrýðis og sóma.**

Inga Elín útskrifaðist úr Myndlista- og handiðaskólanum árið 1978 og frá listháskóla í Kaupmannahöfn árið 1988. Hún er því með tíu ára myndlistarnám að baki, fimm ár hér heima og fimm ár erlendis.

Inga Elín hefur að undanförunni verið að hanna glerlistaverk sem verða sífellt vinsælli hjá fagur-

kerum. Glerlistaverkin eru ísetningar í skápa, spegla og glugga og brjóta upp á skemmtilegan máta. „Fólk er farið að sækja meira í þetta og það er heilmikið að gera hjá mér. Ég hef líka verið að gera myndir á platta sem eru myndlistarverk á vegg. Þetta hefur verið vinsælt upp á síðkastið,“ segir Inga Elín. „Ég hef verið að hanna heilmikið fyrir stóra glugga, hurðir, bað- og eldhúsinnréttingar og er líka að búa til spegla með skreytingum,“ segir Inga Elín. „Glerisetningarnar hafa stundum verið notaðar í staðinn fyrir sandblásið gler. Fólk vill þá ekki nota gluggatjöld til að byrgja sýn og vill fá birtuna inn, þá passar mjög vel að setja einn glerrenning.“ Inga Elín segir glerlistaverkin hafa verið sett bæði í gömul og ný hús og hvoru tveggja komið vel út. „Þetta er líka sett í eldri hús sem standa við götu og fólk vill ekki að það sjáist inn til sín. Þá er sett glerskreyting á tæplega helminginn af glugganum. Fólk hefur verið mjög ánægt með það,“ segir Inga Elín,



Inga Elín Kristinsdóttir, myndlistarkona og hönnuður.

Listakonan er með vinnustofuna sína í Mosfellsbænum. „Ég byggði mér hús í Mosfellsbænum sem var hannað fyrir mig sem vinnustofa og heimili.“ Inga Elín vinnur alla sína hönnun sjálf. „Ég vinn aðallega með gler og keramik og einnig steinsteypu í skúlptúra og bý til glerrenninga í glugga og skápa, handlaugar, bolla, diska, keramik kertastjaka og fleira,“ segir Inga Elín.

Listakonan selur mest af verkum sínum í Gallerí Fold, Gallerí List, Álafosssöluinni og í Listfléttunni á Akureyri.



Handgerð keramik handlaug fyrir baðherbergi. Ofan í handlauginni eru málaðir fiskar.

# Slökkvitæki í sjónvarpið

**Hægt er að verjast sjónvarpsbruna með því að setja sérsniðinn slökkvibúnað í tækin.**

Nokkuð er um eldsvoða út frá sjónvörpum. Ástæðan er sú að sjónvörp virka líkt og ryksugur, draga að sér rykagnir úr andrúmsloftinu sem setjast í rafbúnað tækisins og geta valdið íkveikju. Þótt slökkt sé á tækjunum með fjarstýringu helst straumurinn áfram á því og brunahættan er því stöðugt fyrir hendi. Sjónvarpsbrunnar eru með verstu brunum sem upp geta komið því ef myndlampinn springur verður oft mikil sprenging og eldagnir skjótast um allt.



Slökkvibúnaðurinn er límdur inn í tækið.

Sérstakt slökkvitæki er til sem hægt er að setja inn í sjónvarpstæki á einfaldan hátt. Það heitir PURGA-T og inniheldur efni sem nefnist „aerosol“. Það er vistvænt og hættulaust mönnum. Efnið hefur mikinn slökkvimátt, svo lítið þarf af því til að ráða niðurlögum elds. Ef losnar um efnið myndast duftkennd himna sem auðvelt er að hreinsa með ryksugu eða rökum klút. Slökkvibúnaðurinn var hannaður af rússnesku geimferðastofnuninni. Hann hentar líka á tölvuskjá, þvottavélar, rafmagnstöflur og fleiri staði þar sem getur kviknað í.





Verslunin Gallerí húsgögn er við Dalveginn.

# Ítölsk hönnun í háum gæðaflokki

*Í sama húsi og sýslumaðurinn í Kópavogi hefur aðsetur sitt hefur verið opnuð ný og hugguleg húsgagnaverslun. Hún heitir Gallerí húsgögn.*

Verslunin Gallerí húsgögn er við Dalveg 18 í Kópavogi. Hægindin sem þar getur að líta eru eiginlega enda er um ítalska hönnun að ræða og vandaða vöru í háum gæðaflokki að sögn verslunarmanns á staðnum. Mikið úrval er

af sófum, bæði stökum og í settum, ýmist með leðuráklæði eða öðru slitsterku efni. Hornsófar af ýmsum tegundum, svefnsófar og hvíldarstólar með ýmsum gerðum áklæða eru til í úrvali auk annarra stakra stóla og stöðugt bætast við nýjar vörur eins og vera ber. Eigandi verslunarinnar Gallerí húsgögn er fyrirtækið Málning og verslunarstjóri er Linda Friðriksdóttir. Opnið er virka daga frá 11-18, 11-16 á laugardögum og 13-16 á sunnudögum.



Glæsilegur hornsófi og einstakt borð, en sitjandi kona heldur á glerplötunni.



Auðvelt væri að sofa í þessum yfir sjónvarpinu.



Veglegur stóll með skemli. Fæst líka í dumbrauðu.

## húsráð }



### Umhirða rósa

RÓSIR STANDA LENGI EF RÉTT ER HUGSAÐ UM ÞÆR.

Fátt prýðir heimili meira en fallegar rósir. Gott ráð er að vefja um þær blautu dagblaði á hverju kvöldi og láta þær standa á köldum stað yfir nótt. Skera svo reglulega neðan af þeim og skipta um vatn.

**KOKOS-SISAL TEPPI**

Falleg - sterk - náttúruleg  
Verð frá kr. 2.840,- pr. m<sup>2</sup>

Guðafellstráut 10  
Sími 533 5800  
www.sinnett.is/strond

**STRÖND**



NEW YORK Þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) með ekaTHICK SHINY leðri.

# Nú aukum við vöruúrvalið náttúrulega

Erum að taka upp nýjar vörur sem undirstrika dekur og vellíðan. Allt náttúrulegt (Aroma Therapy). Einnig gufuskálar, ilmkerfi og frábærar gjafir

www.greenapple.is



Þjódum uppá mikið úrval af gegnheilum tekk borðstofusettum.



Úrval af Chesterfield sófasettum, 3+1+1, og hornsófum. eru til í hvítu og rauðbrúnu.

## Verið velcomin að Dalvegi 18. Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333 • Opnið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16



# Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs

Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind  
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK



**Kaktusar í miklu úrvali**



**Soldis**  
Silkitré og silkeblóm  
Lenging 43 (Hvasslíngvegur) sími 551 8040

Pú **verður** bara líka...



Sturtuklefar og baðker í úrvali!  
**Ótrúleg verð!!!!**

**sturta.is**  
www.sturta.is  
allan sólarhringinn!  
Reykjavíkurvegur 64,  
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566  
Öll viðgerða/varahluta og  
uppsetningaþjónusta fyrir hendi



**SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR**

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurleitt. Við eigum líka fægiliög, fægiklúta og ídyfulög til að hreinsa.

**SENDUM Í PÓSTKRÖFU.**

**Gullkistan** - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

**MARMOLEUM® click**  
Nýtt á gólfið  
Smelltu Marmoleum click á gólfið - það smellpassar



Mótið gólfið sjálf eftir ykkar smekk

Marmoleum click er náttúrulegt línoleumparket.

**GÓLFBÚNAÐUR**  
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5510 • kjaran.is  
OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Páli finnst fátt notalegra en að taka sér góða bók í hönd og hefur úr mörgum að velja heima hjá sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Óþrjótandi brunnur og alltaf til taks

**Heimili Páls Stefánssonar ljósmyndara ber þess vott að þar býr bókelskt fólk. Páll segir líka bækurnar vera það sem hann meti mest af sínu innbúi.**

Þær eru margar og stórar skruddurnar sem þekja hillurnar hjá Páli. „Merkilegast við þessar bækur er að það er eiginlega ekki texti í neinni þeirra. Ég gæti alveg verið ólæs,“ svarar hann stríðnislega þegar hann er spurður hvort hann sé bókaormur. Það er best að stríða honum á móti og spyrja: - Eru þetta kannski bara kilir? „Já,“ svarar hann grallara-

legur. „Ég er svona Kjalnesingur. Ég held reyndar að ég eigi ekki Kjalnesingasögu en það er annað mál.“

Það kemur ekki á óvart að stór hluti af bókasafni Páls er ljósmyndabækur. En landabréfabækur og matreiðslubækur eiga líka sinn sess í hillunum. Páll er örugglega vel læs á þetta allt og meira til. Hann er enn í stríðnisstuðinu þegar næsta spurning gellur. „Ertu búinn að safna bókum lengi? „Síðan í fyrradag, held ég!“ Skiptir svo um gír. „Nei. Ég held að þetta að hafa bækur í kringum sig sé svolítið í genunum. Á heimili beggja afa minna og amma var alveg sérstakt bókaherbergi og

þannig er það líka hjá foreldrum mínum þannig að maður er alinn upp við það að bækur eru eitthvað sem gefur manni lífsfyllingu.“

-Ekki bara bankabækurnar? heldur blaðamaður áfram kerskninni.

„Nei, ég er ekki með þær í bókaskápnun,“ svarar Páll áfram í alvarlega girnum. „Það er fátt sem mér finnst notalegra en að taka mér góða bók í hönd og ég gríp miklu frekar bók heldur en að kveikja á sjónvarpi. Það er líka svo merkilegt með bækur, hvort sem það eru ljósmyndabækur eða skáldsögur, að þær eru alltaf til taks og eru óþrjótandi brunnur að sækja í.“

## Hleyptu haustinu inn á heimilið

**Haustlitirnir eiga vel við heima hjá þér.**

Haustið er mjög litrík og falleg árstíð og falleg og mjúk efni og litir gera heimilið hlýlegt og notalegt.

Í stofuna er sniðugt að fá sér fallegar, þykkar og ofnar mottur í haustlitunum til að ná hlýjunninni inn. Ef þú átt gamla gæru einhvers staðar er kjörið að fleygja henni yfir sófann innan um græna, brúna og daufappelsínugula púða.

Þetta er líka tíminn til að taka fram falleg veggteppi eða ofnar myndir og hengja á veggina til að auka enn á hlýjunna. Kertastjakar af öllum stærðum og gerðum með logandi kertum bæta líka við notalegt andrúmsloftið. Þá er líka fallegt að taka greinar sem enn bera nokkur litrík lauf og setja í stóra glervasa.

Í svefnherbergið er fallegt að setja litríka ábreiðu á rúmið og hlaða púðum í stíl ofan á. Ef rúmgaflinn er harður er líka sniðugt að henda teppi yfir hann eða bólstra hann á annan hátt. Skiptu hvítum lampaskermum út fyrir dekkri, brúna eða daufgræna til dæmis.



Ef þú hefur pláss, settu þá hægindastól inn á það eða settu strámottu fyrir framan sturtuna. Finndu svo stað þar sem er óhætt að hafa kerti og njóttu þess að fara í það með krydduðum ilmurtum sem minna á haust og vetur og jól.



### húsráð }

## Strokið og straujað

STRAUJAÐU ÞVOTTINN AF ALÚÐ OG FLÍKURNAR ÞÍNAR ENDAST BETUR.

- Mikilvægt er að lesa alltaf á miðana á fatnaði til að athuga hvað hann þolir heitt straujárn.
- Ef strauja á fleiri en eina flík er sniðugt að flokka þvottinn. Byrja síðan á því að strauja þann þvott sem þarf minnstan hita en enda á þeim sem þarf mestan hita. Þá þarf ekki að bíða eftir því að járníð kólni.
- Bíddu eftir því að straujárníð sé alveg heitt áður en þú hefst handa við að strauja. Til þess að athuga hvort það er orðið nægilega heitt, skvettu þá örliðu vatni á það. Ef snarkar í vatninu og það gufar upp um leið er kominn tími til þess að hefjast handa.
- Ef fötin sem þú ert að fara að strauja eru mjög krumpuð er gott ráð að úða á þau vatni áður en byrjað er að strauja. Einnig getur verið skynsamlegt að hengja krumpaðar flíkur upp inni á baði, það sléttist oft úr þeim þegar þær hanga inni í röku loftinu.





# Nafnið sótt í silkið

Verslunin Serica var opnuð nýlega í Hlíðasmára 11 í Kópavogi. Þar prýða silki-blóm, kerti, servíettur og önnur glæsileg gjafavara allar hillur.

„Við vorum alveg í vandræðum með hvað við ættum að láta búðina heita og svo duttum við niður á nafnið Serica en það er latneska orðið yfir silki,“ segir Hafdís Hafsteinsdóttir, sem á verslunina Sericu ásamt Ásdísi Þórisdóttur. Það á ekki illa við því silki-blóm eru í

öndvegi í búðinni ásamt alls konar gjafavöru og skreytiefni fyrir veislur af ýmsu tagi. Í Sericu fæst til dæmis fallegur borðbúnaður, kerti, servíettur, blómavasar, pottahlífar, lampar og kertalugtir í úrvali og sérstaka athygli vekja veggkertastjakar sem þær stöllur segja sænska hönnun.

Verslunum við Hlíðasmáránn er alltaf að fjölga og Hafdís og Ásdís líta framtíðina björtum augum enda gera sér áreiðanlega margir ferð þangað til að skoða fineríð í Sericu.



Hauggreinar í Sericu eru einstaklega fallegar.



Silki-blóm eru eðlileg og þurfa litla umhirðu.

# Vaskar ofan á borðum slá í gegn

Þórir Jónsson hefur fingurinn á púlsinum þegar innréttingar eru annars vegar.

Blöndunartæki með gamaldags útliti eru á meðal þess sem er vinsælast núna, segir Þórir Jónsson, eigandi verslunarinnar Innréttingar og tæki í Ármúla. Handlaugar sem standa ofan á borði eru einnig afar vinsælar um þessar mundir. Slíkir vaskar eru vinsælir bæði úr gleri og postulíni.

Þórir hefur rekið verslunina í tólf ár og fylgist því vel með tíðarandanum í innréttingum. Hann segir stóra skápa mjög vinsæla í eldhúsinnréttingar núna. „Stórir skápar frá lofti niður í gólf eru mjög vinsælir. Einnig skápar með rennihurðum sem ná niður á borð.“ Í slíkum skápum er gott að geyma ýmis tæki sem eldhús nútímans eru full af. Þórir segir mikla áherslu á gott geymslupláss þegar verið er að innrétta eldhús.

„Hvort sem eldhúsið er lítið eða stórt vill fólk nýta plássíð sem best,“ segir Þórir, sem segir flesta sem kaupa innréttingar vera að endurnýja hjá sér. „Það eru miklu fleiri að endurnýja en að byggja nýja eign,“ segir Þórir.



Innréttingar og tæki selja vörur frá Ítalíu, Spáni, Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð. Á heimasíðu verslunarinnar www.i-t.is er hægt að skoða myndir af þeim vörum sem í boði eru.



Handlaugar eins og þessi eru afar vinsælar núna.

Mynd eftir Brage Ásgeirsson

## Íslensk list er góð gjöf

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

Opið í Kringlunni laugardaga kl. 10-18, sunnudaga kl. 13-17

Opið á Rauðarárstíg laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16

**Sjáumst í Gallerí Fold**

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400  
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

# Leynilandið er komið út!

Metsöluhöfundurinn Jane Johnson, áður útgáfustjóri Hringadróttinssögu, kemur til landsins í dag. Hún verður í Máli og menningu, Laugavegi 18, laugardaginn 22. október frá kl. 14 - 15. Lesið verður úr bókinni.

„Kunnirðu að meta ævintýri, töfra og gæludýr, er þetta bók fyrir þig! Ég gef henni hæstu einkunn.“  
KRAZE Club Magazine

Heimsókn Bens Arnolds í gæludýrabúðina markar upphaf að furðulegu ævintýri þegar talandi köttur vísar honum veginn til leynelegs töfralands...

„Leynilandið er ákaflega vel heppnuð saga ... sameinar hversdagsleika og töfra á framúrskarandi hrífandi og fyndinn máta.“  
The Times

Frábært tilboð í verslunum Pennans í október:  
**1.780 kr.**  
(Almennt verð 2.880 kr.)





**Úrval**  
af  
handklæðum

Gæði, ending og  
góð þjónusta

**Tafabúðin**  
Skólavörðugá 23 Sími 551 4000 Reykjavík

**Hornsófar Atalanta**  
stærð: 287cm x 232cm



Tilboðsverð í SÍKKOÍ  
**kr. 119.800**

Íngindastóll við sofa  
kr. 40.200

Tilboðsverð í ISOURÍSKY  
**kr. 149.500**

**innlit**  
HÚSGÖGN  
Armúla 5 Reykjavík  
sími 544 8181

Takmarkað magn.

**Geymslu-  
og dekkjahillur**



í bílskúrinn,  
geymsluna,  
heimilið og  
fyrirtækið

Þessar hillur geta allir  
sett saman. Skrúfufritt  
og smellt saman.

**kr. 7.700.-**  
viðbótareining kr. 5.586.-

**Ísold ehf.**  
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

[www.isold.is](http://www.isold.is)



## Jólavörurnar rifnar út

*Biðröð myndaðist fyrir utan Ikea daginn sem jólavörurnar voru teknar upp. Síðan þá hefur verið mikið að gera en íslensk jólabörn geta verið róleg, það er nóg til.*

„Það hefur verið alveg brjáláð að gera síðan við fengum jólavörurnar,“ segir Katrín Eyjólfsdóttir í samtali við Fréttablaðið. „Salan er gríðarleg en við eigum nóg til,“ segir hún og bætir við að miklu meira hafi verið pantað af jólavöru nú en í fyrra. „Þá seldist ýmislegt upp, þó að við hefðum pantað mikið magn af jólavöru. Við pöntuðum því enn meira í ár.“

Katrín segir konur hafa bedið fyrir utan Ikea í síðustu viku þegar vörurnar voru teknar upp. „Og svo var mjög mikið að gera um helgina, eiginlega komust færri að en vildu.“ Meðal þess sem vinsælast er hjá Ikea er ljósakrans sem hin íslenska Sigga Heimis hannaði. Hann seldist upp í fyrra en er sem sagt til núna og í fleiri en einni stærð. „Það er mjög vinsælt að kaupa hann í nokkrum stærðum, hengja hann upp á þar til gerða króka og skreyta með jólakúlum,“ segir Katrín. Áhugasamir geta skoðað þessa útfærslu



Jólin eru komin í Ikea. Jólakransinn sem slegið hefur í gegn er hægra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

í verslun Ikea. Kransinn er einnig til í hjartalaga útfærslu.

Auk hans selst jólapappírinn firnavel og einnig margs konar smádót. Úrvalið er mikið eins og með fylgjandi myndir sýna.

## Flugurnar fljúga í ljósið

*Í skammdeginu fara fljúgandi verur að sækja í ljósa-dýrdina.*

Flestar lífverur vilja ljós. Þegar rökkva tekur kveikir mannfólkið ljósin og vængjuð skordýr velta fyrir sér hvað hafi nú eiginlega orðið um sólina. Fiðrildi og flugur gera því miður ekki greinarmun á sólarljósi og rafmagnsljósi og elta alla birtu sem þau finna í góðri trú.

Því er gott að hafa í huga að skilja ekki eftir kveikt þar sem enginn er. Sérstaklega ekki í svefnherbergjum, því ekkert er verra en að halla höfði á kotta með forvitna flugu í leiðangri um herbergið. Einnig er skynsamlegt að loka gluggum í þeim herbergjum sem eru upplýst, hafa gluggana frekar opna þar sem myrkrið er mest. Sértu að glíma við vandamál af þessu tagi (blaðamaður er til dæmis með húsið fullt af



Ljósakróna eða flugnasegull?

fiðrildum) er líka ágæt lausn að láta sterkt ljós loga yfir nótt í íbúðinni. Þá sækja fljúgandi smáverur allar á sama staðinn

og þær sem drepast um nóttina liggja þá dauðar á sama fletinum. Það sparar hlaupin með ryksuguna.





Helgi Pálsson, eigandi Álnavörubúðarinnar í Hveragerði, innan um fjölbreyttar vörur búðarinnar.

## Stoltastur af metravörurnni

Álnavörubúðin í Hveragerði er ein merkilegasta verslun landsins. Fáar búðir hafa upp á jafn sérstætt og margbreytilegt vöruúrval að bjóða.

Helgi Pálsson, eigandi Álnavörubúðarinnar, segir að verslunin sé á sínu átjándra starfsári. „Það var reyndar stefnt að því að hætta rekstri búðarinnar fyrir fimm árum,“ segir Helgi. Hann segir að mest sé keypt inn frá Englandi en einnig frá Frakklandi og Svíþjóð. Inni á milli leynast þó vörur frá ýmsum menningarheimum, bæði heimilsvörur og fatnaður. Til dæmis má finna mikið af andlitsgrímum sem keyptar voru beint frá Balí í Indónesíu. Í versluninni

má finna fjölbreyttan varning, jakkaföt, skó, geisladiska, peysur, nærbuxur, alls kyns metravöru og fleira.

Helgi segir að fastakúnnar verslunarinnar komi alls staðar að af landinu enda sé þar mikið af vinsælum og sígildum vörum sem allir þurfi. Stoltastur er Helgi af metravörurnni sem verslunin býður upp á en í Álnavörubúðinni má finna mikið af metravöru sem nýtist við ýmiss konar saumaskap og fleira heima fyrir. „Við bjóðum upp á mikið af metravöru sem aðrir bjóða ekki upp á eða hafa ekki jafn gott úrval af. Það er hins vegar varla nokkrum manni bjóðandi að afgreiða slíka vöru, það er mikil átakavinna,“ segir Helgi og brosir breitt.

## Fyrirmyndar fataskápur

Fataskápurinn á að vera aðgengilegur og vel skipulagður. Ekki nota fataskápinn sem geymsluskáp.

Skipuleggðu fataskápinn þinn á þann máta að hann sé þér aðgengilegur. Skiptu hillunum niður í flokka, buxnahillu, bolahillu, peysuhillu og svo framvegis. Hengdu upp buxur sem eru með broti til að það haldist. Láttu buxurnar hanga saman í skápnem og skyrtturnar saman. Á einhvern undraverðan máta nær ryk einnig að setjast inn í fataskápa og því er gott að staflla flikunum upp eins og gert er í fatabúðum. Þá er auðvelt að grípa allan bunkann í einu lagi og leggja frá sér meðan ryksugunni er haldið á lofti. Regluleg þrif á fataskápnem koma í veg fyrir skápalykt af fötum.

Reglan ætti að vera að fót sem þú hefur ekki notað í meira en ár eiga að fara í ruslapokann. Þetta er þó að því gefnu að ástæðan fyrir notkunarleysinu sé ekki sú að flíkin sé ekki gjaldgeng nema einu sinni ári, eins og jólakjöllinn. Við erum sífellt að telja okkur trú um að við getum ekki hent hinni eða þessari flik en það er heldur engin ástæða til að geyma það sem er aldrei notað. Fataskápar hafa ekki endalaust geymslupláss.

Einnig er gott að hafa eina hillu undir það sem við getum kallað „kanskibing“. Í þeirri hillu geymast fót sem eru sjaldan eða aldrei notuð, snyrtilega brotin saman. Þegar kemur að því að flegja úr skápnem þá er fyrst ráðist á þessa hillu, grynnað í henni, og nýir kandidatar fá pláss þar. Þá eru líka flíkur sem sjaldan eru notaðar ekki að þvælast með hinum og það þarf minna að róta í fatabingnum.



Skipulagður fataskápur er til fyrirmyndar.

Margir skápar eru plásslitlir og má þá leysa plássleysið með tvöföldum herðaslám, þeirri efri fyrir jakka og þeirri neðri fyrir buxur eða skyrtur. Hægt er að fá skóhillur sem draga má út og hægt að hafa á tveimur hæðum. Auðvelt er að koma fyrir skilrúmunum í skúffur, rúlla upp nærbolum, sokkabuxum og smærri flikum, sem raðað er í hólf. Borið nóg af götum í innveggi skápsins svo hægt sé að færa til festingar og búa til minna eða stærra hillupláss. Þá passar ein hilla akkúrat fyrir eina ferðatösku og önnur hilla fyrir allar peysurnar.

Í dag segir sá duglegi og nú er bara að hefjast handa.

## Förum varlega með kertin

Þar sem rökkrið er að taka völdin eru kertin að verða ómissandi en gætni er þó nauðsynleg þegar þau eru annars vegar.

Auk þess að gefa frá sér birtu skapa kertin stemningu sem er hlý og notaleg og engu öðru lík. Hér nokkur ráð fyrir þá sem vilja skreyta hús sín með kertum því gætni þarf að viðhafa þar sem opinn eldur er.

Lítið í kringum ykkur heima og veltið fyrir ykkur hvar hægt er að setja kertin. Þau þurfa að vera á stöðum þar sem börn og gæludýr ná ekki til þeirra og langt frá öllu sem er eldfimt eða getur brunnið. Einnig þurfa þau

að standa á traustum fleti og ekki það nærri vegg að málningin láti á sjá. Kaupið kertin í ýmsum litum, stærðum og gerðum. Þeir sem vilja ilmkertri velja þau og afar kósí er að hafa þau á baðinu.

- Fylgist vel með kertunum, gætið að því að þau brenni rétt og að enginn hafi velt þeim um koll.

- Teljós í krukum eru einna öruggust, bæði eru þau yfirleitt stöðug og deyta út í fyllingu tímans.

Gaman er að hafa kertin í mörgum litum.



**RÝMINGARSÖLUNNI ER AÐ LJÚKA**

**SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ GERA GÓÐ KAUP**

Sérverslun með húsgögn og gjafavöru

# Lífstílsverslun

í miðbænum

Tryggvagata 11, 101 Reykjavík

Sími: 534 6100

## Hlýleg húsgögn !

**Mikið úrval af nýjum gjafavörum og haustblómum, stórir diskarekkar loksins komnir og fallegir nýir hornskápar. Sjón er sögu ríkari !**

**VIRKA Húsgögn**

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18  
Laugardaga frá 11-15

Mörkin 3, sími 568 7470  
[www.virka.is](http://www.virka.is)





**Lestur tiskublaða**

er ekki eina leiðin til þess að kynna sér númerandi og komandi tisku. Fjöldi vefsíða fjallar um tisku og sumar þeirra eru á vegum tiskublaða eins og vogue.com.

**TISKUVERSLUNIN**  
Smart

Nýjar vörur, Jakkar, pils, tunica og fallegir toppar. Gott úrval. Treflar úr kasmírull og silki.

Grimsbæ við Bústaðarveg, Ármúla 15, Hafnarstræti 106 600 Akureyri.  
Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010  
Email: smartgina@simnet.is

**Vajolet bolir úr ull/silki og ull/bómull**  
Gæði í hverjum þræði

**CARU**

Opið virka daga kl. 11:00-18:00  
Opið laugardaga 11:00-14:00  
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776

**Úrval af náttloppum**  
Flís, velúr og satín  
Á verði fyrir þig frá kr 2.990- 4.990

**Cos** s. 588-5575, Glæsibær

**Disney rúmföt**

Jólatilboð, merkt handklæði.

**VERIÐ**  
Glæsibæ, s. 552 0978  
www.damask.is

**Linsutilboð** sjón gleraugnaverslun  
aðeins **3.500,-**

- 3-ja mán. skammtur
- linsuvökvi
- linsubox

Laugavegi 62 sími 511 6699  
Garðatorgi sími 511 6696  
www.sjon.is sjon@sjon.is

**Dior dagar** snyrtivöruversluninni Glæsibæ 20.- 22. okt.

Sérfræðingur frá Dior verður á staðnum og kynnir nýju rakalínuna Hydraktion ásamt haustlitunum í ár.

Ef þú verslar fyrir 4.200 kr. eða meira færðu fallega gjöf\* frá Dior.

\*Gildir á meðan birgðir endast.

**SNYRTIVÖRUVERSLUNIN**  
GLÆSIBÆ

**Leikur, kvenleiki & rómantík**

*Haust- og vetrarlína Monsoon einkennist af bóhemskum hversdagsfatnaði og glamúr í spariklæðum.*

Skrautleg pils, kjólar, þrjónaðar peysur í fallegum bláum og brúnum litum ásamt palllettum og smart fylgihlutum einkenna vetrartísku hjá Monsoon. Línunni er skipt upp í Rhapsody sem sækir áhrif sín til Rússlands og Austur-Evrópu, Fantasiu sem einkennist af blúndum og rómantík, Portobello sem er glamúrfatnaður í anda sjöunda áratugarins og Enchantment sem einkennist af klassískum kjólum með ævintýrabrag. Fyrst og fremst er fatnaðurinn kvenlegur og mikið er notað af fylgihlutum eins og beltum, eyrnalokkum og hálsmenum. Fallegum litum er blandað saman og fötin eru í mörgum lögum. Málið er að fagna kvenleika sínum og leika sér með fót og fylgihluti og lyfta sér þannig upp í vetur.

Hippalegir eyrnalokkar.



Rómantískir skór úr rúskinni með lágum hæl.

Hálsmen í bóhemskum stíl.

Pilsin eru áberandi í tiskunni í vetur.



**Alls konar eyrnaglingur**

SKARTGRIPIR ERU ÁBERANDI Í TISKUNNI Í VETUR OG GLÆDLIGIR EYRNALOKKAR NÁNAST ÓMISSANDI.

Í vetur eru skartgripir mjög áberandi og á að hafa mikið af þeim. Allt á að vera í ýktari kantinum, festarnar langar, armböndin þykk og lokkarnir síðir. Litadýrðin er við völd og efniviðurinn er mjög breytilegur. Gull og silfur er alltaf vinsælt og kopar, steinar margs konar og perlur eru mjög áberandi. Skartgripir í þjóðlegri útfærslu eru líka hátt á tiskulistanum og þeir eru yfirleitt unnir úr leðri, tré, beinum og fjöörum. Flestar tiskuvöruverslanir bjóða upp á eitthvað af skarti með fatnaðinum en svo eru búðir sem sérhæfa sig í tiskuglingrinu eins og Moonson, Kiss, Ice in a bucket, Skarthúsið o.fl.

Svartir rauðir og hvítir hringir kr. 995



Páfuglsfjaðrir kr. 995



Brúnar fjaðrir kr. 595

turkis og brúnir dropar kr. 995

gullbrúnar kúlur kr. 995



Silfurhringir kr. 949



messing, svart og perlur kr. 949



Svartir kr. 1.690

**Vandamál í hársverði?**

Virkar gegn:

- psoriasis
- exemí
- flösu
- skán
- hárlosi
- kláða
- feitum hársverði

BIO+ fæst á hársnyrtistofum og í apótekum.

lausnin er **BIO+**

*Þessar frábæru aðhaldsbuxur fást aðeins hjá okkur.*

**Brúðarkjólaleiga Dóru**  
Sími: 588 2560 - www.brudarkjólaleiga.is



## Föt fyrir fullorðnar barbíúkkur

Framleiðandi Barbie ætlar að setja föt fyrir konur á markað undir merkinu Barbie Luxe.

Barbíföt fyrir fullorðna verða brátt framleidd undir merkinu Barbie Luxe. Framleiðandi Barbíúkkanna, Mattel, ætlar að fá með sér í lið topp tískuhönnuði til að hanna föt og fylgihlut merkta úkkunnar sem börn og þá einkum stúlkur hafa leikið sér að í áratugi.

Hönnuðir á borð við Önnu Sui, Önju Hindmarch, Judith Leiber og Tarinu Tarantino verða fengnir til þess að sækja sér innblástur til Barbíar og hanna undir merkjum úkkunnar.

Markhópurinn fyrir fötin verður vel efnuð tískufrík, enda munu fötin ekki vera í ódýrari kantinum. Barbie Luxe-fatalínan verður kynnt í Kaliforníu í vikunni en sumir af hönnuðum munu selja flíkurnar í búðum sínum. Þess má geta að í Japan eru til Barbíföt fyrir fullorðna.

Sala á Barbíúkkum hefur dregist mjög saman undanfarið ár og er framleiðsla tískufatnaðarins liður í að sporna gegn þeirri þróun. Það er von framleiðandans að litlum stúlkum þyki meira til Barbí koma ef mamma á tösku merkta henni.

Barbíúkkur hafa verið vinsælar um árabíl.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS


## Á tískusýningu hjá Cacharel og Lanvin

Hjá hverju tískuhúsi er tískusýning hápunktur sex mánaða vinnu - það augnablik þegar hönnuðurinn leggur verk sín í dóm blaðamanna, fagfólks og smásöluáðila. Mánuðum saman hefur verið teiknað og unnið að frumgerðum. Svo er saumað, oft fram á síðustu stundu, jafnvel alla nóttina fyrir sýninguna ef breyta þarf einhverju. Velja þarf fyrirsetur, sjá um útlit og umgjörð sýningarinnar og velja boðsgesti, jafnt góða viðskiptavini sem og blaðamenn til að tryggja umfjöllun í tiskublöðum og sjónvarpi sem er lífsnauðsyn fyrir afkomu tiskuhússins.

Hjá Cacharel var sviðið líkt og skógur nornarinnar Baba Jaga úr samnefndu leikriti, með litríku trjámunstri. Mikilvægustu blaðamennirnir og boðsgestir á fremsta bekk. Fyrirsæturnar svifu um sviðið í léttum Rauðhettukjólum en nornin var hvergi sjáanleg. Þó Clements Ribeiro, hönnuður Cacharel, hafi ekki beinlínis fundið upp hjólið var margt fallgett að sjá. Munstruð pils í anda Cacharel með einfaldri plíseringu, aðallega í hvítu og ljósbrúnu, stuttir kjólar í sólgulu, ljósbrúnu og hvítu, í anda loka sjötta áratugarins (Grease). Þó eitthvað hafi verið um létt og leikandi siffonefni var enn meira um bómullarpoplín. Einhvern veginn á ég auðveldara með að ímynda mér íslenskar konur á 17. júní í Reykjavík íklæddar fötum frá Cacharel frekar en gegnsæjum siffonflíkum John Galliano hjá Dior, jafnvel þótt skroppið sé á Bessastaði á eftir. Ekki spilltu platformskórnir sem tryggja þurra fætur eftir smá sumarskúr.

Tískuhús Lanvin hélt sína sýningu í Tullerie-garðinum við Louvrehöllina í risastóru yfirfullu tjaldi þar sem hitinn var kæfandi og gestirnir notuðu tiskublöð sem blævæng, það voru ekki allir eins vel búinir og leikkonan Catherine Deneuve sem mætti með blævæng, enda vel sjúð á tískusýningum. Catherine Deneuve var á besta stað, ekki langt frá Madame Wang, kínversku kaupsýslukonunni sem er eigandi Lanvin. Já, þetta gamla franska tiskuhús, eitt það elsta hér í borg, er í eigu Kínverja. Svona er heimurinn í dag. Tískufræðingar segja sýninguna hafa verið „ultra feminine“, glæsilega, kvenlega og fágáða. Meirihlutinn í svörtu og dökkbláu sem er dálítið sérstakt fyrir sumartísku. Vetrarlína Lanvin sem er í búðum núna er litrík og með blómamunstri en það er hönnuðurinn sem ræður og þegar hann segir svart - þá er það svart. Alber Elbez, hönnuður Lanvin hefur líka verið rómaður af tiskublaðamönnum og hlaut, ekki fyrir alls löngu, amerísku tiskuverðlaunin. Hann þykir einn sá alklárasti í dag.

bergthor.bjarnason.wanadoo.fr



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
 FRÉTTABLAÐIÐ

# Diesel Party

í kvöld  
 klukkan 17-21  
 nýjar haustvörur  
 fríar veitingar  
 plötusnúður  
 spennandi tilboð  
 verið velkomin

galleri sautján

KRINGLUNNI - s.512 1750 - www.ntc.is



# Haust í Skarhúsinu

- Alpahúfur kr 990
- Sjöl og treflar frá kr 1290
- Belti frá kr 1990
- Buxur kr 3990
- Sokkabuxur frá kr 1290
- Kínaskór kr 1290
- Flísfóðraðir hjartavettlingar kr 1490



**SKARTHÚSIÐ**  
Laugavegi 12, s. 562 2466  
Sendum í póströfu

FAGMENNASKA Í 11 ÁR

**FEGRUNAR TATTÚ**  
LEYNDARMÁL MARGRA  
FAGURRA KVENNA

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060

SNYRTISTOFAN  
HELENA  
FAGRA

S. 561 3060  
LAUGAVEGI 163

Íslenskar leðurvörur til jólagjafa fyrir starfsmenn og viðskiptavinum erlendis.

Leðuridjan ehf.  
Brautarholti 4, 105 Rvk.  
s. 561 0060 atson@latson.is  
Opíð mán.-fös. 10-18

**Flott fót á flotta krakka!**

du pareil... au mème  
Laugavegur 17 og Kringlunni  
Sími 552-6744 og 588-6750

**Nýjar vörur!**

Toppar  
Pils  
Stuttir kjólar

Bankastræti 11 551-3930

**PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR**

- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMEÐFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMÉÐFERÐIR

SNYRTISTOFAN  
**salon rita**  
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

Rannveig er sjálf í fatnaði frá Kúltúr.

Kvenlegur sparkjól sem kostar 37.900 og fæst í Kúltúr.

Hljý og góð kápa, svört, mokka og tvíð, er bráðnausynleg í vetur. Þessi kostar 32.900 kr. og fæst í Kúltúr.

## Vesti eru bráðnausynleg

Rannveig Ólafsdóttir hjá Kúltúr í Kringlunni velur ómissandi flíkur fyrir veturinn.

Rannveig Ólafsdóttir, nýskipaður verslunarstjóri verslunarinnar Kúltúr í Kringlunni, er enginn nýgræðingur í tískubransanum. Áður en Rannveig tók við stjórninni í Kúltúr hafði hún verið við stjórnvölinn í Gallerí Sautján á Laugavegi og stýrt þar innkaupum um margra ára skeið. Innsýn og áhugi á tískunni er henni í blóð borinn og vinnan er eitt af hennar aðaláhugamálum. Um þessar mundir er Rannveig að taka upp haust- og vetrarvörurnar og hún segir vissar flíkur nauðsynlegri en aðrar vilji maður tolla í tískunni í vetur. Auk þeirra flíka sem eru á myndunum eru gallabuxur og hvít skyrta alveg bráðnausynleg í fataskápinn í vetur.

Flott skart, hálsmen og armbönd, t.d. brasilíska skartið frá Lady miss foo foo, er aðalmálið í dag. Arm-bandið kostar 3.990 kr. og er úr Kúltúr.

Svört eða brún stígvél eru ómissandi. Þessi fást í GS-skóm og kostar 22.990 kr.

Hálsmen sem kostar 1.990 kr. og er úr Kúltúr.

Vesti er alveg bráðnausynleg í vetur. Þetta kostar 4.990 kr. og fæst í Sautján.

Hnébuxur, víðar sem þröngar, eru ómissandi. Þessar fást í Kúltúr og kosta 15.900 kr.

**Rýmum fyrir nýjum vörum 25% afsláttur af völdum vörum**

**bianca**  
- gæði og glæsileiki -  
NÝBÝLAVEGUR 12,  
KÓPAVOGUR  
SÍMI 554 3533

**Lee Stafford**  
Professional hársnyrtivörur uppfylla allar þarfir nútímans!

**FYRIR STRÁKA OG STELPUR**

**HAFÐU HÁRIÐ EINS OG MÚ VILT - ALLTAF!**

Lee Stafford fæst í:  
Hagkaup, apóteikum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.

**IANA**

Laugaveg 53  
s. 552 3737  
Opíð mán.-föst. 10-18.  
Laugard. 10-16





## JÓI PRESLEY FER NORÐUR

Leikur tannlækninn í Litlu hryllingsbúðinni

SJÁ BLS. 8

## BRANDARARNIR

Upphaf þeirra og saga

SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM HAFNARFJARÐARBÆ – 20. október 2005 ]

# Hafnarfjörður



## EFNISYFIRLIT

Mikið um dýrðir

BLS. 2 Hansadagar í Hafnarfirði

Ekki sama hatrið og áður

BLS. 4 FH og Haukar í Hafnarfirði

Kærkomin viðbót

BLS. 6 Fjölmíðlaflóran í Hafnarfirði



Gamla bókasafnið

BLS. 8 Fyrir unga fólkið

Gott að búa í Hafnarfirði

BLS. 12 Skipulagsmál



Ullað af veggnum

BLS. 16 Myndlist í Hafnarborg

Jólin undirbúin

BLS. 18 Jólaborpið



**Tilboð fyrir ferðalanga á gistingu.**

**Frí innigeymsla fyrir bílinn á meðan ferðast er.**

**IH**  
ICELANDAIRHOTELS  
FLUGHÓTEL  
FLUGHÓTEL KEFLAVÍK



# Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá á Hansadögum

Dagana 21.-23. október verðum mikið um dýrðir í Hafnarfjarðarbæ þegar Hansadagar verða haldnir í fyrsta skipti.

„Hansakaupmenn voru mjög öflugir í Hafnarfirði og hér voru þeirra höfuðstöðvar. Þorvaldur Danielsen hjá Hópbílum fékk þá hugmynd að sækja um í Hansasmökunum, sem 169 borgir eru aðilar að og allar eiga sögu tengda Hansakaupmönnum. Í kjölfarið af inngöngu okkar þar datt okkur í hug að hafa Hansadag, hálfgerða þýska daga. Markmiðið er að efla verslun og þjónustu í bænum,“ segir Anna Sigurborg Ólafsdóttir, sviðsstjóri markaðs- og þróunarsvið Hafnarfjarðarbæjar, um tilkoma Hansadaganna.

Anna segir að dagskráin sé fjörug og skemmtileg og gleðin muni bera helgi uppi. Helstu atburði sem verða í gangi alla helgina segir Anna meðal annars vera þýskt þema í bókasafni Hafnarfjarðar, ýmis tilboð í verslunum bæjarins, þýska tríóið Friiheit spilar nokkrum sinnum og einnig lúðrasveit, ljósmyndasýning frá Cuxhaven í kaffistofu Hafnarborgar, fótbolta-mót í Kaplakrika og þýskubíllinn kynnir HM í fótbolta svo fátt eitt sé nefnt. Setning hátíðarinnar verður

Ólafur Ragnar Grímsson mun opna Hansadaga.

afar glæsileg.

„Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verður hér í opinberri heimsókn. Hann mun setja dagana í verslunarmiðstöðinni Firðinum. Að því loknu munu forsetahjónin taka á móti bæjarbúum á fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu Strandgötu. Þar mun Ólafur Ragnar meðal annars veita hvatningu til ungra Íslendinga og færa Hafnfirðingum gjöf.“ Fjölskylduhátíðin er stærsti einstaki viðburðurinn á Hansadögum. Þar munu meðal annars koma fram karlakórinn Þrestir, Þórunn Sigþórsdóttir sópran og hin hressa hafnfirsk hljómsveit Jakobinarína.

Fyrir um kvöldið verður vígsla á nýrri hjóla- og göngubraut við Fjarðargötu og þar verður einnig opnuð sérstök Hansaborgarsýning. Síðan hefst flugeldasýning og síðan verður marsað í skruðgöngu á fjölskylduhátíðina.



Hansadagar verða í Hafnarfirði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Anna vonast til þess að Hansadagar verði að árlegum viðburði. „Á næsta ári munum við bjóða, í samstarfi við Icelandair, upp á ferðir til bæjarins. Það er stór hópur fólks sem heimsækir Hansaborgir um alla Evrópu. Þar sáum við okkur leik á borði til að efla ferðaþjónustu hér í bænum,“ segir Anna með bjartsýnistón.

## Dagskrá Hansadaga

FÖSTUDAGURINN 21. OKTÓBER

16:30-17:10

Setning Hansadaga í verslunarmiðstöðinni Firðinum. Helga Braga og Steinn Ármann kynna dagskrá. Englakórinn syngur. Forseti Íslands setur Hansadaga. Þýska hljómsveitin Friiheit spilar. Þýskubíllinn.

19:30-20:00

Vígsla á göngu- og hjólastíg. Opnun á Hansaborgarsýningu og ljós tendruð á stígnum. Flugeldasýning verður og að henni lokinni verður skruðganga með lúðrasveit Hafnarfjarðar í broddi fylkingar að Íþróttahúsi Strandgötu.

20:00-21:30

Fjölskylduhátíð í Íþróttahúsinu Strandgötu. Bæjarbúum boðið að hitta forsetahjónin.

LAUGARDAGURINN 22. OKTÓBER

13:00-16:00

Hátíðarhöld í Firði: Bein útsending á Rás 2. Tilboð og matarkynning. Þýskubíllinn verður við verslunarmiðstöðina Fjörðinn. Dregið í getraun um Hansaborgir í beinni útsendingu á Rás 2 kl. 15:45. Friiheit spilar.

14:00-16:00

Bæjarbúar og gestir eru hvattir til að koma á fyrirlestra í Byggðasafni Hafnarfjarðar, Pakkhúsinu, Vesturgötu 8.

SUNNUDAGURINN 23. OKTÓBER

10:00-13:00

Fótbolta-mót í Risanum, knattspyrnuhúsi við Kaplakrika, 5. flokkur dregja og stúlkna. Þýskubíllinn. Sýning í kaffistofu Hafnarborgar með ljósmyndum Bernt Schlüsselburg frá Cuxhaven, vinabæ Hafnarfjarðar.

13:00

Verðlaunaafhending og slit Hansadaga.



## Tilbúinn að jóðla í Týrólabúningi

Jón Arilius, bakari og eigandi Kökumeistarans í Firðinum, lofar fjörlegri og fjölbreyttri þýskri stemningu á Hansadögum.

Jón segir að fólk megi eiga von á ýmsum kynningum og tilboðum í bakaríinu á meðan á Hansadögum stendur. Hann segir að boðið verði upp á fjölbreytt úrval af bæði þýsku brauði og dýrindis sæta-brauði. Jón nefnir þar helst Blechküchen, Münchenar-brauð, Svartaskógartertu, pretzel, þýsk sveitabrauð og bóndabrauð, apfelstrudel og margt fleira. Jón segist ekki ætla að þröngva Týrólabúningum upp á starfsfólki sitt en segist heita því að ef einhver mæti með slíkan fatnað muni hann klæðast honum.

„Ef einhver er tilbúinn að kasta smá aukum í hattinn get ég jóðlað eitthvað líka,“ segir hinn hressi bakari Jón Arilius að lokum.



Jón Arilius bakari tekur Hansadögum fagnandi.

## Þýskt tríó

SAMKAUP TAKA ÞÁTT Í HANSADÖGUM

Það verður margt um að vera í Samkaupum í Hafnarfirði meðan á Hansadögum stendur. Verslunin mun bjóða upp á fjölbreyttar kynningar og ýmis tilboð á þýskum vörum.

„Búðin mun hafa á boðstólum framandi þýska rétti sem hingað til hafa ekki verið algengir í íslenskum innkaupaverslunum, til dæmis súrsaða svínaskankar og súrkál,“ segir Gísli Gíslason, rekstrarstjóri Samkaupa. Þýska tríóið Friiheit mun einnig mæta á svæðið og taka lagið. Friiheit mun spila klukkan 17:00 á föstudeginum og klukkan 14:00 á laugardeginum. Búðin verður skreytt á þýskan máta og Gísli lofar góðri stemningu.

## Þýskubjálfi á Porsche

Þýskubíllinn er átaksverkefni Háskóla Íslands, stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, félags þýskukennara og þýska sendiráðsins ásamt nokkrum styrktaraðilum til að auka hvatann til þýskunáms og reyna að áhuga- tengja tungumálanámið.

„Sjálfur þýskubíllinn er Porsche-jeppi en með bílnum er þýskubjálfi eins og ég kys að kalla hann. Hann heldur örnámskeið í fótbolta-þýsku, kynnir heimsmeistaramótið í fótbolta sem fer fram í Þýskalandi á næsta ári og fleira. Með í för er einnig mark og þar geta krakkar æft sig í skotfimi og þeir sem ná að skora fá gefins bol,“ segir Oddný Svennisdóttir, sem er stjórnandi verkefnisins og deildarforseti hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Bíllinn mun vera með dagskrá á Hansadögum og þar geta allir sem vilja æft sig í knattspyrnu og í leiðinni speytt sig á þýskunni. Einnig verður hægt að fá þar bækling með ýmsum hagnýtum upplýsingum og gögnum tengdum þýskunámi.



PEYSUVEISLA

20% afsláttur af öllum peysum á Hansadögum

ANAS

Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði  
565 7100





# HANSA DAGAR

í Hafnarfirði 21. - 23. október

## FÖSTUDAGURINN 21. OKTÓBER

10:00-14:00 Þýskubíllinn við Flensburg HM 2006 í knattspyrnu.

14:00-18:00 Þýskubíllinn við Fjörð HM 2006 í knattspyrnu.

14:00-23:00 Þýsk stemning í Gamla bókasafninu

Grillaðar bratwurstpýlsur og þýskur epladrykkur frá kl. 18:00. Hljómsveitirnar Miss behavin' og hin austur-þýsk rússneska Lada Sport frá kl. 20:00. Ókeypis aðgangur.

16:30-17:10 Setning Hansadaga í verslunarmiðstöðinni Firði

Kynnir: Helga Braga og Steinn Ármann • Englakórinn syngur • Forseti Íslands setur Hansadaga • Þýska tríóið Friheit spilar • Þýskubíllinn.

19:30-20:00 Flugeldasýning, opnun á Hansaborgasýningu

Vígsla á göngu- og hjólastíg og skruðganga að Íþróttahúsi Strandgötu með Lúðrasveit Hafnarfjarðar í broddi fylkingar.

20:00-21:30 Fjölskylduhátíð í Íþróttahúsi Strandgötu

Bæjarbúum boðið að hitta forsetahjónin • Lúðvík Geirsson bæjarstjóri setur dagskrána • Þórunn Sigbórsdóttir sópran syngur • Ávarp Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands • Karlakórinn Prestir • Forsetinn afhendir ungum Íslendingum hvatningu • Þýska hljómsveitin Friheit spilar • Unglingahljómsveitin Jakobínarína.

## LAUGARDAGURINN 22. OKTÓBER

13:00-16:00 Hátíðahöld í Firði

Bein útsending á Rás 2 • Matarkynningar • Þýskubíllinn kynnir HM 2006 í knattspyrnu • Dreigið í getraun um Hansaborgir í beinni útsendingu á Rás 2 • Þýska tríóið Friheit spilar.

14:00-16:00 Fyrirlestrar í Byggðasafninu, Vesturgötu 8

„Hafnarfjörður, Hamborg og Hansasambandið á 16. öld“  
Dr. Gísli Gunnarsson prófessor í sagnfræði.  
„Ölgerð, fornar þýskar hefðir og ölneysla á Íslandi fyrr á öldum“  
Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari.

## SUNNUDAGURINN 23. OKTÓBER

10:00-13:00 Fótboltamót í Risanum

5. flokkur drengja og stúlkna • Þýskubíllinn á svæðinu.

13:00 Verðlaunaafhending og slit Hansadaga

## Á DAGSKRÁ ALLA HANSAHELGINA

Á Hansadögum kynnir þýskubíllinn HM 2006 í knattspyrnu • Taktu þátt í getraun um Hansaborgir – flug fyrir tvo til Þýskalands í boði Icelandair • Verslunar- og þjónustuaðilar í bænum með ýmis tilboð • Hansaborgasýning á göngustíg við Fjarðargötu: Saga Hansaborga og Hansabæjarins Hafnarfjarðar • Bókasafnið – opið frá 10-17. Þýskt þema • Kaffistofa Hafnarborgar: Sýning með ljósmyndum Bernt Schlüsselburg frá Cuxhaven • Októberfest í Fjörukránni á föstudags- og laugardagskvöldið: Myntsláttu og vefnaður. Dansleikur bæði kvöldin, hljómsveit Hilmars Sverrissonar spilar til kl. 03. Aðgangur er ókeypis • Friheit og Lúðrasveit Hafnarfjarðar spila víða um bæinn

*sjáumst ...*





„Haukar og FH eru hreyfiaflið í Hafnarfirði og menn komast ekki hjá því að taka afstöðu. Áður fyrr var mikil togstreita og heift, menn máttu kannski þola tap sem erfiðleika dögum saman.“

## Ekki sama hatrið og áður

Guðmundur Árni Stefánsson og Lúdvík Geirsson fjalla um rígin fræga milli FH og Hauka.

Rígurinn milli íþróttafélaganna FH og Hauka er sögufrægur og samofinn menningunni í bænum. Bæjarstjórnarnir í Hafnarfirði hafa margir hverjir verið áberandi í starfi þessara félaga. Við ræddum við tvo af þeim, Guðmund Árna sem er fyrrverandi bæjarstjóri og þann sem nú situr í stólnum, Lúdvík Geirsson. Báðir vilja þeir meina að rígurinn milli félaganna sé á góðu nótnum og hatrið sem einkenndi hann áður sé nú nánast horfið þó samkeppnin sé til staðar.

Guðmundur Árni Stefánsson, FH-ingur og fyrrverandi bæjarstjóri: „Þessi rígur er umfram allt mjög heilbrigður en það fer algjörlega eftir því hver á í hlut hve sterkur

hann er. Ef ég tala bara fyrir sjálfan mig þá kemur það oft fyrir að Hafnarfjarðartilfinningin komi upp í mér og ég haldi með Haukum í leikjum gegn öðrum andstæðingum. Þegar bæði lið hafa verið í ákveðnum lægðum þá hefur sú umræða komið upp að sameina félögin en það yrði ansi slæmt að missa þessa grannaslagi, það er þó leiðinlegt að geta ekki keppt við þá í fótboltnum en vonandi fara þeir bráðum að komast upp í úrvalsdeildina svo við getum unnið þá þar! Stjórnmalaflokkarnir í bænum þurfa að huga að því að það séu svipað margir sem styðji Hauka og FH þegar þeir raða niður í sæti. Það voru örugglega einhverjir Haukamenn óánægðir með það að FH-

ingur væri bæjarstjóri þegar ég gegndi því hlutverki og öfugt núna með Lúdvík. Á heildina er þessi rígur milli félaganna tveggja þó bara á góðu nótnum og er mjög heilbrigður bara.“

Lúdvík Geirsson, Haukamaður og núverandi bæjarstjóri:

„Haukar og FH eru hreyfiaflið í Hafnarfirði og menn komast ekki hjá því að taka afstöðu. Áður fyrr var mikil togstreita og heift, menn máttu kannski þola tap sem erfiðleika dögum saman. Þetta hefur mikið breyst síðan þá og menn eru orðnir miklu umburðalyndari þó keppnisandinn sé auðvitað alltaf til staðar. Það eru ekki lengur sömu drottinsvikin þó menn fari núna á milli klúbba eins



og það var. Hafnarfjörður væri ekki þessi góði íþróttabær ef samkeppnin væri ekki til staðar. Þessi tvö félög hafa haft heilmikil áhrif á bæjarpólitíkuna í gegnum tíðina og munu hafa það áfram. Menn minnst enn fyrsta handboltaleiksins milli FH og Hauka sem fór fram rétt fyrir 1940, þá var það Hafsteinn Hinriksson sem fór fyrir liði FH. Boðað var til handboltaleiks í litla íþróttahúsinu og átti að tryggja að það væru engir áhorfendur. Um miðjan leikinn varð allt vitlaust og einn lá rotaður eftir á gólfinu. Hafsteinn harðneitaði að láta endurtaka hann, þessi lið skyldu ekki spila aftur saman. Alveg síðan þessi leikur fór fram hefur verið deilumál hver staðan var þegar leikurinn var blásinn af.



## Fann draumahúsið í hrauninu

ÓLI PALLI, ÚTVARPSMAÐUR Á RÁS 2 BYR Í HAFNARFIRÐINUM

AF HVERJU FLUTTIR ÞÚ Í HAFNARFJÖRÐ?

„Það er vegna þess að konan mín á svo margar vinkonur úr Hafnarfirði og þá er bærinn mjög fallegur. Við fundum draumahúsið í hrauninu og stundum þegar ég horfi út um stofugluggann á góðvirdisdögum sé ég bæjarstjórnann vera að grilla. Ég er með toppfélagsskap og get ekki haft það betra.“



## Konan úr Hafnarfirði

GUNNAR HELGASON BYR Í HAFNARFIRÐI

AF HVERJU FLUTTIR ÞÚ Í HAFNARFJÖRÐ?

„Ég flutti í Hafnarfjörð því konan mín er þaðan og hún vildi flytja þangað. Þar liður mér vel, æðislegt að búa þar.“

## Upphaf Hafnarfjarðarbrandara


Leikarinn góðkunní, Magnús Ólafsson, vann á Vísi í gamla daga þar sem hann samdi brandara.

Margir af ástsælustu gamanleikurum þjóðarinnar hafa komið úr Hafnarfirðinum og bærinn oft tengdur við grín og gamanmál. Landspekkir eru hinir svokölluðu Hafnarfjarðarbrandara sem allir þekkja en færri vita að þeir eru komnir upprunalega frá Magnúsi Ólafssyni leikara. „Þetta var þegar ég var að vinna á Vísi í gamla daga. Ég byrjaði að semja þessa brandara um Akureyringa en því var tekið mjög illa þar og menn fóru að segja blaðinu upp fyrir norðan villt og galið. Þá tók ég á það ráð að snúa þessu bara yfir á Hafnarfirðinga þar sem ég var búsettur í bænum,“ sagði Magnús, en sumir Hafnarfirðingar tóku því ekki vel.

„Fyrst til að byrja með varð ég fyrir nokkru aðkasti vegna þess hér í Hafnarfirðinum, sérstaklega af eldri íbúum sem fannst þetta ekkert fyndið. Það er þó ekki hægt að neita því að með þessum hætti komst Hafnarfjörður á kortið,“ sagði Magnús.

Eru Hafnarfirðingar fyndnir eða halda þeir bara að þeir séu það?

„Þeir eru stundum fyndnir en geta líka verið leiðinlegir. Ef vel liggur á þeim þá eiga þeir til að segja Hafnarfjarðarbrandara.“



Magnús Ólafsson er upphafsmaður Hafnarfjarðarbrandaranna frægu.



ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR



BÍLSKÚRSHURÐA-OPNARI MOTORLIFT 700  
Verð 18.490 kr.

# SÚPERBYGG

Öll helstu merkin í verkfærum. Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skrúfum og saum. Sjón er sögu ríkari.

Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

allt að **50%** ódýrari



Verð frá 90 kr.

VINNU-VETTLINGAR GOTT ÚRVAL



12.899 kr.

HITABLÁSARI 3 KW



13.490 kr.

BÚTSÖG FYRIR JÁRN



Verð frá 2.690 kr.

STINGSÖG PROFI 710W



2.390 kr.

RAFMAAGNS-HEFILL 600W



Verð frá 5.900 kr.

HITASTÝRT STURTUTÆKI



79.990 kr.

BORÐSÖG 2200 W



26.450 kr.

METABO BSZ 14,4 3ah Imp. hleðsl.



950 kr.

VERKFÆRA-KASSI TITAN



6.990 kr.

BÚTSÖG 1100W



18.990 kr.

DEWALT SDS PLUS BORHAMAR 600W



89.990 kr

JARÐVEGS-ÞJAPPA HONDA GX 160



4.990 kr.

FLÍASÖG



9.990 kr.

FJÖLNOTA STIGI VINNUPALLUR



1490 kr.

JUÐARI MULTI



699 kr.

HANDSÖG JACK 550 MM



GOTT VERÐ

RYÐFRÍAR SKRÚFUR



1.950 kr

BÓNVEL



15.600 kr.

GASHITARI 13KW 220 CM HÆÐ



Verð frá 1.890 kr.

TOPPLYKLASETT GOTT ÚRVAL FRÁBÆRT VERÐ



Verð frá 1.890 kr.

ÁLTRÖPPUR MIKIÐ ÚRVAL



4.990 kr.

HJÓLSÖG 185 M/LEISER



1.245 kr.

CAMEILIA STURTUSÍMI



4900 kr.

KULDAGALLAR STÆRÐIR s, m, l, xl, xxxl



4.590 kr.

LUGT FYRIR KERTI HÆÐ 87 CM



13.900 kr.

DEWALT 12W



2.190 kr.

SKÓFLA OG STRÁKÚSTUR



Verð frá 1.190 kr.

ÚTILJÓS



Verð frá 10.990 kr.

LOFTPRESSUR GOTT ÚRVAL



Verð frá 139 kr.

MÚRBALAR OG MÚRFÖTUR

Opið mán-fös 8-18 og lau 10-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður  
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG  
- meira fyrir minna





# Fjölmiðlaflóra Hafnarfjarðar

Í Hafnarfirði eru gefin út tvö bækjarblöð í hverri einustu viku. Fjarðarpósturinn hefur verið gefinn út síðan 1983 og fyrir nokkrum árum hófu Víkurfréttir að gefa út blað í bænum. Við ræddum við drifkrafta blaðanna tveggja.

## Kærkomin viðbót

Hallgrímur Indriðason er fréttastjóri Víkurfréttanna sem borið er út í öll hús í Hafnarfirðinum vikulega og hefur komið út þar í bæ síðan í lok árs 2002. „Í þessu blaði erum við einnig með fréttir úr Garðabæ og Álftanesi og það er borið út á þessum þremur stöðum. Við erum með þrjá starfsmenn í Hafnarfirði, ég sé um skrif og myndatökur. Svo erum við með auglýsingastjóra og einn sölumann með honum,“ sagði Hallgrímur, en hann segir viðtökurnar við blaðinu hafa verið ótrúlega góðar.

„Íbúum Hafnarfjarðar hefur fundist þetta vera kærkomin viðbót við fjölmiðlaflórana þar. Gallup gerði lesendakönnun fyrir okkur og síðast vorum við með um 70% lestur í Hafnarfirði sem við getum verið alveg gríðarlega ánægðir með. Ég hef lagt áherslu á að taka fyrir mál sem eru mikilvæg fyrir íbúa sveitarfélagsins en eru þó ekki það stór að þau komist í stóru fjölmiðla,“ sagði Hallgrímur, en Víkurfréttir eru einnig með stöðuga fréttauppfærslu á netinu undir [www.vikurfrettir.is](http://www.vikurfrettir.is).



Guðni Gíslason er ritstjóri Fjarðarpóstsins sem hefur komið út í Hafnarfirði síðan 1983.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



Hallgrímur Indriðason er fréttastjóri Víkurfréttanna.

## Bækjarblað í meira en 20 ár

Guðni Gíslason er ritstjóri Fjarðarpóstsins sem hefur komið út í Hafnarfirði síðan 1983. „Blaðið hefur einskorðað sig algjörlega við Hafnarfjörð og er því eina bækjarblaðið og reynir að taka þúlsinn á því sem er að gerast og vera óháð en gagnrýnið varðandi pólitíkina og málafni bæjarins. Annars reyni ég að hafa efnistökin sem fjölbreyttust og áhersla er lögð á stuttar en margar umfjallanir,“ sagði Guðni, en hann

tók við blaðinu fyrir fjórum árum.

Fyrirrennari blaðsins er Fjarðarfréttir sem fjórir kennarar í Hafnarfirði gáfu út. Það var síðan í lok september 1983 sem Fjarðarpósturinn kom fyrst út. Í dag vinnur Guðni blaðið að mestu einn, skrifar í það, tekur myndir, brýtur það um og selur auglýsingar. „Það eru ýmsir sem senda inn greinar og ábendingar um fréttir. Blaðið er opið fyrir öllu og ef menn skrifa undir nafni er ekkert sem hamlar því að þeirra greinar birtist í blaði-

inu. Stundum hafa menn fengið að prófa sig áfram í blaðamennsku með því að skrifa í blaðið og er það mjög ánægjulegt. Blaðinu er dreift frítt í öll hús í Hafnarfirði, á heimili og í fyrirtæki og er einnig lesið mikið af Hafnarfirðingum erlendis í gegnum netið. Eitt af markmiðum blaðsins er að stuðla að umræðu í bækjarfélaginu og gera Hafnarfjörð enn betri en hann er,“ sagði Guðni.



# Áttu iPod? Þá þarftu i-deck

frá Monitor Audio

**iDeck fyrir allar gerðir iPod**

Þú smellir iPodinum framan á tækið og þú ert komin með iPod tónleikahöll...

**Verð aðeins kr. 39.800.-**



Bestu meðmæli fagfólkanna







# GOTT VEGANESTI



ENNEMM / SÍA

Alcan styður barna- og unglingastarf íþróttafélaganna í Hafnarfirði.

Haukar | FH | Fimleikafélagið Björk | Golfklúbburinn Keilir | Sundfélag Hafnarfjarðar | Siglingaklúbburinn Þytur  
Hestamannafélagið Sörli | Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar | Íþróttafélagið Fjörður | Badmintonfélag Hafnarfjarðar

*Takk fyrir samstarfið!*





## Gamla bókasafnið

KAFFI- OG MENNINGARHÚS FYRIR UNGT FÓLK.

Bak við gamla Lækjarskóla má finna Gamla bókasafnið, kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk í Hafnarfirði. Gerð var stór könnun meðal ungs fólks og þar kom í ljós að það vildi fá aðstöðu í bæinn fyrir ýmsar uppákomur, fundi, tónleika og menningarlega viðburði og fleira. Gamla bókasafnið hefur verið opið fyrir slíkt í um þrjú ár, en þar var allt unnið í samvinnu við ungt fólk og er húsið og starfsemin þar ætluð fyrir sextán ára og eldri.



Viðtökumar hafa verið góðar, þó sérstaklega á kvöldin. Ungt fólk getur nýtt sér þessa aðstöðu í ýmsa viðburði og má með sannri segja að þetta hafi mikið gildi. Meðal þess sem fram fer á staðnum er að einu sinni í viku hittast ungar mæður á aldrinum 16-20 ára, hljóta fræðslu og ræða málin sín á milli. Þegar tónleikar fara fram í kaffihúsinu er oftast mjög vel mætt og hefur það komið fyrir að þurft hafi að vísa fólki frá vegna þrængsla í húsinu.



Gamla bókasafnið stendur bak við gamla Lækjarskóla. Ungar mæður hittast á staðnum einu sinni í viku með börn sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Er farinn norður

Ungur hafnfirskur leikari hefur ráðið sig hjá Leikfélagi Akureyrar.

Jóhannes Haukur Jóhannesson er ungur leikari á uppleið og útskrifaðist í vor frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Jóhannes er Hafnfirðingur í húð og hár en hann ólst upp í Norðurbænum og er þekktur undir nafninu Jói Prestley í Hafnarfirði. Hann hefur ráðið sig hjá Leikfélagi Akureyrar þar sem hann mun taka þátt í þremur sýningum og verður meðal annars þriðji Hafnfirðingurinn til að bregða sér í hlutverk tannlæknisins í Litlu hryllingsbúðinni.

„Ég fékk þetta viðurnefni þegar ég var í grunnskóla en þá var Elvis Presley mér ofarlega í huga og ég reyndi m.a. að greiða mér eins og hann. Vinur minn Davíð Geirsson byrjaði að kalla mig Jóa Prestley og það festist alveg við mig jafnvel þó ég hafi hætt að greiða mér svona,“ sagði Jóhannes sem er fluttur til Akureyrar og mun búa þar þangað til í maí á næsta ári.

„Nú er ég búinn að vera á Akureyri í um tvo mánuði og bærinn minnir mig mikið á Hafnarfjörð, andinn er mjög svipaður. Það er svona nettur sveitafilingur án þess að við séum í sveit. Þar er eitt kaffihús sem eiginlega allir fara á og svo er öll hjónusta mjög góð því fólk er svo almennilegt og leggur sig fram við að hjálpa manni.“

Hann kann meira fyrir sér en að leika og syngja því hann spilar bæði á gítar og píanó. „Ég hef verið að spila í veislum og á pöbbum og þannig,“ sagði Jóhannes, en hann leikur í sýningunni Fullkomið brúðkaup sem verður frumsýnd í kvöld.

Hann leikur í Litlu hryllingsbúðinni sem tekin verður til sýninga í



Jóhannes mun feta í fótspor Ladda og Stefáns Karls með því að leika tannlækninn í Litlu hryllingsbúðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

febrúar á næsta ári og þá mun hann leika í Mariubjöllunni sem frumsýnd verður í apríl. „Þetta er finnst pakk, ég hefði ekki flutt til Akureyrar bara upp á grínið þó það sé

finnst staður. Maður vill helst vera heima hjá sér,“ sagði Jóhannes sem lék í Hárinu og Grease auk þess sem hann tók þátt í einu verki í Þjóðleikhúsinu.

Gallabuxur frá kr. 6.900,  
- kaupauki, bolur fylgir með!

# Hansa dagar

...og með keyptum jakkafötum  
á Hansa dögum færðu skyrtu  
og leðurbelti að verðmæti  
kr. 10.000 í Hansa-bæti.



Herra  
hafnarfjörður

- gleði og góð þjónusta

Firði Hafnarfirði • Sími 565 0073



Sólf þú inn í svefninn  
**RB** rúmi



**Hjónarúm**  
 180x200 cm  
 Verð frá kr.

**74.100,-**  
 án fylgihluta



**Nolte rúm**  
 Verð frá kr.

**58.000,-**  
 án dýna  
 160x200 cm

## Úrvalið er hjá RB

Hjá okkur er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þú velur það sem þér hentar: Springdýnur, tvöfaldar fjaðradýnur, sérhannaðar sjúkradýnur með varmaklæðningu eða Super deluxe og Grand deluxe springdýnur með tvöföldum mjúkum yfirmottum.



**Sælurúm**



Verð frá kr.

**160.000,-**

Stærðir: 80-90-1.20,-1.30 cm.



**Sængurfatnaður og fylgihlutir**

Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, lök, dýnuhlífar, náttborð, kommóður og margt fleira.



Opið á  
 laugardögum  
 kl. 10-14

**RAGNAR BJÖRNSSÓN ehf.**

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Dalshrauni 8

220 Hafnarfirði

Sími: 555 03 97

Fax: 565 17 40

www.rbrum.is





**FK****FJARÐARKAUP**

# BÚBÓT Í FJARÐA

**SVÍNAKÓTILETTUR**  
úr kjötborði**798kr.kg****SVÍNALUNDIR**  
úr kjötborði**1698kr.kg**FK VANILLU- EÐA  
SÚKKULADÍS 1L**99** kr. pakinn**HAMBORGARAHRYGGUR**  
úr kjötborði**998kr.kg**FARM FRITES FRANSKAR  
750gr.**119** kr. pokinnSALATHÚSID ÚRVALS  
SALATBLÖNDUR 200gr.**239** kr. pokinn10 EGG - 20% afsl. við kassa  
merkt verð 285kr.**228** kr. bakinnORA TÓMATSÓSA  
1020gr.**129** kr. flaskanSAL  
200**18**

BLÓMKÁL

**99** kr. kg.RYVITA HRÖKKBRAUÐ  
250 gr. 3 tegundir**75** kr. pakinnPEPSI MAX  
500ml.**49** kr. dósinOKAY ELDHÚSRÚLLUR  
3stk.**248** kr. pakinn

# VELKOMIN Í FJARÐARKAUP



# RKAUPUM

gildir til laugardagins 22.okt  
eða á meðan birgðir endast



NAUTAHAMBORGARAR  
með brauði 4stk.

298kr.pk



SVÍNABÓGUR 1/1  
úr kjötbordí

349kr.kg



EGILS APPELSÍN  
24 x 0.3l. flöskur

1398 kr. kassinn

EGILS MALTÖL  
24 x 0.3l. flöskur

1990 kr. kassinn

FK SAGAÐUR HANGI-  
FRAMPARTUR Í POKA

639 kr. kg.



HÚSIÐ LÉTTÍSÓSA

9 kr. stk.



HATTING VEGGEN  
SPELTBRAUÐ 8 stk. í poka

268 kr. pokinn



HATTING SANDWICH  
7 stk. í poka

198 kr. pokinn



ANDREX WC PAPPÍR  
ALOE VERA 9 rúllur

589 kr. pakinn



FK BRAUÐ  
750gr.

75 kr. stk.



SPERGILKÁL

189 kr. kg.



ÍSÍO 4 JURTAOLÍA  
II.

248 kr. flaskan



NIVEA FERÐASETT

998 kr. pakinn

# FK

FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30,  
föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

einstök



## Braggi í byggðasafninu

SÍÐAN Í SUMAR HEFUR VERIÐ TIL SÝNIS STÓR-GLÆSILEG SÝNING Í BYGGÐASAFNI HAFNAR-FJARÐAR UM HERNÁM BRETA ÞAR SEM INNI Í SJÁLFU BYGGÐASAFNINU VAR SMÍÐAÐUR BRAGGI.

„Inni í bragganum reynum við að sýna aðbúnað bresku herliðanna og síðan eru spjöld á veggjunum sem rekja aðdraganda hernámsins og sögu þess.“ segir Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar. Björn segir að einn breskur hermaður komi mikið við sögu á sýningunni og því megi kalla hann „aðalsöguhetjuna“. „Í hans fórum voru töluvert af ljósmyndum sem við höfum stækkað og sett á vegg. Við erum einnig með fleira frá honum eins og medaljur, úr, myndavél, byssuna hans og sitt hvað fleira.“ Björn segir að ekki sé sérstaklega fjallað um veru Bandaríkjamanna hér heldur sé þetta meira um hernámið sjálft og aðdraganda þess, til dæmis hernám Danmerkur og aukna spennu í Evrópu. Hann segir að sýningin hafi verið geymsilega vel sótt og hún hafi fengið góða umfjöllun.



Innan í bragganum sem staðsettur er inni í byggðasafninu.

# Hvergi betra að búa

**Hafnarfjarðarbær auglýsir lausar til umsóknar lóðir á Völlum og Áslandi. Atvinnulóðir eru lausar til umsóknar í Hellna-hrauni, Selhrauni og á miðsvæði Valla. Lóðirnar eru staðsettar í fjölbreyttu útivistarsvæði og fjölskylduvænu samfélagi.**

13.30 Kristján Einarsson, Grænu götu 12, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

**LEGSTEINAR**  
S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is



Í GLEÐI OG SÖNG Lögreglukórinn, sem einnig er 70 ára um þessar mundir, söng morgunsöng með nemendum Laugarnesskóla til að marka upphaf afmælisárs skólans.

### LAUGARNESSKÓLI HELDUR UPP Á 70 ÁRA AFMÆLI

## Skólastarf snýst ekki um rammann í steypunni

Morgunsöngur syngjandi glaðra barna hefur einkennt Laugarnesskóla í áratugi en skólinn heldur upp á sjöttu ára afmæli sitt í ár.

Guðmundur Þór Ásmundsson skólastjóri hefur einungis starfað við skólann í tæpt ár en hefur kynnt sér sögu skólans í tengslum við afmælið. Hann telur að morgunsöngurinn sé eitt af þremur atriðum sem geri skólann sérstakan. „Palldagsskrá á sér einnig langa hefð. Einn morgun í viku að jafnaði kemur einn bekkur fram á pall og sýnir eittthvert atriði, leikrit eða annað,“ segir Guðmundur en þegar börnin útskrifast úr sjötta bekk fá þau öll að gjöf frá foreldrafélaginu disk eða spólu með upptökum af öllum atriðum sem

þau hafa tekið þátt í. „Þetta hefur mjög jákvæð félagsleg áhrif og börnin læra að virða aðra og eru mjög kurteis í allri framkomu,“ segir Guðmundur en í þriðja lagi nýtur skólinn góðs af landspildu í Mosfellsdal sem kennarafélagið í skólanum keypti fyrir mörgum áratugum fyrir ágóða af rekstri skólans.

Á næstu mánuðum bregður til tíðinda í skólanum því til stendur að ný viðbygging rísi fyrir næstkomandi haust. Einnig verður ráðist í breytingar á gamla húsnæði skólans og er áætlað að þeim ljúki haustið 2007. „Skólinn er barn síns tíma, kennslustofur eru litlar og húsnæðið ekki sniðið að þörfum nútímans,“ segir Guðmundur, en verulega

var farið að þrengja að nemendum skólans. „Annars snýst skólastarfið ekki um rammann í steypunni heldur hvað gerist þar fyrir innan,“ segir Guðmundur, sem telur skólastarfið með miklum sóma enda mjög hæft starfsfólk sem vinni við skólann.

Um 400 nemendur eru í skólanum í dag. „Þeim hefur heldur farið fækkandi síðustu ár,“ segir Guðmundur en Laugarneshverfið er gamalt og gróði hverfi.

En er einhver munur á börnum nú og fyrir sjöttu árum? „Börn verða alltaf börn,“ segir Guðmundur en telur þó út frá gömlum heimildum að stærsti munurinn sé líklega í aðbúnaði að frumþörfum barna. Þó sé líklegt að börn í dag fái líklega minna félagslegt atlati

og alúð í nánd við heimilið en áður var.

Afmæli Laugarnesskóla hófst formlega í gærmorgun þegar Lögreglukórinn, sem einnig er sjöttu ára um þessar mundir, söng með krökkunum. Enn er verið að móta hugmyndir að fleiri uppákomum í vetur en meðal annars verður leit að til eldri nemenda. Lokahátíð afmælisársins verður haldin 20. maí á næsta ári þar sem afrakstur ársins og þemavinnu nemenda verður sýndur. Þá dreymir Guðmundur um að geta komið á hverfismorgunsöng úti á plani með 1.500 manns. „Það væri ekki amalegt,“ segir Guðmundur kíminn en afmælishátíðin verður í tengslum við árlega vorhátíð Laugarneshverfis.



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Kjartan Eiður Eiðsson**  
Holtsgötu 14c, Njarðvík,

lést á Landspítala háskólasjúkrahúsi mánudaginn 17. október sl. Útförin fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 21. október kl. 13:00.

Hrönn Kjartansdóttir  
Kjartan Kjartansson  
Gylfi Kjartansson  
Jóhannes Kjartansson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Stefánsson  
Ingibjörg Pálsdóttir

Hjördís Árnadóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Gunnlaugur Hilmar Kristjánsson**  
sjómaður, Prastargötu 3b, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 15. október. Útför hans verður gerð frá Háteigskirkju þriðjudaginn 25. október kl. 13:00.

Alda Jóhanna Gunnlaugsdóttir  
Linda Björk Gunnlaugsdóttir  
Guðmundur Hjálmar Gunnlaugsson  
Kristján Bjarki Gunnlaugsson

Áshildur Jóna Böðvarsdóttir

Óðinn Sævar Gunnlaugsson

Guðbjörg Aðalheiður Guðmundsdóttir

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir

Ólafur Björnsson

Heiða Hrönn Gunnlaugsdóttir

Steinn Friðriksson

Berglind Elva Gunnlaugsdóttir og barnabörn

Guðjón Viðarsson

### AFMÆLI



Kristín Halldórsdóttir, fyrrverandi alþingismaður, er 66 ára.



María Sigurðardóttir leikstjóri er 51 árs.

Ástriður Thorarensen, hjúkrunarfræðingur og fyrrverandi forsætisráðherrafrú, er 54 ára.



Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, er 47 ára.



Súsanna Svavarsdóttir blaðamaður er 52 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

★ SÓLSTEINAR  
★ Gæði  
★ Góð þjónusta  
★ Gott verð  
★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566  
www.solsteinar.is  
200 Kópavogur • solsteinar.is

## Átaksvika um samkynhneigð

Hjálparsími Rauða krossins 1717 stendur fyrir átaksviku um málefnið samkynhneigð og tvíhneigð í þessari viku eða til sunnudagsins 23. október. Tilgangurinn er að vekja athygli á stöðu samkynhneigðra og reyna að höfða til þeirra sem eru að velta fyrir sér kynhneigð sinni, benda á leiðir og félagsamtök og hvetja til opinnar umræðu.

Töluverð nauðsyn er á slíkri átaksviku enda hafa Hjálparsímanum borist

mörg símtöl frá ungu fólki sem hrætt er við að viðurkenna kynhneigð sína vegna ótta við viðbrögð aðstandenda og samfélagsins.

Ætlunin er að standa fyrir tveimur átaksvikum á ári, á vor- og haustmánuðum, en síðastliðið vor var lögð áhersla á heimilisofbeldi og þótti takast vel til.

Hjá 1717 starfa níutíu sjálfboðaliðar ásamt starfsmönnum og mikil áhersla er lögð á reglubundna fræðslu til að tryggja faglega símsvörum.





# ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

**Það er ekkert mál að  
lækka bensínverðið**

*Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á heimasíðu Orkunnar og færð svo sent án endurgjalds. Þegar greitt er með frelsiskorti lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Einfaldast er að millifæra inn á kortið í heimabanka en aðrar leiðir eru að sjálfsgöðu færar. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á [www.orkan.is](http://www.orkan.is).*



ÞAÐ MUNAR UM MINNA

BENSÍNFRELSI

SPARAÐU 3 KR. Í VIÐBÓTT







## Nancy sýnir á sér nýja hlið

Allt frá því kvikmyndin Sin City fór á hvíta tjaldíð fyrr á þessu ári hefur framhaldsmynd verið í undirbúningi.

Frank Miller, höfundur Sin City-myndasögunnar, hefur loksins leyst frá skjóðunni varðandi verkefnið. Algjörlega nýr söguþráður verður í nýju myndinni, þar sem Nancy (Jessica Alba) mun meðal annars hefna dauða Hartigan (Bruce Willis) með því að drepa eftirlifandi meðlimi Roark-fjölskyldunnar. Að sögn Millers mun myndin sýna algjörlega nýja hlið á Nancy, sem var undir verndarvæng Hartigans alla fyrri myndina.

Auk sögunnar um Nancy verður í framhaldsmyndinni sagt frá atburðum sem áttu sér stað á undan fyrri myndinni. Þar mun Hartigan meðal annars koma við sögu auk



NANCY Ein eftirminnilegasta persóna Sin City sýnir á sér nýja hlið í framhaldsmyndinni.

Þess sem ný persóna verður kynnt til sögunnar.

## Er hægt að sanna hamingju fyrir rétti?

Þau hafa alltaf sagst vera hamingjusamlega gift. Þau eru enda frægari en breska konungsfjölskyldan. Nú ætla David og Victoria að sanna fyrir rétti að allt sé í himnalagi hjá þeim.

Hjónakornin hafa stefnt breska blaðinu News of the World fyrir að halda því fram að hjónabandið stundi á brauðfótum. Þá er blaðið einnig sótt til saka fyrir að segja David Beckham hafa verið á barmi taugaáfalls. Beckham-hjónin halda því fram að þau séu hamingjusamlega gift og haldi einhver öðru fram sé sá hinn sami að ljúga. Lögfræðingur Beckham-hjónanna viðurkendi að ímynd Beckhamparsins væri sú að þau væru hamingjusöm. „Það er eingöngu vegna þess að það er satt,“ sagði hann.



BECKHAM HJÓNIN Þau ætla að sanna fyrir heiminum að þau lífi í hamingjusömu hjónabandi og stundi ekki á brauðfótum.

News of the World ætlar ekki að gefa neitt eftir og situr fast við sinn keip. Beckham hafi haldið við Rebeccu Loos og að hjónabandinu sé eingöngu haldið saman vegna gríðarlegra tekna sem parið afli sér vegna auglýsinga. Hefur það farið fram á að hjónin afhendi gögn eins og símareikninga sem sanni sms-skilaboð Davids til Rebeccu.

Þá vill blaðið einnig að hjónin sýni auglýsingasamninga sem þau hafi skrifað undir. Talsmaður blaðsins segir að Beckham-hjónin hafi blekkst almenning með endalausum yfirlýsingum um hamingju sína og haft af þeim töluverðan gróða. Réttarhöldin fara fram fimmta desember í London.



GWYNETH PALTROW Leikkonan segist vera orðin leið á að búa í London. Borgin sé skítug og veðrið ömurlegt.

## Preytt á London

Gwyneth Paltrow segist vera orðin preytt á lífinu í London og er farið að langa aftur heim til Ameríku fyrir fullt og allt. Leikkonan féll fyrir ensku höfuðborginni þegar hún byrjaði með söngvaranum Chris Martin árið 2002. Þau eru nú eins og flestir vita gift og eiga 17 mánaða gamla dóttur og heimili í London. En gamli New York-búinn Paltrow segist glöð myndu vilja flýttast aftur til Bandaríkjanna því hún sé orðin preytt á „köldu og þunglyndislegu“ veðrinu í London og skítugu götunum.

„Götur eru ógeðslegar. Einnig er þjónustan ömurleg í Englandi. Fólk er svo afslappað og það tekur ár og aldir að koma öllu í verk. Það gerir mig brjálaða. Ég sakna þess líka að geta fengið hvað sem er, hvenær sem er. Það er sko ekki hægt hérna.“

## Grátbað um Abba-lag

Madonna segist hafa þurft að grátbiðja þá Benny og Björn úr hljómsveitinni Abba um að fá að nota tónlist þeirra í lag á nýjustu plötu hennar.

„Ég þurfti að senda umboðsmann minn til Stokkhólms með bréf frá mér og plötuna þar sem ég grátbað þá um að fá að nota lagið Gimme Gimme Gimme og sagði þeim hversu mikið ég dái tónlistina þeirra. Ég sagði þeim líka að lagið væri gert til heiðurs þeim. Sem er alveg satt,“ sagði Madonna.

„Þeir þurftu svo að hugsa sig um því þeir leyfa engum að nota tónlistina sína. Þeir hefðu getað sagt nei, en guði sé lof þá gerðu þeir það ekki.“

Einu tónlistarmennirnir sem áður hafa fengið leyfi frá Benny og Björn er hljómsveitin Fugees sem notaði lagið The Name Of The Game í lag sitt, Rumble In The Jungle.

# MERKISAFMÆLI!

Íslenskir tónar kynna sérstakar afmælisútgáfur tveggja af merkustu plötum Bubba.



### Ísbjarnarblús - 25 ára

- Veglegar umbúðir
- Aukin hljómgæði (Digitally remastered)
- 9 aukalög
- Takmarkað upplag



### Kona - 20 ára

- Veglegar umbúðir
- Aukin hljómgæði (Digitally remastered)
- 7 aukalög
- Takmarkað upplag

ÓMISSANDI Í SAFN ALLRA BUBBA-ADDÁENDA.

▶ TRYGGÐU ÞÉR EINTAK



góða skemmtun ▶





## Skuggar Sigurðar Árna



**Kl. 20.00**

Norski rithöfundurinn Tom Ege-land tekur þátt í umræðum um glæpi og glæpasögur í Pennan-um-Eymundsson, Austurstræti, ásamt þeim Árna Þórarinssyni, Þráni Bertelssyni og Súsönnu Svavarsdóttur. Katrín Jakobsdóttir stýrir umræðunum.

Sýningu Sigurðar Árna Sigurðssonar myndlistarmanns í Gallerí 101 lýkur núna um helgina.

Nokkur ár eru síðan Sigurður Árne hélt einkasýningu á Íslandi. Tvær síðustu sýningar hans voru í Frakklandi á síðasta ári og í byrjun næsta árs verður opnuð einkasýning á verkum hans í gallerí Aline Vidal í París. Um þessar mundir má sjá verk eftir Sigurð Árna á samsýningum í Montpellier, Korsíku og í Lúxemborg.

Sigurður Árne var fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneýjum árið 1999 og verk eftir hann var notað sem táknmynd Reykjavíkur, Menningarborgar Evrópu árið 2000.

Í texta um verk Sigurðar Árna segir Jón Proppé: „Í síðari verkum Sigurðar Árna hafa skuggarnir og hin flókna formfræði þeirra orðið að meginviðfangsefni og í því felst að hið eiginlega viðfang – hlutirnir og fólkið sem skuggarnir varpast af – standa nú utan við málverkin sjálf, í sama rými og áhorfandinn.



Manni verður kannski á þegar maður sér eitt af ljósa-krónumálverkum Sigurðar að líta aftur fyrir sig og upp í loft þar sem ljósa-krónan ætti að vera.“

101 Gallery er opið fimmtudaga til laugardaga frá klukkan 14 til 17.

> Ekki missa af ...

... tónleikum rússnesku snillinganna í kvartettinum **Terem**, sem leikur á þjóðleg rússnesk hljóðfæri í Salnum í kvöld.

... sýningunni **Íslensk myndlist 1945 - 1960**, frá abstrakt til raunsæis, sem stendur út þennan mánuð í Listasafni Íslands við Tjörnina.

... sýningunni **Tími Romanov-ættarinnar í Rússlandi** sem nú stendur yfir í Gerðarsafni í Kópavogi. Þar er einnig sýning á rússneskum íkonum.

## menning

menning@frettabladid.is

## Átta eru tilnefndir

Heiðursverðlaun Myndstefs verða afhent í fyrsta sinn 31. október næstkomandi. Það er Ólafur Ragnar Grímsson forseti sem afhendir verðlaunin, en í gær var skýrt frá því hvaða átta myndhöfundar keppa um verðlaunin.

Verðlaunin eru veitt fyrir afburða framlag til myndlistar, framúrskarandi myndverk eða sýningu og eru eftirtaldir myndhöfundar tilnefndir:

Finnbogi Pétursson fyrir framlag sitt á Listahátíð 2005 og vegna áhrifaríkrar blöndunar rýmis, ljóss og hljóðbylgna.

Gabriela Friðriksdóttir fyrir framlag sitt sem fulltrúi Íslands á Feneýjatvíæringnum 2005 og vegna óheftrar og ærslafenginnar sköpunargleði á viðum vettvangi myndlistar.

Grétar Reynisson fyrir athyglisverð myndverk á leiksviði á síðastliðnum árum og frumlega útfærslu skúlptúra í

rými sviðsins sem samsama sig texta og leik.

Gunnar Karlsson fyrir útgáfu barnaefnis, nýstárlegar myndskreytingar og teiknimyndagerð á undanförunum árum, t.d. Grýlu-sögu og Litlu lirlfuna ljótu.

Margrét Harðardóttir og Steve Christer vegna djörfungar og frumleika við hönnun bygginga og mannvirkja.

Ragnar Axelsson fyrir afbrigðs blaðaljósmyndir og bók sína „Andlit norðursins“.

Rúrí fyrir framlag sitt sem fulltrúi Íslands á Feneýjatvíæringnum 2003 og fyrir gjörning sem fluttur var á Kirkjulista-hátíð í Hallgrímskirkju í ágúst á þessu ári.

Steina Vasulka fyrir framlag sitt til myndbandalistar og sífrjóar tilraunir með tækni, rafhljóð og hreyfingu myndarinnar.

Verðlaunin nema samtals einni milljón króna.



EIN HINNA TILNEFNDU Átta manns eru tilnefndir til heiðursverðlauna Myndstefs. Þeirra á meðal er Gabriela Friðriksdóttir.



ÓÐAGOT AÐ MORGNI BRÚÐKAUPSÐAGS Esther Talia Casey, Marianna Clara Lúthersdóttir, Álfur Órnólfsdóttir og Guðjón Davíð Karlsson eru meðal leikenda í Fullkomnu brúðkaupi.

## Brúðkaup í uppnámi

Fullkomið brúðkaup er nýtt leikrit sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir í kvöld. Sýningin gerist á tveimur tímum að morgni brúðkaupsdags.

„Þetta er drepfyndið og þarna er allt sem á að prýða góðan farsa – misskilningur, hurðir og framhjá-hald,“ segir leikstjórinn Magnús Geir Þórðarson, „en til viðbótar er þetta rómantískt og sætt. Það er farið á farsakennt flug en svo róast þetta niður á milli og þá eru það aðstæðurnar sem eru myndar en ekki hraðinn.“

Leikritið þykir að mörgu leyti minna á breskar rómantískar gamanmyndir á borð við Four Weddings and a Funeral, About a

Boy og Notting Hill.

„Þetta fjallar um fólk sem verður ástfangið af fólki sem það á ekki að verða ástfangið af og hættir að verða ástfangið af fólki sem það á að vera ástfangið af,“ segir Magnús Geir, sem nú er að hefja sitt annað starfsár sem leikhússtjóri á Akureyri.

Fullkomið brúðkaup er eftir Robin Hawdon, breskan höfund sem sló rækilega í gegn hér á landi með leikgerð sinni á Sex í sveit í uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur.

„Fullkomið brúðkaup gerist á tveimur tímum að morgni brúðkaupsdags,“ segir Magnús Geir. „Bjarni vaknar í brúðarsvítunni eftir skelfilegt steggjapartí kvöldið áður. Hann er skelþunnur og sér til mikillar skelfingar sér hann að við hliðina á honum ligg-

ur nakin kona sem hann hefur aldrei séð áður. Brúðurin er á leiðinni og þá er bankað.“

Bjarna, sem er brúðguminn, leikur Guðjón Davíð Karlsson. Félag hans, Trausta veislustjóra, leikur Jóhannes Haukur Jóhannesson.

Esther Talia Casey leikur brúðina, sem heitir Rakel, en Álfur Órnólfsdóttir partístúlkuna sem brúðguminn vaknar við hliðina á.

Marianna Clara Lúthersdóttir leikur þjónustustúlkuna Nönnu en Þráinn Karlsson leikur Þróst, föður brúðarinnar. Marianna Clara er sú eina af leikhópnum sem ekki er fastráðin við Leikfélag Akureyrar, en Þráinn er gamall í hettunni og er með þessari sýningu að hefja sitt fimmtugasta leikár fyrir norðan.

Falleg leðursófasett á góðu verði



mode: 558

3+1+1 kr. 249.800  
3+2+1 kr. 269.800  
3+2 kr. 199.800



mode: 3050

3+1+1 kr. 169.800  
3+2+1 kr. 189.800



litur: brúnt leður



## NÝJAR BÆKUR


Salka hefur sent frá sér bókina *Hin mörgu andlit trúarbragðanna - Trúarhreyfingar, leynireglur og nýjar trúarhugmyndir*. Þetta er aðgengileg og skemmtileg bók eftir séra Þórhall Heimisson með upplýsingum um helstu trúarbrögð samtímans.




Spennusagan *Stjórnubjartar* nærur eftir írsku met-söluhöfundinn Maeve Binchy er komin út í íslenskri þýðingu Margrétar Gunnarsdóttur. Þetta er hennar nýjasta bók, sem gerist í dulmögnum umhverfi grísku eyjanna. Útgefandi er bókafélagið Ugly.



Vondur félagskapur er ný bók eftir Jack Higgins um harðnaglann Sean Dillon. Bókafélagið Ugly hefur gefið bókina út í þýðingu Atla Magnússonar.



Bókafélagið Ugly hefur sent frá sér spennusöguna *Óvanaleg grimmd* eftir Patriciu Cromwell í þýðingu Atla Magnússonar. Bókin var valin besta sakamálasaga ársins 1993 í Bretlandi.



Dimma hefur sent frá sér Romsúbókina eftir Aðalstein Ásberg Sigurðsson. Bókin er full af frumlegum kveðskap þar sem höfundur tekur upp þráðinn þar sem þulum fyrri tíma sleppir.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

www.lin.is

# G-lán

## Ný kjör 2005-2006



Lán sem LÍN veitir frá og með skólaárinu 2005-2006 eru á nýjum kjörum, svokölluð G-lán. Allir umsækjendur um námslán verða því að skila nýju skuldabréfi og/ella skuldbreytingarbreyti til sjóðsins áður en til útborgunar kemur.

**ath!**

Lokafrestur til að sækja um skuldbreytingu er til 1. nóvember 2005.

Lánþegar sem skulda R-lán, þ.e. lán frá árunum 1992-2004, eiga rétt á skuldbreytingu. Með henni er líklegt að þeir geti létt áreiga greiðslubyrði sína.

LÍN hvetur lánþega til að kynna sér nýju lánskjörin á vef sjóðsins [www.lin.is](http://www.lin.is). Þar er auðvelt og þægilegt að sækja um breytinguna. Á vefnum má einnig nálgast upplýsingar um núverandi skuldbættu og ábyrgðarmenn.

# LÍN

Línesjóður Íslenskra námsmanna Borgartúni 21 Reykjavík [www.lin.is](http://www.lin.is) [lin@lin.is](mailto:lin@lin.is)

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.



model 601



3+1+1 kr. 298.000

model 3055

3+1+1 kr. 179.800



*Ondvegi*

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúa 20 | sími 568 8799 | [www.ondvegi.is](http://www.ondvegi.is) | [ondvegi@ondvegi.is](mailto:ondvegi@ondvegi.is)



**Tökin hert** THE TURN OF THE SCREW  
EFTIR  
**BENJAMIN BRITTEN**

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning  
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning  
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert, 2. - 6. sýning  
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.  
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalín í miðaverði.

www.operais.is opera@opera.is Sími: 511 4200  
Íslenska Óperan v/Inglólfstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

**Ávaxtakarfan**  
I AUSTURBÆ  
Síðustu sýningar  
**Selma**  
Eva Appeltová

Ef spegillinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri fegurst flottust og finust. Það myndi hann segja við mig.

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 13 til kl. 17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar  
Sunnudagur 23. okt. kl. 13:30  
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar  
Sunnudagur 23. okt. kl. 16:30

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**SALKA VALKA**  
Fö 21/10 kl. 20 gul kort,  
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort  
Su 30/10 kl. 20 græn kort  
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

**WOYZECK**  
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning **UPPSELT**  
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning **UPPSELT**  
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20 rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,  
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

**Aðeins þessi eina aukasýning eftir**  
Su 23/10 kl. 20

**KALLI Á PAKINU**  
e. Astrid Lindgren  
Su 23/10 kl. 14, **UPPSELT** Su 30/10 kl. 14,  
Su 6/11 kl. 14

**TVENNU TILBOÐ**  
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**

**LÍFSINS TRÉ**  
Fi 27/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**  
Fö 28/10 kl. 20, Fi 3/11 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20  
Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20,  
Fö 11/11 kl. 20

**FORÐIST OKKUR**  
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.  
Fi 20/10 kl. 20, Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20  
Lau 29/10 kl. 18, Lau 29/10 kl. 21

**MANNTAFL**  
Lau 22/10 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Sun 23/10 kl. 20 **UPPS.** Þri 25/10 kl. 20 **UPPS.**  
Lau 29/10 kl. 20 **UPPS.** Sun 30/10 kl. 20  
**UPPSELT**, Sun 6/11 kl. 20 **AUKASÝN.**  
Sun 13/11 kl. 20 **AUKASÝN.**

**Sími miðasölu**  
**568 8000**  
**www.borgarleikhus.is**

**Þjóðleikhúsið – leikhúsið pitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**HALLDÓR Í HOLLYWOOD**  
3. sýn. í kvöld fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**  
Sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00.

**EDITH PIAF**  
Sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt. Aukasýningar sun. 20/11, sun. 27/11, sun 4/12 - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

**LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**KODDAMAÐURINN**  
Sun. 23/10 örfá sæti laus, mið. 26/10 uppselt, sun. 30/10 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**FRELSI**  
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.  
Frumssýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11. Sýnt í október og nóvember.

**LEIKHÚSKJALLARINN**

Fim. 20/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves  
Fös. 21/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves  
Lau. 22/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves  
Sun. 23/10 kl. 21:00 Múlinn - Kvartertinn Lo5

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295  
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



HÖFUNDAR VERKSINS Gunnar segir að þótt verkið taki á alvarlegum málum sé líka lögð áhersla á skemmtun.

## Viljum höfða til skynseminnar

„Þetta er nýstárleg nálgun á heim fíkniefna og vandamálin sem hann skapar,“ segir Gunnar Sigurðsson, leikstjóri leikrithúsið „hvað EF“ sem Hafnarfjarðarleikhúsið í samvinnu við 540 Gólf leikhús og SÁÁ frumsýnir í dag klukkan 15.

Sýningin er ætluð nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla og segir Gunnar að undirbúningsferlið hafi verið afar upplýsandi. „Við ræddum við heilmarga grunnskólanema og ungt fólk sem hefur misnotað áfengi og eiturlyf. Þá hafa leikararnir sótt fyrirlestra á Vogu og úr þessu höfum við búið til dagskrá sem varar unga krakka við fíkniefnum.“

Gunnar segir að þótt verkið taki á alvarlegum málum sé líka lögð áhersla á skemmtun. „Ég held að við þurfum að vekja máls á þessum málum með öðrum hætti en oft er gert. „Þegar krakkarnir töluðu við okkur sögðu þau að þau vildu fyrst og fremst fá fræðslu um áhrif þessara efna. En svo vildu þau líka fá fá skemmtun en ekki predikanir og við höfum reynt að verða við því og viljum öðru

fremur höfða til skynseminnar.“

Verkið er sambland af fyrirlestur og leikum atriðum sem eru brotin upp með glensu og tónlist. Handritið segir Gunnar vera samstarfsverkefni leikhúpsins, en auk þess leggja Einar Már Guðmundsson og Valgeir Skagfjörð til texta og hugleiðingar. Leikhópurinn skipa Felix Bergsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Brynja Valdís Gísladóttir og Orri Huginn Ágústsson.

Vitaskuld stefnir Gunnar á að setja verkið upp sem víðast og hefur þegar fengið byr í seglinn því nokkur fyrirtæki hafa keypt sýningar til að setja upp í grunnskólum, til dæmis keypti Actavis sýningar fyrir alla grunnskólana í Hafnarfirði, Kjörir fyrir skóla í Hveragerði og þá hefur Vífilfell einnig keypt nokkrar sýningar.

**Gestur - Síðasta máltíðin**  
Hinsegin óperetta

Lau. 22. okt. kl. 16 – frumsýning  
Sun. 23. okt. kl. 17 – 2. sýning  
Sun. 30. okt. kl. 17 – 3. sýning  
Fim. 3. nóv. kl. 20 – 4. sýning

**VÍSIR**

Sýnt í lönó, miðasala í síma: 562-9700 og á idno@xnet.is

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPION

**Kabarett**  
í Íslensku óperunni

Sýningum fer fækkandi  
– geisladiskurinn kominn út.

**Næstu sýningar**  
**22. okt., 28. okt., 05. nóv.**

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

★★★★ -DV Frábær fjölskylduskemmtun!  
- Fréttablaðið

**Annie**  
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

18. sýn. laug. 22/10 kl. 15  
Annie; Solveig  
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14  
Annie; Thelma Lind  
20. sýn. fim. 3/11 kl. 19  
Annie; Lilja Björk

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI

www.annie.is • www.midi.is

**HILMIR SNÆR GUÐNASON**

**ÉG ER MÍN EIGIN KONA**

**UPPSELT Á ALLAR SÝNINGAR Í OKTÓBER.**

**SÝNINGAR Í NÓVEMBER:**

fös.	4.11	aukasýning - laus sæti
lau.	5.11	uppselt
sun.	6.11	uppselt
fim.	10.11	uppselt
fös.	11.11	uppselt
lau.	12.11	uppselt
sun.	13.11	uppselt
fim.	17.11	uppselt
fös.	18.11	uppselt
lau.	19.11	uppselt
sun.	20.11	laus sæti
fim.	24.11	laus sæti
fös.	25.11	laus sæti
lau.	26.11	uppselt
sun.	27.11	laus sæti

Ath. Sala miða á sýningar í desember hafrin.

Nánari upplýsingar og miðasala á [www.midi.is](http://www.midi.is) og í síma: 562 9700  
Sýnt í lönó kl. 20

**Landsbankinn**

Landsbankinn er stoltur bakhjál sýningarinnar.



# Að vera eða ekki vera... Da Vinci lykillinn?

## [ BÓKMENNTIR ]

### UMFJÖLLUN

Það fór ekkert of mikið fyrir skáldsögunni *Sirkelens ende* eftir norska rithöfundinn Tom Egeland þegar hún kom út í Noregi árið 2001. Nú er hún hins vegar heldur betur á milli tannanna á fólki vegna þess að innihald hennar þykir um margt minna á hina gróðarlegu vinsælu bók Dan Brown um *Da Vinci lykillinn*. Það sem hefur vakið sérstaka athygli á bók Egelands er að hann skrifaði hana tveimur árum áður en Dan Brown gaf út metsölubók sína.

### Tveir albinóar og Jesús

Það er vissulega rétt að bækurnar eiga ýmislegt sameiginlegt en þó er einnig margt sem greinir þær hvora frá annarri. Aðalpersóna norsku bókarrinnar, fornleifafræðingurinn Björn Beltó, er albinói en í *Da Vinci lyklinum* fékk morðingjamunkurinn Silas það hlutskipti. Báðar sækja þessar bækur svo hugmyndir í bókina *The Holy Blood and the Holy Grail* eftir Michael Baigent, Richard Leigh og Henry Lincoln.

Ráðgátur þeirra eru keyrðar áfram á kenningum um að Jesús hafi ekki dáið á krossinum. Höfundarnir vinna báðir með þá hugmynd að Kristur hafi flúið til Frakklands og gengið þar að eiga Maríu Magdalenu og aukid þar kyn sitt. Afkomendur Jesús fyrirfinnast því enn og koma við sögu í báðum bókum.

Þetta eru helstu snertifletirnir og þessi skyldleiki vekur vissulega upp áhugaverðar spurningar. Þeir sem hafa skemmt sér við lestur *Da Vinci lykilsins* geta því varla stillt sig um að kynna sér efnistöð Egelands.

Bækurnar eru þó í raun mjög ólíkar og Egeland sjálfur fer ekki í graf götur með það í eftirmála sínum að hann hafi upphalega séð fyrir sér æsispennandi sögu „með útsendum frá Vatikaninu, hræðilegum morðingjum, skotbardögum og æsilegum eltingarlekjum.“ Þetta varð þó ekki raunin þar sem aðalpersónan stríddi gegn þessu þannig að Við enda hringsins er ekki aðeins saga um leynireglur, afkomendur Krists og flókin samsæri, heldur fyrst og fremst saga eins manns, Björns Beltó.

### Leynardómur í gullskríni

Við enda hringsins hefst á því að heimsfrægur og virtur fornleifafræðingur sem fengið hefur leyfi til að grafa upp klaustur í Noregi stingur af með gullskríni sem finnst við uppgröftinn. Norski fornleifafræðingurinn Björn Beltó hafði verið ráðinn til þess að hafa eftirlit með uppgröftinum. Hann sættir sig ekki við þjófnadinn og



VIÐ ENDA HRINGSINS

HÖF: TOM EGELAND  
ÚTG: JPV

**NIÐURSTAÐA:** Við enda hringsins er áhugaverð og spennandi saga manns sem þarf að glíma við sjálfan sig, fortíð sína og umhverfi um leið og hann reynir að leysa flókna ráðgátu.

endurheimtir skrínið. Þá upphfest mikill eltingarleikur þar sem þeir sem stóðu á bak við uppgröftinn virðast svífast einskis til þess að koma höndum aftur yfir skrínið. Björn leggst því á flótta en reynir um leið að ráða gátuna um innihald skrinsins. Flest bendir til þess að þar sé handrit af orðsendingum Jesús Krists. Sannleikur sem gæti kollvarpað hugmyndum manna um kristindóminn og kippt stöðunum undan vestrænni siðmenningu.

### Glæpasaga án glæps

Egeland lýsir bók sinni sem „glæpasögu án glæps“ og það má til sanns vegar færa. Hér hláðast líkin ekki upp og framvindan er öll afslappaðri en í *Da Vinci lyklinum*. Það ber líka að hafa það í huga að í grunninn er *Da Vinci lykillinn* nauðaómerkileg og dæmigerð spennusaga. Þegar búið er að strípa hana allri tákfræðinni og kristinni dulúð stendur eftir saga með jafn mikið skáldskapargildi og *The Bourne Identity* eftir Robert Ludlum.

Við enda hringsins er því hvergi nærri jafn spennandi og *Da Vinci lykillinn*. Maður flettir henni ekki jafn hratt en Brown byggir bók sína þannig upp að í lok hvers kafla er óhjákvæmilegt annað en að halda áfram að lesa. Við enda hringsins er hins vegar dýpra verk en *Da Vinci lykillinn* og hún skilur meira eftir sig. Það er ekki síst fyrir tilstilli aðalpersónunnar Björns Beltó en hann er miklu margbrotnari og áhugaverðari persóna en Robert Langdon í *Da Vinci lyklinum*. Langdon er marflatur og þrautleidinlegur og hefur þann tilgang einan að

leiða lesandann í gegnum magnaða spennusöguna. Belto er hins vegar maður af holdi og blóði sem glímir við þunglyndi, vænisýki, og hefur liðið fyrir ytra útlit allt sitt líf. Þá tengjast leyndardómur gullskrinsins og fólkið sem kemur að öllu leynimakkinu honum beint og ráðgátan getur þannig einnig falið svör við áleitnum spurningum sem hafa ásótt hann síðan í æsku.

### Glima manns við sjálfan sig

Þetta er aðalspennuvaldur *Við enda hringsins* og áhugi og umhyggja fyrir Birni knýr lesandann áfram. Leynardómurinn um blóð Krists er umgjörðin sem vekur vissulega einnig upp áhuga og spurningar, rétt eins og hjá Dan Brown. Skrínið sjálft er einfaldlega það sem Alfred Hitchcock kallaði „McGuffin“. Bara eitthvað dót sem allir vilja komast yfir og keyrir atburðarásina áfram. Þessi staðreynd og ákvörðun Egelands að byggja sögu Björns Beltó upp sem dæmigerða spennusögu án glæps verður til þess að sagan kemur lesandanum spánkt fyrir sjónir. Maður hefur það stundum á tilfinningunni að eitthvað vanti - að það sé verið að snúa mann.

Þetta er þó alls ekki tilfellið og *Við enda hringsins* er áhugaverð og spennandi saga manns sem þarf að glíma við sjálfan sig, fortíð sína og umhverfi um leið og hann reynir að leysa flókna ráðgátu. Þetta er sem sagt bók sem á ýmislegt sameiginlegt með *Da Vinci lyklinum* en er þó alls ekki *Da Vinci lykillinn*.

### Skáldskapur sem vekur upp forvitni

Við enda hringsins hefur samt sviðuð áhrif á lesandann og *Da Vinci lykillinn* og gæti alveg fengið fólk til að horfa á ótal heimildarþætti um Jesús og Maríu Magdalenu, sækja námskeið í kristinni dulúð bókarrinnar hjá séra Þórhalli Heimissyni og svo mætti lengi telja.

Efnið er áhugavert í sjálfu sér en það verður að segja Egeland það til hróss að hann gerir upp við það í eftirmála og áréttar að allt sé þetta byggt á ósönnuðum kenningum og jafnvel heilaspuna. Það er eitthvað annað en Dan Brown sem klæðir skáldskap sinn í vísindalegan búning þannig að lesendur trúu öllu sem hann ber á borð fyrir þá og eru farnir að sjá menn breytast í konur í málverkum *Da Vincis*. Það að láta sér detta í hug að *Da Vinci lykillinn* sé eitthvað annað en skáldskapur er auðvitað jafn galið og að halda að Frederick Forsyth hafi verið að skrifa nákvæmar skýrslur í Degi Sjakalans og Odessa skjölunum þó hann hafi byggt á sögulegum staðreyndum og blandað saman raunveruleika og skáldskap.

Þóririnn Þóririnnsson

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



Haut tilboð fyrir 8 manns og fl.

### Haut veisla

Misosúpa með grænmeti og sesam  
Sushi - Maru: 10 bitar sushi og maki  
Rétt verð kr. 2.950 Tilboð kr. 2.650.-  
að viðbættri heitri súkkulaðiköku  
Tilboð kr. 3.450.-



restaurant • bar • take-away  
Aðalstræti 12 • Sími: 511 4440  
www.maru.is • maru@maru.is



## HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur  
eftir Árna Ibsen

## AUKASÝNING Í KVÖLD ÖRFÁ SÆTI LAUS



Mibápatanir í síma 555 2222 og á miðla

# Tónleikum frestað

Af óviðráðanlegum orsökum hafa tónleikar DAVIDS GERINGAS sem fyrirhugaðir voru í kvöld verið færðir til 10. NÓVEMBER.

Við vonum að þetta valdi áskrifendum og öðrum tónleikagestum ekki óþægindum. Áskriftarskríteini og stakir miðar sem gefnir hafa verið út á tónleikana með dagsetningunni 20. OKTÓBER gilda nú á tónleikana 10. NÓVEMBER. Frekari upplýsingar eru veittar í miðasölu, í síma 545 2500.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS  
SÍMI 545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS



Tónleikurinn  
**BÍTL**  
Fimmtudag 27/10 LAUS SÆTI  
Föstudag 28/10 NOKKUR SÆTI  
Föstudag 11/11 LAUS SÆTI

“Frábær skemmtun!”  
Landsbankinn  
KASTALINN  
552 3000

„Reykjavíkurborg á að vera í fremstu röð með lægstu fasteignagjöldin á landinu samhliða aðhaldi í útgjöldum borgarinnar.“  
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

**Þorbjörg Helga**

Borgin okkar  
- gjöldin mín

4. sæti

Kosningaskrifstofan er að Suðurlandsbraut 24 | Opnunartími er á virkum dögum 16-21 og um helgar 13-18 | Sími: 517-2230 | Netfang: studningsmenn@thorbjorg.is | Veffang: www.thorbjorg.is





„No, Mr. Bond.  
I expect you to die.“

-Skúrurinn Goldfinger gerir ekki miklar kröfur til James Bond þegar Bond telur standa til að pynta sig til sagna.

## bíó

bio@frettabladid.is

## Rómantík fyrir stráka

Rithöfundurinn Nick Hornby er mörgum kvikmyndaáhugamönnum að góðu kunnur. Þrjár skáldsögur hans hafa ratað á hvíta tjaldidið með góðum árangri. Warner Bros. undirbýr nú gerð kvikmyndar eftir A Long Way Down og Columbia Pictures hefur keypt réttinn að How to Be Good.

Kvikmyndaferill Hornby hófst árið 1997 þegar falast var eftir réttinum til að gera mynd eftir bók hans Fever Pitch. Rithöfundurinn skrifaði sjálfur handritið að myndinni sem fjallar um Paul Ashworth, forfallinn áhgangandi Arsenal. Bókin var að hluta til byggð á ævi Hornby en hann á ársmiða á heimaleiki Arsenal. Kvikmyndin naut gríðarlega vinsælda en hún skartaði Colin Firth í aðalhlutverki. Hún fékk góðar viðtökur gagnrýnenda og Hornby var sagður skrifa „rómantík handa strákum“. Myndin hefur nú verið endurgerð að bandarískri fyrirmynd.

Næsta mynd hans var ekki síður vinsæl. Þá var bók hans High Fidelity heimfærð upp á Banda-

rikin. Mikill fjöldi stórleikara kom við sögu en meðal þeirra voru John Cusack, Tim Robbins og Catherine Zeta Jones. Myndin sagði frá plötubúðaeigandanum Rob sem hafði það fyrir venju að setja saman topplista. Skipti engu hvort það voru plötur eða lög við hin og þessi tækifæri. Þegar kærastan ákveður að fara frá honum ákveður Rob að setja saman topp fimm bestu stelpurnar sem hann hefur hætt með.

Þriðja myndin er kannski sú sem varð hvað frægust. About a Boy segir frá Will sem lifir á auði föður síns en hann hafði samið eitt lag sem varð gríðarlega vinsælt. Kynni hans við lítinn strák kenna honum að vaxa loksins úr grasi. Hugh Grant fór á kostum í aðalhlutverkinu ásamt Toni Collette.

Það sem bækur Hornby eiga sameiginlegt er að þær lýsa yfirleitt þroskaferli stráka á mjög óvenjulegan hátt. Hvort sem það er fótbolti, plötur eða forn frægð feðranna tekst þeim að rísa upp og verða að betri manneskjum.



NICK HORNBY Strákabókmenntir eiga hug hans allan og hafa þrjár bækur hans ratað á hvíta tjaldidið.

### > Ekki missa af ...

... Wallace og Gromit og vígakáninunni. Þrælskemmtilegri og spennandi mynd um viðureign leirbrúðanna Wallace og Gromit við illvíga kanínu. Myndin hefur fengið þrýðilega dóma og þykir hin besta fjölskylduskemmtun.



### FRUMSÝNDAR UM HELGINA



**Fever Pitch**  
Internet Movie Database 6,5 / 10  
Rottentomatoes.com Fersk / 63 %  
Metacritic 6,2 / 10

#### DOOM

Par sem um heimsfrumsýningu er að ræða eru ekki komnir neindir dómar.



**AFRICA UNITED**  
Internet Movie Database 7,0 / 10

## Danskt þema á Októberfest

Þema kvikmyndaáttíðarinnar Októberfest, sem hefst þann 26. október, verður danskar kvikmyndir. Opnunarmyndin verður Drabet sem nýlega vann kvikmynda-verðlaun Norðurlandaráðs sem besta mynd ársins. Leikstjórnin Per Fly verður viðstaddur sýningu myndarinnar ásamt framleiðanda og einum handritshöfundum myndarinnar. Per Fly fékk nýlega menningarverðlaun sem Friðrik krónprins Dana og Mary krónprinsessa afhentu í fyrsta skipti. Dómnafndarmenn rökstuddu val sitt með þeim orðum að Mordíð væri stórfengleg norræn kvikmynd sem fjallar um sígildar spurningar á nútíma tungumáli og eigin forsendum.

Auk þess verður sérstakur Danmerkuflokkur á hátíðinni þar sem sjö nýjar danskar myndir verða sýndar. Á meðal þeirra eru Pusher II og III, barnamyndin Fakiren fra Bilbao og Adams æbler sem var opnunarmynd Alþjóðlegru kvikmyndaáttíðar-



PER FLY Danski leikstjórnin Per Fly kemur hingað til lands á næstunni.

innar í Reykjavík fyrir skömmu.

Miðasala á Októberfest hefst næstkomandi laugardag í verslun Skífunnar á Laugavegi og á íceland-filmfestival.is.



DREW OG JIMMY Hinum mögnuðu Bambino-álögum var aflétt meðan á tókum stóð. Myndin er gerð eftir skáldsögu Nicks Hornby og er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1997.

## Álögnum snúið við

Fyrir átta árum út kom myndin Fever Pitch með Colin Firth í aðalhlutverki. Þá var söguviðið Highbury og Arsenal. Paul Ashworth var forfallinn áhgangandi Arsenal og átti erfitt með að deila lífi sínu með ellefu mönnum og einni konu.

Að þessu sinni hefur sagan verið flutt til Boston og söguhetjan er forfallinn aðdáandi hafnaboltaliðsins Boston Red Sox. Það eru Farrelly-bræðurnir sem eru mennirnir á bak við þessa endurgerð en þeir eru frægir fyrir vitleysingamyndir sínar eins og There's something about Mary og Dumb & Dumber. Að þessu sinni hafa þeir fengið Drew Barrymore og Jimmy Fallon til að túlka aðalpersónurnar tvær, grunnskólakennarann Ben Wrightman og vinnuálfur Lindsey Meeks.

Þótt myndin líti ekki út fyrir

að vera merkilegur pappír í fyrstu þá er hún engu að síður söguleg. Fyrir 89 árum seldu Boston Red Sox sjálfan Babe Ruth til New York Yankees. Eftir það lögðust álög á liðið sem voru kölluð Bambino-álögin í höfuðið á hafnaboltspilaranum. Þeim hafði því ekki tekist að vinna titilinn en höfðu margoft komist ansi nálægt því þegar tókur hófust. Þegar á gerð myndarinnar leið varð þó ljóst að liðið væri á leiðinni í úrslit. Það byrjaði ekki gæfulega og tapaði fyrstu þremur leikjunum gegn St. Louis. Engu að síður neyddust kvikmyndagerðarmennirnir til að breyta öllu handritinu. Þeir ferðuðust með liðinu en allir voru skíthráðir um að hafa áhrif á liðið vegna hjátrúarinnar. Red Sox tókst að snúa einvíginu sér í hag og sigra.

## Africa United komin heim

Heimildarkvikmyndin Africa United verður frumsýnd á föstudaginn. Henni er leikstýrt af Ólafi Jóhannessyni sem gerir hana í samstarfi við Ragnar Santos og bróður sinn, Benedikt Jóhannesson. Myndin hefur verið á miklu ferðalagi að undanförunni og var meðal annars sýnd á Yamagata-hátíðinni þar sem hún var aðsóknarmesta myndin auk þess sem hún tók þátt á Nordisk Panorama.

Africa United segir frá Marokkóbúanum Zico sem kemur til Íslands að freista gæfunnar. Eftir að hafa verið með sjálfstæð-

an rekstur í tíu ár verður hann gjaldþrota.

Í órvæntingu sinni ákveður Zico að húa saman í lið sem hann kallar Africa United. Innflytjendur frá Marokkó, Nígíríu, Kólumbíu, Serbíu, Kosovo, Gambíu og Gíneu leggja honum lið en leiðin til frægðar er grýtt. Á miðju tímabili hættir besti leikmaðurinn enda hefur liðið tapað öllum leikjum sínum. Zico gerir sér þá ferð til Englands til að fá ráð. Hann kemur heim með höfuðið fullt af hugmyndum sem vonandi eiga eftir að nýtast liðinu.



AFRICA UNITED Leikstjórn myndarinnar, Ólafur Jóhannesson, vinnur nú að heimildarmynd um stelpustráka á Filippseyjum.

## Öruggt umhverfi æskufólks

### Hádegisverðarfundur ÍSÍ

Föstudaginn 21. október heldur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hádegisverðarfund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fundarsal E.

Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis.**

- **Öruggt umhverfi æskufólks** – Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ
- **Verndum bernskuna** – Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir, verkefnisstjóri
- **Lífsstíll ungs fólks í íþróttum** – Viðar Halldórsson, lektor KHÍ

Fjöldmörg verkefni er tengjast börnum og unglíngum eru í gangi um þessar mundir. Má þar nefna **Vímuvörnnaviku** ([www.vv.is](http://www.vv.is)) og verkefnið **Verndum bernskuna** ([www.verndumbernskuna.is](http://www.verndumbernskuna.is)). Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands er samstarfsaðili beggja þessara verkefna.

Frekari upplýsingar má finna á

**www.isisport.is**

Hægt er að kaupa hádegisverð hjá **café easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar

## Full búð af nýjum útsöluvörum

**30-70% afsláttur**

## ÚTSÖLUMARKAÐUR

Faxafeni 12, 108 Reykjavík, Ópið 10-18 virka daga og 10-16 laugardaga, [www.66north.is](http://www.66north.is)





# Doom verður kvikmynd

Fyrir tólf árum setti tölvufyrirtækið id Software á markað leik sem síðar átti eftir að gjörbylta öllum tölvuleikjaheiminum. Doom var fyrsti leikurinn af gerðinni FPS eða fyrstu persónu skotleikur. Nú sáu leikmenn ekki einhverja persónu heldur upplifðu sig sjálfa sem hluta af leiknum. Vinsældir Doom voru gríðarlegar og í dag er hann enn meðal mest seldu leikja á PC-tölvur.

Nú hefur Andrzej Bartkowiak gert kvikmyndaútfærslu af þessum leik en kvikmyndir byggðar á tölvuleikjum hafa ekki alltaf heppnast vel. Bartkowiak er fæddur í Póllandi og starfaði fyrst sem tókumaður. Hann hefur leikstýrt tveimur kvikmyndum í fullri lengd, Romeo Must Die og Exit Wounds.

Meðal leikara í Doom er The Rock sem hefur á undanförunum árum verið að klífa metorðastigann í Hollywood. Dwayne Johnson, eins og þessi fyrrum glímukappi heitir réttu nafni, hefur farið aðra leið en starfsfélagi sinn Hulk Hogan og valið myndir sem ekki eru byggðar á eigin persónu. Þannig nutu The Mummy Returns og Walking Tall töluverðra vinsælda meðal yngra fólksins. Leikur hans í Be Cool vakti töluverða athygli og hann hlaut verðskuldað lof gagnrýnenda fyrir frammi-stöðu sína sem samkynhneigði dyravörðurinn Elliot Wilhelm. Skyggði The Rock á Umu Thurman og John Travolta. Frammi-staða hans í Saturday Night



**THE ROCK OG FÉLAGAR** Hasarmyndin Doom er byggð á einum vinsælasta tölvuleik sögunnar sem gerði fyrstu persónu skotleiki að því sem þeir eru í dag.

Live sýndi að leikarinn var ekki bara góður í að hnykla vöðva og brjóta bein.

# Perlman talar fyrir Conan

Leikarinn stórgerði, Ron Perlman, mun ljá persónunni Conan frá Cimmerica rödd sína fyrir teiknimyndina Conan: Red Nails sem er væntanleg næsta sumar.

Um er að ræða fyrstu teiknimyndina í fullri lengd sem fjallar um hinn goðsagnakennda stríðsmann, sem Arnold Schwarzenegger gerði ódauðlegan í tveimur kvikmyndum í byrjun níunda áratugarins.

Vonir standa til að teiknimyndin muni blása lífi í vörumerkið Conan, ásamt kvikmynd um kappann sem Warner Bros. ætlar að framleiða á næsta ári. „Þar sem þetta er fyrsta teiknimyndin í fullri lengd um Conan vonumst við til að hún verði til þess að hægt verði að koma stríðsmann-



**CONAN** Arnold Schwarzenegger fór með aðalhlutverkið í Conan: The Destroyer árið 1984. Nú á að gera teiknimynd byggða á persónunni.

inum til nýrra áhorfenda,“ sagði einn af aðstandendum myndarinnar.

Perlman, sem hefur m.a. leikið í sjónvarpsþættinum Fríða og dýrið og Hellboy, er ekki ókunnur talsetningu. Hann hefur talað inn á þó nokkra tölvuleiki upp á síðkastið, m.a. The Chronicles of Riddick: Escape From Butcher Bay, Narc og The Incredible Hulk: Ultimate Destruction.

Auk Perlman munu þau Marg Helgenberger, sem leikur Catherine Willows í CSI, James Marsden, sem leikur Cyclops í X-Men myndunum, Mark Hamill, sem lék Loga geimgengil í fyrstu Star Wars-myndunum, Clancy Brown og Cree Summer ljá persónum í myndinni raddir sínar.



**A HISTORY OF VIOLENCE** Það besta sem komið hefur frá David Cronenberg um árabil.

## SMS

### UM NÝJSTU MYNDRNAR

#### A History of Violence

A History of Violence er virkilega vönduð mynd, vel leikin og skemmtilega stílfærð. Cronenberg hefur ekki verið svona góður árum saman.

PP

#### Flightplan

Ef hlutverkavalið hefði verið aðeins vandaðra væri Flightplan ein af spennumyndum ársins en fyrir vikið aðeins skugginn af því sem hún gæti orðið.

FGG

#### The Descent

The Descent er þrusuhrollur sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Þess ber þó að geta að eitthvað er um að viðkvæmar sálir eigi erfitt með svefn eftir að hafa setið undir myndinni. Betri meðmæli getur hyllingsmynd ekki fengið.

PP

#### Cinderella Man

Óskubuskukallinn á eftir að fá sínar tilnefningar til Óskarsverðlauna. Hún á eftir að koma á óvart hjá þeim sem héldu að hún væri grenjað á gresjunni. Cinderella Man er tvímælalaust ein af betri myndum ársins, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

FGG

#### 40 Year Old Virgin

Ég ætla ekki að hefja 40 Year Old Virgin upp til skjanna og kalla hana bestu gamanmynd sumarsins. Hún nær hins vegar að laða fram bros og hlátur á réttum stöðum auk þess sem Carell gæti orðið næsta stórstjarna í bandarískum gamanleik.

FGG

#### Nochnoy dozor

Nochnoy dozor er lítið annað en töff stílfæing með smart hyllingsvafi en skilur ekkert eftir sig og er langdregin og leiðinleg á köflum.

PP

# DENNIS KYNNIR NÝJAR ÚTGÁFUR 2005

**AMPOP-My DELUSTONS**  
Þriðja plata hljómsveitarinnar Ampop var að koma í verslanir í vikunni. Fyrsta smáskífulagið, sem er jafnframt titillag plötunnar, var notað í auglýsingum frá Visa sem íslenskir biógestir ættu að kannast við frá því í sumar. Þess má geta að smáskífan verður útfengin hjá Outcast Records í Englandi sem er systurútgáfa Relentless Records en meðal annarra skjólstæðinga þeirra eru Josh Stone og KT Tunstall. Ampop spila á Iceland Airwaves hátíðinni klukkan 01.10 í Þjóðleikhúskjallaranum aðfaranótt sunnudagsins 23. október



**LIGHTS ON THE HIGHWAY**  
Hljómsveitin Lights On The Highway var stofnuð í ágúst 2003 og í upphafi þessa árs hófu þeir upptökur á sinni fyrstu plötu. Í sumar sendu fimmennigarnir frá sína fyrstu breiðskífu sem ber nafn sveitarinnar og undanfarna mánuði hafa þeir átt góðu gengi að fagna á öldum ljósvakans með lögnum Jameson's State, Long Summer Dining og Said Too Much. Lights On The Highway spila á Iceland Airwaves í Hafnarhúsinu klukkan 20.00 laugardaginn 22. október.

**HELGI VALUR-DEMISE OF FAITH**  
Helgi Valur Asgeirsson kom, sá og sigraði í Trúbadorkeppni Rásar 2 í fyrra og í framhaldi af því hófst undirbúningur fyrir fyrstu sólóplötu kappans. Um upptökustjórn sá Jón Ólafsson og útkoma er platan "Demise Of Faith" sem var útfengin fyrr á þessu ári. Helgi Valur spilar á Airwaves í Þjóðleikhúskjallaranum klukkan 22.30 laugardagskvöldið 22. október.

**WORM IS GREEN-PUSH PLAY**  
Hljómsveitin Worm Is Green frá Akranesi sendi frá sér plötuna "Automagic" árið 2002 og var m.a. tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna, sem bjartasta vonin. Nýja platan heitir "Push Play" og inniheldur m.a. lögin The Pop Catastrophe og Electron John. Worm Is Green spila á Airwaves hátíðinni laugardaginn 22. október klukkan 21.30 á Nasa við Austurvöll og sveitin gerir í kjölfarið viðreist um sveitir landsins.

**WORM IS GREEN-AUTOMAGIC**  
Vorur einnig að fá nýtt upplag af fyrstu plötu Worm Is Green, "Automagic".

Allar þessar plötur eru fáanlegar á Airwaves tilboði í verslunum Skifunnar á aðeins 1.999 kr.










> fátt vekur betur ...  
...en gott kaffi. Góðar moka-könnur má finna víða um borg á lágu verði.

# matur&vín

maturgvin@frettabladid.is



## MATGÆÐINGURINN: RÚNAR JÚLIUSSON TÓNLISTARMAÐUR

### Agúrkur vekja slæmar minningar

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Ég borða mikið af fiski og gæti illa verið án hans.

**Fyrsta minningin um mat?** Það er heimamaturinn frá móður minni; kjötbollur, saltfiskur og gamla góða soðningin.

**Finnst þér einhver matur vondur?** Ekki sérstaklega. Ég vil reyndar síður hafa agúrkur í mat. Ég á slæmar minningar frá því ég borðaði yfir mig af agúrkum í skólaferðalagi einu sinni.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Þær eru margar góðar. Ég fékk mjög góða máltíð á Lækjarbrekku um daginn. Það var sitt lítið af hverju en svo vel matreitt að það bráðnaði allt upp í manni. Frábær matur.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Ég elda ekki mikið sjálfur, konan mín sér um það.

**Hvað borðarðu til að láta þér líða betur?** Góðan mat, þá sérstaklega ís. Ég er mikill ísmaður.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Alltaf ís.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?** Fisk og nóg af honum.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Það var skelfiskur sem mér var boðið upp á í Bandaríkjunum. Hann var steiktur lifandi og bragðaðist ágætlega. Ég gæti vel hugsað mér að bragða svoliðis aftur.



## OVIDIO: VERULEGA GOTT OG SPENNANDI

Spænska vínið Ovidio kemur frá La Mancha, héraði sem hingað til hefur fremur verið þekkt fyrir magn en gæði. Það er þó að breytast og vínið Ovidio er eitt af þeim vínunum sem hefur umpóláð álitu manna á þessu stærsta vínheraði Spánar. Vínrynjirinn Þorri Hringsson hjá tímaritinu Gestgjafanum er einn af þeim sem hefur hrifist og segir í umsögn sinni: „Verulega gott og spennandi vín sem gaman er að hafa

með kjöti, grófum og bragðmiklum pottréttum og krydduðum mat. Vínklúbbur Smakkarans.is var með spænsk vín í prófun í febrúar og þar fékk Ovidio einnig glimrandi umsögn. „Hvað er að gerast þegar hágæða vín kemur frá svæði eins og La Mancha? Aldrei hefði mér dottið í hug að það myndi nokkurn tíma gerast, hvað þá með svona góðum árangri eins og Ovidio!“

Verð í vínbúðum 1.880 kr.



## Hábítur a la Ljósvallagata

„Þegar ég vil gera mér dagamun bý ég til „brunch“, eða hábít eins og það útleggst víst á íslensku,“ segir Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Guðrún kveðst vera mikið sælkeri en gefst því miður ekki tækifæri til að elda nógu oft. „Við vinnum alltof mikið á mínu heimili, en þegar við eldum gerum við það almennilega.“ Guðrún hefur flakkað heimshornanna á milli og kynnst eldhúsi fjölmargra landa, en finnst taílenskur og japanskur matur bera af. „Ég fór meðal annars á matreiðslunámskeið þegar ég fór til Taílands, en taílenskur matur er ekki aðeins bragðgóður heldur líka oft einfaldur í matreiðslu. Þess vegna verður hann oftar en ekki fyrir valinu þegar ég tek mig til í eldhúsinu.“ Japanskur matur segir Guðrún stórfenglegur, en leggur ekki í að elda neitt sjálf nema sushi.

Ljósvallagötuuppskriftina, eins og Guðrún kallar hábítinn sinn, dregur hún fram á tyllidögum eða þegar hún er í góðu skapi um helgar. Uppistaðan er spariútgáfa af Eggs Benedict. Hefðbundin útgáfa af Eggs Benedict er með fleski eða panacetta, en til eru ýmsar útgáfur, til dæmis með þistilhjörtum, spínati, kjúklingi og kaviar. „Sumum vex kannski uppskriftin mín í augum en hún er talsvert einfaldari en hún lítur út fyrir að vera, sérstaklega ef maður svindlar með Hollandaisésösu.“

### LJÓSVALLAGÖTUBRUNCH

**Meðlæti:** grænt salat, kartöflubátar, kaffi, Mímósa, Jack Johnson og helgarblöðin.

#### „Ljósvallagötuveg“

Smjör  
Villiveppablanda  
Ferskur dvergspas  
130 gr. niðurskorinn reyktur lax  
Jarðsveppa (trufflu)olía  
4 gufusoðin egg  
2 msk edik



**GUÐRÚN DÖGG** Guðrún hefur ferðast víða og finnst taílensk og japönsk matargerð bera af. Hún eldar sér hins vegar hábít þegar hún er í góðu skapi.

2 kjallrabollur  
Hollandaisésósa  
Pípar-salt  
(Kryddjurtir)

Sveppir niðurskorin, smjörsteiktir, salt-pípar, örli til truffluolía.

Aspas snöggsóðin  
Hollandaisésósa löguð, bragðbætt með truffluolíu (uppskrift/pakkasósa).

Egg: Sjóðið vatn, saltað og edik, vatn 4 cm djúpt. Brjótið eggin eitt og eitt í bolla. Egg sett varlega í kraumandi vatnið, soðin í ca. 3 mínútur > rauðan enn linsoðin. Veidd uppúr með ausu.  
Bollur í tvennt, ristaðar. Laxasneiðar á hvern helming, 1½ msk af sveppum, fjórir aspas-

stönglar. Eitt egg ofan á og sósu síðan hellið yfir herlegheitin. Skreytt með kryddjurtum.  
Hollandaisésósa  
3 eggjarauður  
1-2 msk. ferskur sitrónusafi  
¼ tsk cayennepípar  
110 gr. smjör

Eggjarauður, sitrónusafi og cayennepípar í matvinnsluvél, blandað. Smjör brætt, blandað rólega í matvinnsluvél þar til sósan verður þykk og girnileg. Bragðbætt með truffluolíu.

**Mímósa**  
Kampavínsglas > ½ ferskur appelsínusafi og ½ freyði- eða kampavín





**Magnús**

**ÁSTARFLEYIÐ**

ÆVINTÝRIÐ HEFST 20. OKTÓBER



## Gyllta glasið veitt í fyrsta sinn

Um helgina var haldið hér á landi Norðurlandamót vínþjóna. Tíu vínþjónar, tveir frá hverju landi, tóku þátt í skriflegu prófi sem var að sögn þeirra mjög erfitt og þrjú þeirra komust í úrslit: Sören Polonius frá veitingahúsinu fræga Bon Lloc í Stokkhólmi, Björnsterne Antonsson frá Svensons Krogar í Uppsala og Dennis Rasmussen frá Le Sommelier í Kaupmannahöfn.

Í úrslitakeppni urðu þeir að sýna framúrskarandi fagmennsku, í fjórum ólíkum þáttum. Dennis Rasmussen stóð uppi sem sigurvegari, og var ákafst fagnað af samkeppendum sínum og vinnufélögum sem fylgdu honum til Íslands til að styðja við bakið á honum.

Þessi keppni, sem var haldin síðast á Íslandi árið 2000 fór nú fram á Hótel Borg á sama tíma og Vínpressuhátíð var haldin utan-



Þrjú efstu menn í Norðurlandakeppni vínþjóna: Sören Polonius, sigurvegari Dennis Rasmussen og Björnsterne Antonsson.

#### Gyllta glasið 2005:

Baron de Ley Reserva  
Beronia Tempranillo  
Campomaggio Chianti Classico  
Castillo Perelada Crianza  
Delicato Shiraz  
Dievole Rinascimento  
Escudo Rojo Baron De Rothschild  
Founders Block Cabernet Sauvignon  
Norton Malbec Reserve  
Peter Lehmann Shiraz

dyra. Verðlaunaflokkurinn átti sér svo stað á hátíðarkvöldverði á Hótel Borg, þar sem íslenski vínheimurinn hélt sína fyrstu uppskeruhátíð. Þar var veitt í fyrsta skipti

viðurkenningin „Gyllta glasið“ sem Vínþjónasamtök Íslands veita. Innflytjendur tilnefndu vín í verðflokknum 1.200 til 1.500 kr. og sáu keppendur á Norðurlandamótinu um að velja tíu bestu vínin.



# FAXE: Tveir danskir bræður á bjórhátíð

Sá þýski siður að halda bjórhátíðir í október eða októberfest hefur breiðst út og hér á landi stendur yfir þennan mánuðinn bjórhátíð í Vínbúðum. Þar fást ýmsir góðir bjórar á kynningarverði auk þess sem nálgast má fróðlegan bækling um þennan magnaða mjóð í Vínbúðum.

Faxe Royal er nýjasti meðlimur Faxe-fjölskyldunnar. Einhverjir kunna að kannast við bragðið af þessum ágæta bjór því hér er um að ræða sama bjór og hingað til hefur verið seldur undir nafninu Ceres Royal en Ceres og Faxe eru systurfyrirtæki. Þau tilheyra bæði Royal Unibrew sem er stærsti útflytjandi bjórs í Skandinavíu. Bjórinn er 5,6%



að styrkleika og hefur notið mikilla vinsælda hér á landi líkt og í nágrannalöndum okkar en nefna má að hann er vinsælasti bjórinn í Danmörku í flokki gullbjóra með áfengisinnihald frá 5 til 6,3 prósent. Faxe Royal er mildur og bragðmikill, í góðu jafnvægi, engin remma. Hið sérstaka ger sem notað er við bruggun gerir þennan bjór svolítið „vínlegan“ með miklum karakter.

Kynningarverð á bjórhátíð í Vínbúðum 179 kr. í 50 cl dós.

Faxe Amber er hátíðarbrugg sett á markað í tilfni af 100 ára afmæli Faxe-



brugghússins. Lengi vel gátu menn aðeins fengið þennan bjór af krana á dönskum veitingastöðum en hann var settur á flöskur og dósir í tilefni afmælisins. Má segja að hann hafi slegið í gegn um leið. Þetta er rauðgulbrúnn bjór með lykt af sætu og humlum sem er ekki of mikill. Bragðmeiri bjór en venjulegur lagerbjór, þægilega beiskur og fylltur án þess að vera neitt uppþrengjandi eða sætur. Bjór sem rennur ljúft og kemur á óvart fyrir þá sem eru einungis vanir hefðbundnum lager. Bestur svolítið kældur. Fyrir þá sem eru orðnir leiðir á venjulegum lagerbjór er Faxe Amber tilvalin tilbreyting! Kynningarverð á bjórhátíð í Vínbúðum 149 kr. í 50 cl dós.

## VEITINGASTAÐURINN

### HÓTEL VALHÖLL PINGVÖLLUM



### Heldur fast í mann

**Hvernig er stemningin?** Hótel Valhöll hefur breyst í heimkynni rómantíkur númer eitt. Allar vistarverur eru unaðsfagar og blátt áfram keleríslegt að setjast með kokkteil í dúnmjúka sófana umkringdum enn mýkri púðum og flóktandi kertaluktum í barstofunni, fyrir og eftir nauðlega matarupplifun eldhússins þar sem setið er við fallega uppdekkðu borð í dýrindis söllum og horft út um gluggann á íðilfagra náttúruna við Þingvallavatn. Þetta er staður sem heldur svo fast í mann að erfitt er að fara og kveðja um sinn.

**Matseðillinn:** Í ljósi staðsetningar Hótel Valhallar kemur ekki á óvart að megináhersla er lögð á íslenskt hráefni og afurðir. Bleikja og murta er oft á boðstólum og villtir sveppir, hundasúrur og blóðberg algengt meðlæti. Þá setur villibráð sterkan svip á matseðilinn sérstaklega um þessar mundir þegar veiðitímabilið stendur sem hæst.

**Vinsælast:** Óvænt þriggja rétta máltíð nýtur langmestra vinsælda. Rétturinn samanstendur af blönduðum forrétti, aðalrétti og eftirrétti. Gestirnir leggja máltíðina í hendur kokksins sem velur það besta saman í eina máltíð. Réttur dagsins: Í hádeginu er lögð áhersla á léttan mat og er alltaf boðið upp á fisk og súpu dagsins á hóflegu verði.

**FRESCHETTA**

Þú kaupir  
**Freschetta Roma**  
og  
**FRESCHETTA**

**hvítlauksbrauð**  
fylgir með **frítt**

2 Garlic Pizza bread

**netto**



## Fyrsta plata Regínu Óskar

Fyrsta plata Regínu Óskar er komin út og ber hún einfaldlega nafn söngkonunnar. Regína hefur verið áberandi undanfarin misseri í íslensku tónlistarlífi sem bakródd fyrir aðra söngvara og hljómsveitir, þar á meðal í Evróvisionkeppninni.

Grunnurinn að þessari plötu var lagður fyrir tveimur árum þegar Regína sendi frá sér sína útgáfu á lagi Jóhanns G. Jóhannssonar, Don't Try To Fool Me, við miklar vinsældir. Í fyrra tók Regína síðan upp á sína arma lagið Sail On eftir Jóhann Helgason.

Auk nokkurra tökulaga er á plötunni m.a. eitt lag eftir



REGÍNA ÓSK Söngkonan Regína Ósk er að gefa út sína fyrstu plötu.

Ragnheiði Gröndal auk lags eftir Regínu og félagar hennar í hljómsveitinni Nova sem hún starfaði með um tíma.

Það er Sena sem gefur Regínu Ósk út.

## Iceland Airwaves 05 komin út

Safnplatan Iceland Airwaves 05, með lögum eftir 20 hljómsveitir og tónlistarmenn sem koma fram á tónlistarháttíðinni, er komin út.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 2001 sem aðstandendur Iceland Airwaves gefa út safnplötu í tengslum við háttíðina. Alls eru tuttugu lög á plötunni. Á meðal þeirra sem eiga þar lag eru The Zutons, (International) Noise Conspiracy, Rass, Mitchell Brothers, Hjálmar, Daníel Ágúst, Architecture in Helsinki, Jeff Who? og Gus Gus.

Platan ber keim af þeirri alþjóðlegri stöðu sem háttíðin hefur náð, enda hafa aldrei fleiri erlendir listamenn komið fram á háttíðinni og í ár, eða hátt í þrjátíu. Listamennirnir á plötunni koma frá ýmsum löndum



THE MITCHELL BROTHERS Rapparamir í The Mitchell Brothers eiga lag á safnplötunni Iceland Airwaves 05.

en meirihlutinn, eða tæplega helmingurinn, er frá íslenskum flytjendum. Platan er gefin út í takmörkuðu upplagi og verður seld í Upplýsingamiðstöð Airwaves (Airwaves Information Centre), sem í ár verður staðsett í Hressingarskálanum við Austurstræti, á völdum tónleikastöðum og í plötuverslunum Reykjavíkur.

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000  
FRÉTTABLAÐIÐ



Wild Sushi from land and sea

### Villibráðadagar á Maru

Misosúpa með villisveppum og blóðbergi

Dáðýra nigiri

Maki með gæsabringu og rjómaosti

Hrefnukjöt „tataki“ með wasaby eða hrefnu nigiri

Porsk Sashimi „new style“

Verð kr. 5.300.-



restaurant • bar • take-away  
Aðalstræti 12 • Sími: 511 4440  
www.marus-maru@marus.is

# Raunveruleikabættir sem fólk vill sjá

Íslendingar hafa verið iðnir við að þýða raunveruleikabætti frá Bandaríkjunum. Nægir þar að nefna Idol-stjörnuleit og Allt í drasli og nú síðast The Bachelor og Ástarfleyið. Það er enginn skortur á þáttakendum en þeir eru mishæfir og stundum er hæfileikaleysi þeirra mesta skemmtunin. FÓLKI finnst að sjónvarpsframleiðendur eigi að bretta upp ermarnar og fá til liðs við sig stjórnurnar sem eru vanar því að standa fyrir framan tökuvélar. Þetta eru gullin tækifæri sem mega ekki fara til spillis.

## EINFALT LÍF

Fólk er orðið þreytt á að öllum skuli vera sama um alvöru vinnu. Ungu fólk vill ekki starfa í fiskvinnslu né láta sjá sig skúra. Það dreymir um frægð og frama, peninga og völd. Simple Life þáttaröðin með Nicole Richie og Paris Hilton sýndi, svo ekki verður um villst, að það unga fólk vill skortir alla verklega kennslu.

Fyrirsæturnar Chloe Ophelia og Ósk Norðfjörð eru verðugir arftakar þeirra. Hver vill ekki sjá þessar glæsimeyjar þeysast um Ísland á glæsibifreið, sækja um vinnu í sjávarplássum, fara á sveitarböll eða jafnvel vinna í fjósi? Engar lúxusvörur, engin kreditkort, bara kraftur og þor reykviskra stúlkna. Þær gætu eflaust kennt landbyggðarfólkinu hvernig eigi að klæða

sig og hvaða snyrtivörur eru skyldueign.

Þegar allt kemur til alls yrði Einfalt Líf umfram allt mannlegur og hjartnæmur þáttur um allt sem skiptir öllu og engu máli.



## HIN NÝGIFTU

Jessica Simpson og Nick Lachey. Britney Spears og Kevin Federline. Svanhildur Hólm og Logi Bergmann. Þetta er svo borðliggjandi að það er hálfótrúlegt að ekki enn hafa orðið af þessu. Hver vill ekki skyggast inn í líf sjónvarpsstjarna sem eru skjánum alla daga vikunnar og stíga svo á stökk með við nsælustu hljómsveit landsins á NASA um helgar. Líf sem meðaljónar og jónur látum okkur aðeins dreyma um. Matarboð með frægum vinum þeirra eins og Ingu Lind Karlsdóttur og Gísla Marteinu. Hver vildi ekki vera fluga á vegg? Þá má ekki gleyma þáttaliðnum „Logi fer í golf“. Hápunktinum er náð þegar Logi afhjúpar afmælisgjöfina til sinnar heitt elskuðu sem hann er búinn að safna fyrir lengi. Það dregur ekki úr spennu þáttanna að þau vinna á sama stað. „Truflar það sambandið eða styrkir þetta þau enn frekar?“

Magnað drama þar sem einstakur húmor Loga og ákveðni Svanhildar blandast saman á skemmtilegan hátt.

## THE BO'S

Ef einhver fjölskylda verðskuldar að hafa tökulið heima hjá sér þá er það stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson og co. Svala og Krummi eru smám saman að vaxa undan ægishjálmi föður síns og eru auk þess litríkar týpur. Þátturinn yrði mun skemmtilegri en The Osbournes þar sem Björgvin er ekki jafn málhatur og Ozzy. Bo man örugglega líka eftir öllum ævintýrunum og kann endalausar sögur úr bransanum og af sjálfum sér. Frábært atriði þegar Bubbi kæmi í heimsókn og þeir myndu sættast...fyrir framan myndarvélararnar með tilheyrandi englasöng. Fastagestir á heimili The Bo's væru Mínusliðar en hljómsveitin ætti ekki erfitt með að halda eins og eitt gott teiti. Gunní Þórðar og Maggi Kjartans kæmu og legðu á ráðin um endurkomu Sléttuúlfanna. Við erum sannfærð um að velgengni The Bo's yrði slík að útflutningur á honum myndi hefjast innan skamms.



## LÆRLINGURINN

Viðskiptajöfurinn Donald Trump sannaði með The Apprentice hversu snjall hann er. Þættirnir njóta sífellt meiri vinsælda og sprenglært fólk streymir að svo það geti sannað sig fyrir hártoppnum. Trump er þó bara smápeð miðað við sníld Björgólfs Guðmundssonar sem hrökklaðist úr landi en sneri aftur með þvílíkum hvelli. Björgólfur tæki þátt Trump og bakaði hann. Ekki er nóg með að karlinn sé vel stæður (svo ekki sé meira sagt) heldur ber hann með sér mun meiri þokka en sá bandaríski og er auk þess alltaf flottur í tainu. Skiptir engu hvort hann sé að kaupa Landsbankann eða skipta um rúðu í aðalútbúinu niðri á Austurstræti. Það er ekki spurning að sjálfsruggir verðbréfamiðlarar og viðskiptamenntaðir stúdentar myndu flykkjast í inntökupróf. Það eina sem vantar er Björgólfs-turninn en það er varla vandamál að redda því.



*Kaupauki*  
fylgir hverri OROBLU vöru

**OROBLU**

Kynning á nýju vetrartískunni frá OROBLU í dag í Lyfjaval, Mjódd kl. 14-18.

Lyfjaval APÓTEK



## Hundur rekinn úr löggunni

Enginn kemst upp með slugs og slór í bresku lögreglunni og á það greinilega bæði við um menn og máleysisgjafa því þýski fjárhundurinn Buster hefur verið leystur frá störfum sökum áhugaleysis.

Buster hefur verið í lögreglunni í



South-Yorkshire til halds og trausts undanfarið hálf ár. Fram til þessa hefur hann sýnt lítinn metnað til að hafa hendur í hári glæpamanna. Hann á það aftur á móti til að vingast við óstýrláta drykkjuríta og sníkja af þeim franskar kartöflur.

Buster, sem er tveggja ára gamall, þótti lofa góðu á sínum tíma í æfingabúðum en framtakssemi hans fór smám saman minnkandi þar til svo var komið að lögreglu-yfirvöld töldu betur komið fyrir honum á öðrum vettvangi. „Hann er algjörlega áhugalaus þegar kemur að lögreglustörfum en er sennilega dásamlegt gæludýr,“ segir fyrrverandi umsjónarmaður hundsins. Buster hefur verið komið fyrir á sveitabæ skammt frá Sheffield og líkar vistaskiptin víst vel.

## Meðlimir Dimmu á nýrri plötu Bruce

Þrjú meðlimir hljómsveitarinnar Dimma ásamt Pétri Ern Guðmunds-syni úr Dúndurfréttum spila undir á nýjustu plötu Michael Bruce, sem var aðallagahöfundur og gítarleikari hljómsveitarinnar Alice Cooper á áttunda áratugnum.

Samdi Bruce meðal annars lögin No More Mr. Nice Guy, School's Out, Billion Dollar Babies og I'm Eighteen, sem Cooper söng á tónleikum sínum í Kaplakrika í sumar.

Platan nefnist The Second Coming of Michael Bruce og inniheldur sautján óútgefnar upptökur frá tónleikum hans hér á landi fyrir nokkrum árum auk nýlegra hljóðversupptakna. Á plötunni spilar Bruce öll sín þekktustu lög sem hann samdi með Cooper auk laga frá sólóferli sínum og nýrra laga

sem hafa aldrei áður komið út opinberlega. „Hann kom 2002 og 2003 og við spiluðum saman á tvennum tónleikum á Gauknum og í Sjallanum. Síðan fórum við líka í stúdíó og tókum upp,“ segir Ingó. „Við kynntumst '96 eða '97 og þetta samstarf er búið að vinda mikið upp á sig síðan þá,“ segir hann.

Auk þess að spila á plötunni stjórnðu bræðurnir Ingó og Silli upptökum á plötunni og sáu um hljóðblöndun líkt og þeir gerðu á síðustu plötu Bruce, Halo of Ice, sem kom út um allan heim fyrir fjórum árum við góðar undirtektir. Umslag The Second Coming Of Michael Bruce er prýtt blýants-teikningum eftir Ingó Geirdal auk þess sem Dennis Dunaway, bassaleikari og stofnandi Alice Cooper-



DIMMA Þrjú meðlimir hljómsveitarinnar Dimmu spila á nýrri plötu Michael Bruce.

sveitarinnar skrifar inngangsorð um gerð plötunnar. Báðar plöturnar með Michael Bruce og íslenskum fylgisveinum hans fást í versluninni 2001.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenski raunveruleikabátturinn Ástarfleyið hefur göngu sína á sjónvarpsstöðinni Sirkus í kvöld. Þá verða þeir fjöruftu einstaklingar sem komust áfram af þeim 500 sem sóttu um kynntir til sögunnar. Einnig verður Marmaris á Tyrklandi kynnt og spjallað við þá fjórtán sem fá að fara til Tyrklands, sjö stráka og sjö stelpur.

Áýmsu hefur gengið við upptökur þáttarins því í síðustu viku fjallaði tyrkneska sjónvarpið um Íslendingana og þáttinn. Ku þetta vera í fyrsta sinn sem þáttur sem þessi er tekinn upp þar í landi. Þegar hafa verið tekin viðtöl við



marga keppendur og alla umsjónarmenn þáttarins á staðnum.

Merkilegast fannst Tyrkjunum hve keppendurnir voru reiðubúnir til að finna sér lífsförunaut á snekkjunni. Fékk þátturinn mikla umfjöllun í tyrkneska sjónvarpinu og í dagblöðum í framhaldinu.

Okkur fannst svolítið skritið hvernig þeir spurðu okkur í byrjun,“ sagði stúlka á þritugsaldri sem tekur þátt í Ástarfleyinu. Að sögn þeirra sem lentu í spurningaflóðinu virtust Tyrkir ekki vera sérlega kunnugir raunveruleikabáttum sem þessum. Á meðan þættirnir hafa flætt yfir vestrænt sjónvarp undanfarin ár eru því greinilega enn til lönd sem kannast lítið við þessa tegund sjónvarps, þótt ótrúlegt megi virðast.



Ýmislegt á eftir að koma í ljós í Ástarfleyinu, sem leikarinn Valdimar Örn Flygenring mun stýra af mikilli röggsemi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á til að mynda einn þátttakandi eftir að falla út þar sem hann var með nam-

ibískt vegabréf á sér. Því miður tókst stjórnendum þáttarins ekki að leysa það vandamál og því varð keppandinn að sigla sína leið.

Eins og svo oft hefur gerst í erlendum raunveruleikabáttum, eins og til að mynda í Survivor, á ástin eftir að blómstra um borð í Ástarfleyinu. Nokkur þor eiga eftir að myndast og meðal annars eiga fleiri en ein stelpa

eftir að verða hrifin af sama stráknunum. Vonandi á Valdimar Örn þó eftir að hafa fulla stjórn á keppendum og láta þá ekki fleygja hver öðrum fyrir borð ofan í hlýjan tyrkneskan sjóinn.



# Ný sending af ferðatöskum

Ferðataska á hjólum, h 71cm

Gott verð  
5.999 kr

- Efni: Extra slitsterkt 1200D polyester
- 3 rennd hólf að framan
- 1 renndur vasi að innan
- 1 rennt hólf á baki
- Hengilás
- Extra sterk skater hjól sem þola álag

Ferðataska á hjólum, h 61cm

Gott verð  
4.999 kr



Ferðataska á hjólum, h 51cm

Gott verð  
3.999 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita  
Fór beint á toppinn í USA  
Sá besti í bransanum er mættur aftur!

**TRANSPORTER 2**

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára

**Bewitched**  
GÖLDROTT GAMANMYND  
Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára

**RED EYE**  
HÖRKU SPENNUTRILLIS FRÁ WEB CRAYVEN  
LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDARNA  
Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára

**STEALTH**  
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.40 B.i. 14 ára

**LAVAGIRL 3D**  
Sýnd kl. 3.40 Miðaverð 450 kr. Sýnd kl. 4 í þrívídd

Dolby Digital SDDS IFCX BÍÓ.IS – allt á einum stað

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

**HISTORY OF VIOLENCE**  
Sýnd kl. 6, 8.15 og 10.20 B.i. 16 ára

**Bewitched**  
GÖLDROTT GAMANMYND!  
Sýnd kl. 8

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

**NIGHT WATCH**  
Sýnd kl. 8 og 10.20 B.i. 16 ára

**STEALTH**  
Sýnd kl. 5.30, og 10.15 B.i. 14 ára

**DEUCE BIGALOW**  
EUROPEAN EIGIÐ  
Sýnd kl. 6 og 10 B.i. 14 ára

**Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.**  
Sýnd kl. 6

Stealth	kl. 5.45 (síðustu sýningar)
Red Eye	kl. 6 (síðustu sýningar)
Transporter II	kl. 8 og 10
A History of Violence	kl. 8 og 10

Borgarbió

ENGINN SLEPPUR LIFANDI **DOOM** HEIMSFRUMSÝND Á MORGUN - ÞARA LÚXUS SÍMI 551 2075

**HISTORY OF VIOLENCE**  
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:10 kl. 16 ára

**BÖLVUN VÍKARANNUNNAR**  
Sýnd kl. 4 og 6 m/ísl. tali

**THE DESCENT**  
Sýnd kl. 6, 8, 10 og 11 kl. 16 ára

**Óskar & Jósetla**  
Sýnd kl. 4 m/íslensku tali Miðaverð 450 kr.

www.laugarasbio.is

# Fjöldi aukalaga á afmælisútgáfum

Plötur Bubba Morthens, Ísbjarnarblús og Kona, hafa verið endurútgefnar í viðhafnarútgáfum. 25 ár eru liðin síðan fyrsta plata Bubba, Ísbjarnarblús, kom út og 20 ár eru liðin frá útgáfu Konu. Báðar þessar plötur hafa verið taldar til bestu verka Bubba, enda hafa þær selst mjög vel í gegnum tíðina. Til að mynda er talið að Ísbjarnarblús hafi selst í tæplega

30 þúsund eintökum. Umbúðir beggja platananna eru veglegri en áður auk þess sem þær hafa gengið í gegnum endurbætta hljóðvinnslu og hljóma þær því betur en nokkru sinni fyrr. Að auki verður fjöldi aukalaga á plötunum. Á afmælisútgáfu Ísbjarnarblúss eru níu upptökur sem voru ekki á fyrri plötunni. Um er að ræða fimm lög sem voru

tekin upp á tónleikum fyrir útgáfu plötunnar. Tvö þeirra eru lög sem Bubbi hefur aldrei áður gefið út á plötu. Á meðal annarra tónleikalaga má nefna frumflutning lagsins Stál og hnífur sem var tekið upp á tónleikum á vegum Vísnavina í Norræna húsinu hausti 1979. Hin fjögur aukalögin eru ónotaðar tölur frá upptökum plötunnar. Sjó aukalög er að finna á

viðhafnarútgáfu Konu. Tvö þeirra eru prufuupptökur sem hafa aldrei áður komið út en fjögur hinna eru frá afmælistónleikum Bubba árið 1986. Ein ónotuð hljóðveruþtaka er einnig á plötunni. Hún er úr laginu Seinasta augnablikið en þar heyrst óheyrta erindi sem var ekki á upphaflegu plötunni.



PER FLY Dansk leikstjóri Per Fly kemur hingað til lands á næstunni.

## Danskt þema

Þema kvikmyndahátíðarinnar Októberbíófest, sem hefst þann 26. október, verður danskur kvikmyndir. Opnunarmyndin verður Drabet sem nýlega vann kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs sem besta mynd ársins. Leikstjóri Per Fly verður viðstaddur sýningu myndarinnar ásamt framleiðanda og einum handritshöfundum myndarinnar. Per Fly fékk nýlega menningarverðlaun sem Friðrik krónprins Dana og Mary krónprinsessa afhentu í fyrsta skipti. Dómnefndarmenn rökstuddu val sitt með þeim orðum að Morðið væri stórfengleg norræn kvikmynd sem fjallar um sígildar spurningar á nútíma tungumáli og eigin forsendum.

Auk þess verður sérstakur Danmerkurflokkur á hátíðinni þar sem sjö nýjar danskur myndir verða sýndar. Á meðal þeirra eru Pusher II og III, barnamyndin Fakiren fra Bilbao og Adams æbler sem var opnunarmynd Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík fyrir skömmu.

Miðasala á Októberbíófest hefst næstkomandi laugardag í verslun Skífunnar á Laugavegi og á íceland-filmfestival.is.



Á TÓNLEIKUM Bubbi Morthens á tónleikum fyrir um það bil 25 árum. Plötur hans Ísbjarnarblús og Kona hafa verið gefnar út í viðhafnarútgáfum.

ENGINN SLEPPUR LIFANDI

**DOOM**

HEIMSFRUMSÝND Á MORGUN

VILTU MIDA? Sendu JA DOOM á 1900. Þú getur unnið miða fyrir 2 o.m.t. 99kr SMSÍ

LAUGARAS BÍÓ Borgarbió



**HÁDEGISBÍÓ** 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STARSTA EYKIMYNDAHÚS LANDSINS • HÁKADÖRGI • S. 530 1119 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
FLIGHTPLAN KL. 6-8-15-10.30 B.I. 12	FLIGHTPLAN KL. 8	TRANSPORTER 2 KL. 6-8-10.10 B.I. 16
FLIGHTPLAN VIP KL. 3.45-6-8-15-10.30 KL. 4-6	THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8	FLIGHTPLAN KL. 8-10.10 B.I. 12
WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 4-6	WALLACE & GROMIT ísl. tal	WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 6
WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 6-8-15-10.30	MUST LOVE DOGS KL. 8-10.10	MUST LOVE DOGS KL. 5.45-8
CINDERELLA MAN KL. 5-8-10.50 B.I. 14	SKY HIGH KL. 8-10.10	SKY HIGH kl. 5.45
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 5.30-8-10.30		
GOAL KL. 8.15-10.30		
VALIANT ísl. tal KL. 3.40		
SKY HIGH KL. 3.50		
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.45		

**AKUREYRI**

FLIGHTPLAN KL. 8-10
CINDERELLA MAN KL. 10
GOAL KL. 8

**BÍODAGAR NORRÆNA HÚSSINS**

HAWAII OSLO KL. 8
-------------------

FRÁBOD SKEMMTUN **SAMBÍÓIN**

ALFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 530 0800 AKUREYRI 661 6666 KEFLAVÍK 621 1170

## FÓLK Í FRÉTTUM

Jennifer Aniston hefur lýst því yfir að hana langi til þess að setjast í leikstjórastólinn. „Mig langar virkilega til þess að leikstýra. Ég átti að leikstýra einum þætti af Vinum en það gerðist ekki vegna þess að ég var að leika í The Good Girl á sama tíma. Ég veit ekki af hverju ég gerði það ekki seinna en mig langar þó ennþá að leikstýra. Það er draumurinn minn,“ sagði hún.



Lucy Liu hefur bæst í hóp þeirra sem fallið hafa fyrir stórborginni London. Hún leitar nú að íbúð í borginni. Meðal þeirra sem nýlega hafa lýst yfir ást á borginni er leikkonan Scarlett Johansson. Lucy Liu hyggst flytja til Lundúna fyrir áramót.



Sharon Stone opnaði nýlega nýja Louis Vuitton-búð í París. Það sem kom fólki hins vegar á óvart var að hún var í frakka og nakin innan undir. „Hún var ekki í neinu undir frakkanum. Eins og flassari!“ sagði vitni. Þetta minnti suma á fræga atriðið í myndinni Basic Instinct þar sem hún var ekki í neinum nærbuxum undir pilsinu.



Jessica Alba hrífst af sönnum herraönnum. Hún vill að menn opni fyrir sér dyr og þess háttar en telur slíka gæðinga vera sjaldgæfa nú til dags. Hún er nú að hitta mann að nafni Cash Warren og segir það hafa heillað hana hversu mikill herraaður hann væri. „Hann er gáfaður og ber virðingu fyrir mér. Menn ættu að koma svona fram við konur. Ég fíla það þegar menn opna dyr og bjóðast til þess að borga,“ segir hún hrifin.



Antonio Banderas hefur fengið stjörnu á frægðargangstéttinni í Hollywood. „Þetta er mikill heiður og forréttindi. Mér finnst ótrúlegt að ég hafi komið til þessa lands og þessarar borgar fyrir sextán árum með gjörsamlega enga peninga í vösum,“ sagði hann þakklátur.







### Féllu um 22 sæti

Á nýjasta styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, sem gefinn var út í gær, var íslenska landsliðið í 92. sæti. Þegar fráfarandi þjálfarar, Ásgeir Sigurvinsson og Logi Ólafsson, tóku við þá var Ísland í 70. sæti þannig að þeir skila liðinu 22 sætum neðar á listanum.

**sport**  
sport@frettabladid.is

### GUNNLAUGUR JÓNSSON FARINN FRÁ ÍA: VALDI AÐ FARA TIL KR

## Ögrandi verkefni að spila fyrir KR

Gunnlaugur Jónsson, sem verið hefur fyrirliði ÍA í Landsbankadeild karla undanfarin ár, skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR. Nokkur félög, einkum Fylkir og Valur, sóttust eftir því að fá Gunnlaug til sín en hann ákvað að lokum að velja KR.

„Ég velti því lengi fyrir mér hvað ég ætti að gera. Ég mat það þannig að það væri best fyrir mig fara í KR. Mér list vel á þjálfarann, Teit Þórðarsson, og held að ég eigi eftir að bæta mig töluvert sem knattspyrnumaður. Þetta er að mínu mati réttur tímamunktur fyrir mig að breyta og til og yfirgefa ÍA. Það spilaði svolítið inn í að ég hef keyrt á milli Reykjavíkur og Akraness síðustu sex árin og núna ákvað ég að breyta til

og er bjartsýnn á gott gengi KR á næstu leiktíð.“

Jónas Kristinnsson, stjórnarformaður KR-sports, var að vonum ánægður með að vera búinn að fá Gunnlaug til KR. „Það tók nokkra daga að ganga frá þessum samningi. Við ætlum okkur að byggja upp gott lið í kringum sterka einstaklinga sem við fáum til liðsins og svo uppaldar stráka

úr KR. Teitur vill fara þessa leið og ég er sannfærður um að KR eigi eftir að njóta góðs af því í framtíðinni. Ég held að Dalíbor Pauletic og Gunnlaugur Jónsson geti myndað eitt sterkasta miðvarðapar landsins.“

Gunnlaugur hefur leikið meira en 149 deildarleiki fyrir ÍA en að auki hefur hann verið á mála hjá Motherwell í Skotlandi, Uerdingen í Þýskalandi, Örebro í Svíþjóð og Kongsvinger í Noregi.




### > Loksins, loksins...

... samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins skrifar Sigurður Jónsson undir samning sem aðalþjálfari Grindvíkinga í dag en þessi ráðning hefur legið í loftinu í marga daga. Það er loksins komið að undirskrift.

### > Heyrst hefur...

... að Grétar Sigfinnur Sigurðsson sé ekkert að deyja úr spennu aftur að ingi yfir því að fara til Víkings eftir Magnús Gylfason var ráðinn þjálfari þar á bæ en Magnús ku víst hafa verið spennari fyrir því að fá Tryggva Bjarnason til KR en Grétar á síðasta ári.



### VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum  
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

#### DHL-deild karla:

HAUKAR-ÍBV 41-32

#### DHL-deild kvenna:

HK-STJARNAN 31-35  
FRAM-HAUKAR 18-29

#### Iceland Express-deild kvk:

GRINDAVÍK-BREIÐABLIK 91-48  
KEFLAVÍK-KR 105-25

#### Hópbílabíkar karla:

VALUR-SNÆFELL 76-101

## Stórsigur hjá Chelsea

Leikmenn Chelsea fóru á kostum enn eina ferðina í gær þegar spænska liðið Real Betis kom í heimsókn í Meistaradeildinni.

**FÓTBOLTI** Chelsea og Liverpool eru í úrvalsstöðu í G-riðli Meistaradeildar Evrópu eftir góða sigra í gær. Chelsea lagði Real Betis á heimavelli, 4-0, og á sama tíma sigraði Liverpool lið Anderlecht í Belgíu, 0-1. Eftir þrjár umferðir sitja ensku félögin því á toppi riðilsins með 7 stig en Betis kemur í því þriðja með 3 stig. Anderlecht er síðan á botninum án stiga.

Chelsea byrjaði leikinn í gær ekkert sérstaklega vel og Betis hafði skapað sér nokkur ágæt færi þegar einn leikmaður félagsins gaf slaka sendingu, Chelsea komst í milli, brunaði í skyndisókn og Droghba refsaði með góðu marki. Eftir fyrsta markið var aldrei spurning hvort liðið færi með sigur af hólmi. Lærisveinar Mourinhos héldu áfram að þjarma að Spánverjunum og skoruðu þrjú góð mörk áður en yfir lauk.

Djibril Cisse heldur áfram að blómstra í mótlatinu hjá



DIDIER DROGBA Skoraði fyrsta mark Chelsea í gær og fór síðan meiddur af leikvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Liverpool en hann tryggði liðinu sinn annan sigur í röð í gær gegn Anderlecht í Belgíu. Markið kom í fyrri hálfleik og eftir það varð liðið vel og Anderlecht tapaði þar með sínum tíunda leik í röð í keppninni.

Stuðningsmenn Real Madrid fengu í magann þegar Roar

Strand kom Rosenborg yfir gegn spænska risanum í gær. Madrid lét mark Strands ekki koma sér úr jafnvægi og skoraði fjögur frábær mörk. Þar af komu tvo frá Englendingunum Jonathan Woodgate og David Beckham en mark Woodgates var hans fyrsta fyrir félagið.

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

#### Meistaradeild Evrópu:

E-RÍÐILL:		
AC MILAN-PSV EINDHOVEN		0-0
FENERBAHCE-SCHALKE		3-3
Luciano, Marcio, Appiah - Lincoln 2, Kuranyi		
F-RÍÐILL:		
LYON-OLYMPIAKOS		2-1
Pernambucano, Govou - Kafes		
REAL MADRID-ROSENBORG		4-1
Woodgate, Raul, Helguera, Beckham - Strand		
G-RÍÐILL:		
ANDERLECHT-LIVERPOOL		0-1
- Cisse.		
CHELSEA-REAL BETIS		4-0
Drogba, Carvalho, Cole, Crespo.		
H-RÍÐILL:		
PORTO-INTER		2-0
Materazzi (sjm), McCarthy		
RANGERS-ARTMEDIA		0-0

### HÚSEIGN

Fasteignamiðlun

Guðmundur St. Ragnarsson - löggildur fasteignasali



### STRANDGATA 32 – HAFNARFIRÐI

187,5 fm. • 4-5 herb. sérhæð **37,900.000,-**

Stórglæsileg íbúð í hjarta Hafnarfjarðar. Um er að ræða glæsilega 4 herbergja íbúð með sér stúðloftbúð á sama stigapalli. Falleg og snyrtileg sameign//Steinflisar á forstofu góðir skápar// Steinflisar halda áfram inn í eldhús, sem er opið, glæsileg kirsuberjainnrétting, virkilega fallegt eldhús// Eikarparket er á gólfum í stofu og borðstofu, sem eru mjög rúmgóðar og bjartar, innbyggðir ofnar í íbúðinni. //Baðherbergi er stórglæsilegt, flisalagt í hólfi og gólf. Auka stúðloftbúð fylgir eigninni sem er á sama stigapalli, eldhús, bað og opið rými. Íbúðin er öll hin vandaðasta, þar sem ekki hefur verið sparað við endurnýjun á hæðinni. Allar nánari upplýsingar um eignina veitir Baldvin Ómar Magnússon í síma 898-1177 eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100.

**OPIÐ HÚS MILLI KL. 17 OG 18**

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109  
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. - fim. 10-18 • Föstud. 10-17

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



SPURNINGAÞÁTTURINN  
**SPARK**

HEFST  
21. okt.

### Splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta, fótbolta og meiri fótbolta.

SPARK er óhefðbundinn spurningaþáttur um fótbolta sem stjórnað er af

**Stefáni Pálssyni** sem jafnframt er höfundur spurninga.

Honum til aðstoðar er stuðboltinn **Þórhallur Dan**, knattspyrnukappi með meiru.

Frumstýndur á **SKJÁEINUM** og Enska Boltanum 21. október, kl. 20.00.



SKJÁREINN

Endursýndur á Enska Boltanum: Laugardaga kl. 22.30 • Sunnudaga kl. 22.30 • Föstudaga kl. 19.30




# Forhlustun

## alla helgina á tonlist.is


### Sálin hans Jóns míns Undir þínum áhrifum

Glæný plata frá Sálinni sem í þetta sinn leitar öðru fremur til uppruna síns. Platan var að miklu leyti unnin í Danmörku í sumar og geymir meðal annarra lögin Tíminn og við, Aldrei liðið betur, Þú færð bros og Undir þínum áhrifum. Platan kemur í verslanir mánudaginn 24. október.



Einstakt tækifæri fyrir alla til að hlusta á 2 magnaðar plötur áður en þær koma út!

Alla helgina á tonlist.is!



### Robbie Williams Intensive Care

Ofurtöfvarinn Robbie Williams er mættur aftur með nýja plötu sem ber nafnið Intensive Care. Platan inniheldur meðal annarra lagið Tripping sem hefur notið gríðarlegra vinsælda á síðastliðnum vikum.

Platan kemur í verslanir mánudaginn 24. október.



# Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ 6.690 þ.

BMW 745i - Hlaðinn lúxusvagn.  
333 hó - 6,3 sek. 0/100km.  
Nýskr. 01.2002 4400cc,  
4 dyra, sjsk., ekinn 14 þ.



→ 2.990 þ.

BMW 120d - 7,9 sek 0/100 km  
163 hó - Dísel. Eyðsla 5,7 ltr/100.  
Nýskr. 04.2005 2000cc,  
5 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.



→ 2.490 þ.

HYUNDAI TUCSON  
Nýskr. 11.2004 2700cc,  
5 dyra, sjsk., ekinn 25 þ.



→ 2.590 þ.

ISUZU CREW CAP LS  
Nýskr. 08.2004, 2500 cc.  
4 dyra, sjsk., ekinn 46 þ.



→ 2.090 þ.

NISSAN X TRAIL  
Nýskr. 11.2002, 2000cc,  
5 dyra, sjsk., ekinn 34 þ.



→ 3.990 þ.

VOLVO S60  
Nýskr. 04.2005, 3000cc,  
4 dyra, sjsk., ekinn 17 þ.

bíla B&L  
land  
notaðir bílar

Grjóthálsi 1  
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18  
og lau 12-16

575 1230

Þjálfarastöðum í Landsbankadeildinni fer fækkandi með degi hverjum:

## Magnús tekur við Víkingi

**FÓTBOLTI** Magnús Gylfason var í gær ráðinn þjálfari úrvalsdeildarliðs Víkinga í knattspyrnu. Magnús tekur við starfinu af Sigurði Jónssyni, sem ákvað að framlengja ekki samning sinn við félagið þrátt fyrir að hafa náð að koma liðinu upp í efstu deild á ný eftir árs dvöl í 1. deild. Magnús, sem var rekinn frá KR um miðbik síðasta sumars en hafði árinu áður náð mjög góðum árangri með lið ÍBV í Landsbankadeildinni, skrifði undir þriggja ára samning við Víking sem er óuppsegjanlegur fyrstu tvö árin.

„Mér líst mjög vel á alla aðstöðu hér hjá Víkingum og hlakka mikið til að hefjast handa við þetta verkefni. Það er góður efniviður til staðar hjá liðinu en við ætlum að styrkja hópinn og ég er þegar byrjaður að líta í kringum mig,“ sagði Magnús í samtali við Fréttablaðið í gær. Enn fremur kvaðst Magnús ekki hafa verið í viðræðum við KSÍ um að taka við u-21 árs landsliði Íslands eins og sterkur orðrómur hafði verið um.



MAGNÚS GYLFASON Hefur samið við Víkinga til þriggja ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Magnús segist ekki eiga von á öðru en að þeir leikmenn sem lánaðir voru frá liðinu til úrvalsdeildarliða í fyrra, þeir Grétar Sigfinnur Sigurðsson, Viktor Bjarki Arnarson og Stefán Örn Arnarson, snúi aftur fyrir næsta

tímabil.

„Þessir leikmenn eru samningsbundnir Víkingi. Ég hef rætt við þá og býst ekki við öðru en að þeir virði þann samning,“ sagði Magnús.

vignir@frettabladid.is



GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON Verður væntanlega ekki í röðum Halmstad á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GUDMUNDUR SVANSSON

Halmstad mætir Herthu:

## Mörg augu á Gunnari Heiðari

**FÓTBOLTI** Fjölþögn félög í Evrópu verða með útsendara á sínum vegum til að fylgjast með landsliðsframherjanum Gunnari Heiðari Þorvaldssyni í Evrópuleik Halmstad og Herthu Berlin annað kvöld. Gunnar Heiðar, sem hefur slegið í gegn í sænsku knattspyrnunni í sumar og er markahæsti leikmaður deildarinnar þegar ein umferð er eftir, hefur verið undir smásjá stærri félaga í nokkurn tíma og eykst fjöldi áhugasamra liða á Eyjajeyjanum knáa nánast með hverjum deginum sem líður.

Í leiknum, sem fram fer í Svíþjóð á morgun, munu m.a. þýskt úrvalsdeildarlið og enskt 1. deildarlið fylgjast með honum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða félög sem hafa ekki verið nefnd áður til sögunnar en fyrir hafa tvö úrvalsdeildarlið og þrjú ensk lið augastað á Gunnari Heiðari.

- vig

## HEILDSÖLU LAGERSALA

Frábært úrval af góðum vörum



Barna og fullorðins fatnaður.

50-90% afslætti.



Golffatnaður, útivistarfatnaður, skíða og snjóbrettafatnaður, einnig mikið úrval af skóm.

Útivistarjakki  
Fótboltaskór  
Brettajakkar  
Hlaupajakkar  
Úlpur

áður 29.990-

Nú 11.900-

áður 12.990-

Nú 4.900-

áður 17.900-

Nú 7.900-

áður 8.990-

Nú 3.990-

áður 14.990-

Nú 5.990-

Opið eingöngu

Fimmtudag

20. Oktob. 14:00 til 20:00

Föstudag

21. Oktob. 14:00 til 20:00

Laugardag


22. Oktob. 10:00 til 18:00

Sunnudag

23. Oktob. 11:00 til 18:00

Mánudag

24. Oktob. 14:00 til 20:00



Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) Kópavogi

## Afrekssjóður ÍBR og SPRON auglýsir eftir umsóknum


Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) hafa gert með sér samkomulag um stöfnun sjóðs til að styrkja ungt og efnilegt íþróttafólk í íþróttafélögum í Reykjavík.

Markmið sjóðsins er að styrkja ungt og efnilegt reykvískt íþróttafólk á aldrinum 15–22 ára sem hefur hæfileika til að verða afreksfólk í íþróttum. Hægt er að sækja um styrki fyrir eftirfarandi:

- Þátttöku þjálfara í námskeiðum erlendis.
